



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir skotvöll í Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotveiðifélag Reykjav og nágrennis

Heimilisfang: Pósthólf 8485

Póstnúmer: 128

Kennitala: 440687-1809

Útgáfudagur leyfis: 4. maí 2021

Gildir: 4. maí 2021 til 4. maí 2023

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis og almennum skilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 4. maí 2021



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

kt. 440687-1809

Álfsnesi (pósthólf 8485)

vegna skotvallar á Álfsnesi, 162 R.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur barst þann 8. febrúar 2021 umsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, um starfsleyfi fyrir skotvelli á Álfsnesi, 162 R.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi. Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur, þann 5. mars 2021.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 15. febrúar 2021 sendi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulagsfulltrúa. Þann 3. mars 2021 barst umsögn frá skipulagsfulltrúa þar sem fram kemur að skipulagsfulltrúi mæli ekki með því að gefið sé út starfsleyfi lengur en til tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskýrðum um eftirfarandi þætti:

Skilyrt verði að opnunartími (heimilaður skottími) verði skertur talsvert umfram það sem er í dag, þannig að ekki eigi að hljóttast ónæði af og tekið sé fram að misbeiting á því geti varðað riftun á tímabundnu starfsleyfi

Skilyrt verði í ljósi sjónarmiða um umhverfismengun og neikvæðum áhrifum á vistkerfið að blýnotkun verði ekki heimil á þessu tímabili.

Skilyrt verði að svæðið sé vaktað með reglubundnum hætti af HER eða óháðum aðila og þá jafnframt m.t.t hljóðmengunar og opnunartíma.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.



Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis vegna skotvalla á Álfsnesi á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 10. mars 2021 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 6. apríl 2021. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis fyrir skotvöll í Álfsnesi og almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Alls bárust 127 athugasemdir á auglýsingatíma og eru það óvenju margar athugasemdir. Margar voru þær keimlíkar og gerðar sömu eða svipaðar athugasemdir, m.a. voru 92 samhljóða athugasemdir sem teknar eru saman og eru nöfn allra 92 einstaklinganna birt undir. Skipta má athugasemdum í tvo flokka, þ.e. annars vegar athugasemdir sem snúa á einhvern hátt að því að verið sé að takmarka starfsemina um of og hins vegar athugasemdir sem snúa að því á einhvern hátt að ekki ætti að leyfa starfsemina lengur. Í hvorum flokki fyrir sig komu sömu eða sambærilegar athugasemdir oft fram en einnig eru athugasemdir sem koma sjaldnar og jafnvel einungis einu sinni.

Hér að neðan fer fyrst inngangs texti HER og síðan eru samanteknar algengustu athugasemdir í hvorum flokki og svör við þeim undir stafliðum A-E. Þar fyrir neðan koma allar athugasemdir sem bárust (með skáletri til aðgreiningar) og svör við þeim, ýmist tilvísun í svarliði hér að neðan vegna algengustu athugasemda eða beint svar við öðrum athugasemdum.

Að höfðu samráði við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf hvað varðar persónuverndarsjónarmið eru athugasemdirnar birtar með nafni þess sem sendi inn eða skrifuðu undir en önnur persónugreinanleg gögn hafa verið fjarlægð vegna persónuverndarsjónarmiða.

HER hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi sbr. viðauka IV við lög nr. 7/1998 og setja starfseminni ramma í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif (mengunarvarnir, umgengni o.fl.) út frá m.a. starfseminni og staðsetningu. Skipulagsyfirköld móta skipulag og landnotkun í skipulagi sem ákvarðar á hvaða svæðum tiltekin starfsemi er heimil. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) metur í umsóknarferli hvort tiltekin starfsemi sé í samræmi við skipulag en ef ástæða er talin til er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemi sé í samræmi við skipulag, sbr. ákvæði þar um í 6. gr. rlg. nr. 550/2018. HER er ekki heimilt að gefa út starfsleyfi nema fyrir liggja jákvæð umsögn, eftir atvikum, skipulagsfulltrúa eða byggingarfulltrúa. Helstu umhverfisáhrif af starfsemi skotvalla eru hávaði, mengun vegna efna í skot og höglum og umgengni á svæðunum. Hávaði frá starfseminni hefur í för með sér ónæði fyrir nágretta og útivistarfólk og notkun á blýhöglum hefur í för með sér mengunarhættu í umhverfinu. Það er hlutverk HER að setja starfseminni mörk í starfsleyfi til að lágmarka þessi umhverfisáhrif.

Í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. febrúar 2021 kemur fram að staðsetning skotvalla í Álfsnesi var frá upphafi hugsuð til bráðabirgða. Í umsögninni kemur ennfremur fram að unnið skuli að því á gildistíma starfsleyfisins að finna framtíðarstaðsetningu fyrir starfsemi skotvalla þar sem hægt er að uppfylla skilyrði um starfsemina og lágmarka ónæði.

HER hefur skilning á mikilvægi starfseminnar til að bæta hæfni og menningu skotveiði- og skotípróttafólks. Engu að síður ber HER að fylgja ákvæðum laga og reglugerða við útgáfu starfsleyfis og á meðan hávaði frá starfseminni mælist yfir mörkum ákveðna hluta sólarhrings verður að miða opnunartíma út frá því.



Starfsemi skotvallarins hefur áhrif á ólíka hagsmunahópa. Annars vegar eru það skotveiði- og skotípróttafólk sem nýtir aðstöðu til að stunda skotæfingar. Hins vegar eru íbúar og eigendur fasteigna við Kollafjörð og á Kjalarnesi og útivistarfólk sem m.a. vill njóta kyrrðar. Hagsmunir og sjónarmið þessara hópa eru gjörólíkir og endurspeglast það í athugsemdunum. Við gerð starfsleyfisráðanna var tekið tillit til sjónarmiða beggja að því leyti sem hægt var án þess að ganga um of á sjónarmið annars hvors hópsins. Þannig er starfsemin enn heimil og þjónar það hagsmunum skotmanna en starfseminni sniðinn þrengri stakkur en áður, m.a. í ljósi niðurstaða mælinga á hávaða frá skotsvæðunum og kemur það til móts við sjónarmið íbúa og útivistarfólks. Einnig er starfsemi óheimil tvo daga í viku og sérstaka frídaga og er það til að koma til móts við kröfur um næðisdaga.

Heilbrigðiseftirlitið lét framkvæma könnun á blýhöglum í og við skotvöllina í Álfsnesi og hávaða frá starfseminni haustið 2020. Tilgangur með könnuninni var annars vegar að skoða hvort hægt væri að staðfesta tilvist blýhagla á jörðu og niður í fjöru út frá skotvöllunum og skoða hlutfall blý- og stálhagla á nokkrum sýnatökustöðum til að fá hugmynd um hvort það væri nálægt þeim hlutföllum sem skotfélögin hafa gefið upp á síðustu árum. Markmið könnunarinnar var ekki að gera heildar úttekt á mengun af völdum blýhagla eða magntaka blýhöglum eða mengun af þeirra völdum. Mun ítarlegri rannsókn þyrfti í þeim tilgangi. Hins vegar var tilgangur að gera mælingar á hávaða frá starfseminni og bera saman við gildi í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða að gefnum forsendum þar sem að reglugerðin gefur ekki viðmið fyrir þá starfsemi sem hér um ræðir. Niðurstöður könnunar á blýi staðfesti tilvist blýhagla á öllum sýnatökustöðum sem kom ekki á óvart þar sem fyrir hefur legið að blýhögl hafa verið notuð á báðum skotvöllum frá upphafi starfseminnar en könnunin staðfesti dreifingu haglanna út fyrir skotvöllina sjálfa. Einnig sýndu niðurstöður að hlutfall blýhagla var hærra en búist mátti við út frá upplýsingum frá skotfélögunum um notkun blýhagla síðustu ár. Skotfélögin hafa gefið það upp að notkun blýhagla síðust ár hafi verið undir 5% af heildarnotkun hagla og jafnvel töluvert minni en það. Búast mátti við að hlutfall blýhagla væri hærra en 5% þar sem meiri notkun var á blýhöglum á fyrstu árum starfseminnar en niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um að notkun blýhagla hafi líklega verið meiri en komið hefur fram í gögnum skotfélaganna. Ekki er hægt að túlka niðurstöðurnar á þann veg að blýhögl hafi alla tíð verið notuð til jafns við stálhögl í starfseminni og mengun sé í samræmi við það. Engu að síður þykja niðurstöður könnunar á tilvist, dreifingu og hlutfalli blýhagla gefa tilefni til þess að banna notkun blýhagla á skotvöllum til að koma í veg fyrir frekari mengun, þ.e. að náttúran njóti þarna vafans þrátt fyrir að áhrif á lífríki Kollafjarðar hafi ekki verið staðfest.

Könnun á hávaða var unnin í samræmi þær leiðbeiningar sem er að finna í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (UST) um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits (Umhverfisstofnun 2011) og mæliaðferðir sem vísað er til þar. Við val á mælistöðum var höfð hliðsjón af fyrri mælingum HER og mælt á stöðum sem áður hefur verið mælt á samræmingar. Niðurstöðurnar gefa til kynna að hávaða frá starfseminni sé yfir viðmiðunarmörkum að gefnum forsendum. Í reglugerð nr. 724/2008 er ekki að finna ákvæði eða viðmið sem eru sértæk fyrir skotvelli og gefur reglugerðin ekki leiðbeiningar um mælingar eða mat á hávaða frá starfsemi skotvalla. Sama gildir um leiðbeiningar UST og mæliaðferðir sem þar er vísað í, þar eru ekki heldur leiðbeiningar um hávaðamælingar frá starfsemi skotvalla. Ekki er heldur að finna viðmið fyrir hávaða á landbúnaðarsvæðum í reglugerðinni en helsta áhrifasvæði starfsemi skotvallarins hvað varðar hávaða er á svæði sem er skilgreint landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. HER stóð því frammi fyrir því að þurfa að ákveða hvaða viðmið skyldi horfa til við túlkun á niðurstöðum mælinga. Það var niðurstaða HER að nota viðmið fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði og þótti það vera millivegur milli þess að nota viðmið fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi á iðnaðarsvæðum, þar sem viðmið eru hærri, eða



viðmið fyrir hávaða í frístundabyggð, þar sem viðmið eru lægri, en þau viðmið komu til greina með tilliti til skilgreinar landnotkunar á afnota- og áhrifasvæði starfseminnar. Niðurstöður mælinga sýna að hávaði fer yfir viðmiðunarmörk eftir kl. 19. Því þykir rétt að takmarka opnunartíma við kl. 19.

Athugasemdir A: Athugasemdir er varða að í auglýstri tillögu að starfsleyfi sé opnunartími of þröngur, nauðsynlegt sé fyrir starfsemina að geta haft opið lengur fram á kvöldin á sumrin, a.m.k. 3 virka daga í viku, gengið lengra en meðalhóf mælir fyrir um með því að leyfa ekki starfsemi á föstudögum og eftir kl. 16 á laugardögum, ekki forsendur fyrir því. Einnig athugasemdir um að ekki sé rétt að miða við mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi við íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum og túlkun niðurstaðna á hávaðamælingum sé langt umfram meðalhófsreglu. Íþyngjandi breytingar frá fyrra leyfi.

Svör HER: Við vinnslu á tillögu að opnunartíma var horft til þess að niðurstöður hávaðamælinga HER sýna að hávaði frá starfseminni er yfir mörkum í töflu III Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, eftir kl. 19 á kvöldin þegar horft er til viðmiða fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði. Því var lagt til að starfsemi sé óheimil eftir kl. 19. Í athugasemdum er gagnrýnt að HER skuli horfa til viðmiða fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði. Að ofan er rakið hvers vegna HER ákveður að nota þetta viðmið þó það sé ekki lýsandi fyrir svæðið en HER telur það skársta kostinn með tilliti til allra hagsmunahópa, þ.e. hvorki er miðað við hæstu né lægstu mörk í töflu III. Í töflu III kemur fram að mörkin eru 50 dBA á dagtíma (07-19) og 45 dBA á kvöldin (19-23). Niðurstöðurnar hávaðamælinga eru þær að hávaði frá starfseminni mælist yfir 50 dB í nokkrum mælingum og leggur HER það til grundvallar því að heimila ekki starfsemi eftir klukkan 19. HER hefur ekki heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar. HER fær ekki séð að þessi túlkun á niðurstöðum, að gefnum ofangreindum forsendum, geti talist vera umfram meðalhófsreglu, reynt er að gæta hagsmuna allra hagsmunahópa að eins miklu leyti og það er hægt. Þar til Skotveiðifélag Reykjavíkur hefur gripið til viðeigandi aðgerða til að koma í veg fyrir að hávaði frá starfseminni fari yfir þau mörk skal starfsemin því takmörkuð.

Mælingar voru framkvæmdar á fimm stöðum þar sem mælingar hafa verið gerðar áður. Fjórir af stöðunum eru nærri húsnæði sem búið er eða dvalið í en sá fimmti á opnu svæði í hlíðum Esju til að fá hugmynd um hávaða sem útivistarfolk í hlíðum Esju býr við. Sú mæling var þó einungis til samanburðar eins og kemur fram í skýrslu um könnunina.

Í athugasemdum hefur verið komið inn á að við hávaðamælingar hafi verið skotið á velli Skotfélags Reykjavíkur (SR) en ekki á velli Skotveiðifélagsins. Það er rétt hvað varðar fjórar af sex mælingum sem fram fóru en þegar mælingar 5 og 6 fóru fram var starfsemi hafin á skotvelli Skotveiðifélagsins. Um 500 m eru á milli miðju svæðanna. Fjórir af mælistöðunum er staðsettir þannig að þeir eru nær velli SR en mælistaður í hlíðum Esju er nær velli Skotveiðifélagsins. Niðurstöður frá mælingum þegar skotið var á báðum völlum eru sambærilegar eða heldur hærrí en þegar bara var skotið af velli SR. HER telur niðurstöðurnar styðji það að hægt sé að yfirfæra niðurstöður um hávaða frá einum velli á hinn við þær aðstæður sem þarna eru, m.a. tiltölulega lítil fjarlægð á milli valla, frekar litlar varnir gegn hávaðamengun við völlum SR og engar hávaðavarnir við völlum Skotveiðifélagsins.

HER gerir sér grein fyrir að mæliaðferð sem reglugerðin um hávaða gerir ráð fyrir er ekki heppilegasta aðferðin til að mæla hávaðamengun frá skotsvæðum þar sem aðrar aðferðir gefa betri mynd af hávaðamenguninni frá þeirri starfsemi. HER telur sig þó ekki geta mælt samkvæmt þeim eða sett skilyrði skv. þeim þar sem þær hafa ekki verið innleiddar í íslenskt regluverk né er vísað til þeirra í íslensku regluverki eða leiðbeiningum byggðu á því.

Hvað varðar föstudaga og styttri tíma á laugardögum þá er horft til þess að tryggja íbúum og útivistarfólki sem verður fyrir hávaða frá starfseminni, næði frá skothvællum tvo daga í viku (föstu- og sunnudaga) auk eftirmiðdegis á laugardögum. Við ákvörðun þessa var horft til þess að



Skotveiðifélagið hefur ekki haft opið á skotvöllum á föstudögum né eftir kl. 16 á laugardögum. Ákvæði varðandi sunnudaga tekur mið af því að sunnudagar eru vinsælir útivistardagar.

Athugasemdir B: *Athugasemdir sem snúa að því að blýhögl væru heimil um allan heim, engin merki séu um skaðsemi af þeirra völdum, hvorki fugladauði né mengun umfram blýhögl liggjandi á jörðu.*

Svar HER: Blý er þungmálmur sem getur haft eitrunaráhrif í lífríki. Blý hefur t.d. verið bannað í eldsneyti. Notkun blýs er óæskileg. Þar sem til eru högl úr öðrum efnum sem hafa minni áhrif á umhverfi er að mati HER ekki ástæða til að nota blýhögl framfar á skotvöllum. Í því skyni má horfa til varúðarreglu í umhverfisrétti, að náttúran njóti vafans, og þeirri félagslegu ábyrgð sem felst í henni að verja almenning og umhverfis fyrir hugsanlegum skaða. Við þessa ákvörðun var haft til hliðsjónar að sambærileg þróun er víða í Evrópu, þ.e. verið er að þrengja að eða banna notkun blýhagla á skotvöllum líkt og kemur m.a. fram í athugasemdum Skotveiðifélagsins við tillögu að starfsleyfi en þar segir að að líklegast sé að hætt verði alfarið að nota blý innan mjög fárra ára vegna reglna Evrópusambandsins.

Athugasemdir C: *Athugasemdir við ákvæði um hreinsun á svæði félagsins flytji starfsemin eða leggist niður. Í athugasemdum er sagt að ákvæðið sé óskýrt og óútfylltur tékki á félagið.*

Svar HER: Meginregla í umhverfisrétti er mengunarbótareglan, þ.e. að sá greiði fyrir hreinsun á mengun sem hefur valdið henni. Eðlilegt er að horft sé til hennar í sambandi við útgáfu starfsleyfis fyrir mengandi starfsemi og að gerð sé krafa um að athafnasvæði starfsemi sé hreinsað af hugsanlegri mengun við brotthvarf starfseminnar. Um leið er það ljóst að ekki eru til rannsóknir eða úttekt á mengunarástandi athafnasvæðis Skotveiðifélagsins áður en félagið tók við svæðinu. Ekki verður því þó á móti mælt að högl á og út frá skotvöllum tveimur séu til komin vegna starfseminnar.

Athugasemdir D: *Athugasemdir í þessum liði varða m.a. gagnrýni á hljóðmælingar HER, mun á hljóðmælingum HER og ráðgjafafyrirtækisins Trivium sem var fengið af íbúum til hljóðmælinga, að við mælingar HER hafi verið lítil starfsemi á völlum og því gefi mælingarnar ekki rétta mynd af hávaðalaginu (skothvellir mjög snarpir), engar upplýsingar séu um vindátt, bara vinstyrk, engar upplýsingar séu um byssur sem notaðar voru, skotin sem notuð voru né var haft eftirlit með framkvæmd skyttunnar við hljóðmælinga HER. Einnig er því mótmælt að HER miði við mörk fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum.*

Svar HER: Sem fyrr segir var könnun á hávaða unnin í samræmi þær leiðbeiningar sem er að finna í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og leiðbeiningar UST um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits og mæliaðferðir sem vísað er til þar. Munur er á niðurstöðum hljóðmælinga HER og Trivium og á það sér skýringu sem er að þarna er mælt með sitthvorri aðferðinni. HER gerir sér grein fyrir að mæliaðferð sem reglugerðin um hávaða gerir ráð fyrir er ekki heppilegasta aðferðin til að mæla hávaðamengun frá skotsvæðum þar sem aðrar aðferðir gefa betri mynd af hávaðamenguninni frá þeirri starfsemi. Í ljósi þess að til er reglugerð um hávaða með viðmiðunarmörkum, hvort sem hún er fullnægjandi eða ekki, telur HER að ekki sé hægt að byggja ákvæði í starfsleyfiskilyrðum á erlendum mæliaðferðum sem ekki hafa verið innleiddir í eða vísað er til í íslenski lögjöf. Þess má geta að í eldri reglugerð um hávaða (933/1999) var vísun í að um að ef upp kæmu tilvik sem reglurnar næðu ekki yfir, skyldi velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðs væri við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna. Þessa vísun er ekki að finna í gildandi reglugerð um hávaða frá árinu 2008.

Sem fyrr sagði eru hávaðamælingar HER gerðar í samræmi við reglugerð um hávaða og leiðbeiningar UST og þær mæliaðferðir sem þar er vísað til. Til að tryggja að mælt sé við



aðstæður í samræmi við mæliaðferðirnar t.d. hvað varðar vindstyrk, þarf að ákveða mælitíma fyrirfram í ljósi veðurspár og tryggja að skyttur séu á skotvellingum til að skjóta. Ekki er hægt að fara eftir mögulegri starfsemi á völlum við ákvörðun á því hvenær mæling fer fram til þess eru óvissa of mikil um að aðstæður verði í samræmi við fyrirmæli mæliaðferðarinnar þegar starfsemi er á völlum. Í mæliaðferðunum er ekki mælt fyrir um að gera þurfi greinarmun á hvernig byssur eða skothylki eru notuð né að hafa þurfi sérstak eftirlit með framkvæmd skyttna á skotvellingum.

Í reglugerð 724/2008 um hávaða eru sett fram viðmiðunarmörk fyrir mælingar á hávaða sem fyrr segir. Í reglugerðinni er ekki að finna ákvæði eða viðmið sem eru sértæk fyrir skotvelli né ákvæði eða viðmið sem eiga við hávaðamælingar á landbúnaðarsvæðum en það er skilgreind landnotkun á því svæði þar sem mestra áhrifa gætir af starfsemi skotvallarins. Það er mat HER að ekki sé hægt að miða við mörkin sem sett eru fyrir dreifbýli né iðnaðarsvæði heldur hefur HER, í ljósi þess að engar leiðbeiningar eru í reglugerðinni eða leiðbeiningum UST, valið að miða við þau mörk sem sett eru fyrir íbúðarhúsnæði á iðbúðarsvæðum þó þau séu heldur ekki lýsandi fyrir svæðið en HER telur það réttasta kostinn með tilliti til allra hagsmunahópa, þ.e. hvorki er miðað við hæstu né lægstu mörk í reglugerðinni.

Athugasemdir E: *Í athugasemdum er einnig gagnrýnt að ekki hafi farið fram rannsóknir á mengun í jarðvegi líkt og kveðið var á um í fyrri starfsleyfi né fyrir útgáfu starfsleyfis.*

Svar HER: Engar leiðbeiningar var að finna í íslensku regluverki um viðmiðunarmörk fyrir mengaðan jarðveg fyrr en með tilkomu reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg sem tók gildi 1. janúar 2021. HER leit svo á að rannsóknir á mengun í jarðvegi á skotvellingum þjónuðu litlum tilgangi þegar ekki voru til leiðbeiningar um hvernig túlka ætti niðurstöðurnar. Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg var birt í stjórnartíðindum B hluta 29. desember 2020 og tók gildi 1. janúar 2021. HER fékk ekki tilkynningu um útgáfu hennar né bærust neinar fréttir af reglugerðinni fyrr en seint í janúar. Ljóst er að það tekur einhvern tíma að undirbúa og framkvæma mælingar og fá niðurstöður úr þeim. Því er sett krafa um mælingu innan 6 mánaða frá útgáfu nýs starfsleyfis. Í ljósi þess að nú er notkun blýhagla bönnuð er ljóst að ekki mun bætast við mengun á þeim tíma og því talin lágmarks áhætta af því að veita þennan frest..

4.1 Athugasemdir 92 einstaklinga

Mótmæli við tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Ég leyfi mér að mótmæla þeim skilyrðum sem sett eru um opnunartíma í tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllinn. Þau skilyrði fyrir leyfilegri opnun, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru allt of þröng og munu leiða til þess að starfsemi svæðisins mun líklega leggjast af með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Æfingar kunna þá að færast á óskipulögð svæði víða um borgalandið með tilheyrandi mengun, hættu og ónæði.

Meginþungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin og þá á milli kl. 18.00 og 22.00 þá daga sem opið hefur verið. Starfsemin hefur bara verið opin í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þrjúþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Í þriðja lagi er veiðitíminn nær eingöngu á haustin. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða.



Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrr en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum ekki fyrr en eftir kl. 18.00. Minnt er á að svæðið er í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði.

Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 22.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjá virku daga sem félagið hefur haft opið á sumrin.

Þann tíma má alls ekki skerða.

Í núverandi starfsleyfi er heimilt að hafa svæðið opið á sumrin alla virka daga frá kl. 10-22.00 og laugardaga frá 10-18.00 og á veturna frá 12-20.00 á virkum dögum og frá 12-18.00 á laugardögum. Í tillögum er opnunartíminn frá kl. 10-19.00 alla virka daga nema föstudaga og á laugardögum frá 10-16.00.

Með tillögunni eru í raun felldir niður 3 af fjórum tímum sem félagið getur raunverulega haft opið auk þess sem föstudagar eru felldir út og tíminn stytur á laugardögum. Engar forsendur eru til að ganga svo langt enda hafa lög og reglur ekki breyst frá gildandi starfsleyfi. Með slíkri skerðingu er gengið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Sérstakar athugasemdir eru gerðar við þau hávaðaviðmið sem notuð eru um hávaða frá svæðinu. Ekki er um að ræða íbúðarsvæði samkvæmt skipulagi, framkvæmd hávaðamælinga virðist ekki vera í samræmi við staðlaða aðferðafræði og túlkun niðurstaðna langt umfram meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Algjör forsenda er að félagið fái a.m.k. heimild til að hafa opið þrjá virka daga á sumrin til kl. 22.00 eða að lágmarki til 21.00 á kvöldin.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til greinargerðar félagsins frá 5. febrúar sl. og athugasemda félagsins.

Virðingarfyllt,

Andri Fannar Pétursson, Anton Guðmundsson, Anton Hugi Kjartansson, Arnar Darri Pétursson, Arnar Hilmarsson, Arnór Bjarki Sigurðsson, Aron Jónsson, Baldur Þór Davíðsson, Birgitta Baldvinsdóttir, Bjarki Viðarsson, Bjarni Friðriksson, Bjarni Jónsson, Björn Guðstaf Hilmarsson, Bragi Óskars, Brynjar Einarsson, Brynjar F Þórhallsson, Carl Daniel Tulinius, Dagur Ó Guðmundsson, Daníel Gíslason, Dori, Egill Mátsson, Elías Gunnarsson, Elías Elíasson, Eyþór Hauksson, Friðrik Birgisson, Gestur Runarsson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, skotveiðimaður, Guðmundur Kr. Gíslason, Guðmundur Þórir Steinþórsson, Guðni Þorri Helgason, Guðrún Hjaltalín, Gunnar Leósson, Gunnar Már Ragnarsson, Gunnbjörn Steinarsson, Gunnlaugur Jónsson, Haraldur Baldursson, Hilde B. Hundstuen, Hjalti Hrafn Pétursson, Hjálmar Ævarsson, Hjörleifur Steinarsson, Ilias K. Moustacas, Ingibjörg Jónsdóttir, Ingimundur Stefánsson, Ingólfur Björgvin Jónsson, Ingólfur Guðni Einarsson, Ingvar Þór Reynisson, Jól Hjálmarsson, Jóhann A. Kristjánsson, Jóhann Halldórsson, Jóann Helgi Stefánsson, Félagsmaður Skotreinar og Skotfélags Reykjavíkur, Jóhann Þór Hopkins, Jón Ásgeir Einarsson, Jón Garðar Þórarinsson, Félagsmaður í Skotrey, Jón Hugo Bender, Jón Karlsson, Jón Orri Magnússon, Jón Þór Þorvaldsson, Kristinn Fannar Pálsson, Kristinn Gísli Guðmundsson, Kristján Sturlaugsson, Magnús H Lárusson, Magnús Jón Sigurðsson, Ólafur Henriksen, Ólafur I Jóhannsson, Ólafur Ingi Óskarsson, Ólafur Niels Bárðarson, Ómar Haraldsson, Ómar Örn Jónsson, Óskar Óðinsson, Óskar Sigurðsson, Páll Þór Leifsson, Ragnar Már Helgason,



Ragnar Örn Ragnarsson, Rangar Ingi Danner, meðlimur, Reynir Zoëga, Sigurður Garðar, Skúli Þórðarson, Smári Hallgrímsson, Stefán Mogensen, Styrkár Hendriksson, Svafar Ragnarsson, Sæmundur Guðmunds., Theódór Þórólfsson, Timo Salsola, Viðar Örn Atlason, Viktor Emile, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson, Þorsteinn Gunnarsson, Þorsteinn Sigurjónsson, Þórir Friðriksson, Þráinn Guðmundsson, Ævar Sveinn Sveinsson.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A að ofan.

4.2 Athugasemdir íbúaráðs Kjalarnes

Umsögn íbúaráðs Kjalarness dags 11. mars 2021 um tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis vegna skotvalla á Álfsnesi.

Frá upphafi starfsemi skotæfingasvæðanna á Álfsnesi hefur hávaðamengun truflað íbúa og landeigendur í nágrenni við skotsvæðin. Þrátt fyrir kvartanir um langan tíma og dómsmál hefur engin sjáanlegur vilji borgaryfirvalda verið í þá átt að skapa sátt eða finna lausn á þessu máli. Framlenging starfsleyfis til tveggja ára bendir ekki til mikils vilja til sáttar.

Nýleg skýrsla HER um hljóðmælingar í nágrenni skotæfingasvæðanna er heldur ekki til að bera klæði á vopnin. Mikill munur er á niðurstöðum hljóðmælinga HER annarsvegar og á niðurstöðu mælinga verkfræðistofunnar Trivium sem var framkvæmd 19.10.2019 þegar skotæfingar stóðu yfir. Umræddar mælingar Trivium fékk íbúaráð Kjalarness sendar með erindi íbúa sem er í fylgiskjali með þessari umsögn. Við hljóðmælingar HER, þann 15 sept 2020, virðist sem lítil eða engin starfsemi hafa verið á æfingasvæðunum, heldur einungis verið skotið af skyttu á vegum skotfélags eftir þöntunum, engar upplýsingar um haglabyssu, skotin né eftirlit með framkvæmd skyttunnar. Ekki er heldur tilgreint hver vindáttin var, einungis að vindur hafi verið undir 5 m/s. Skothvellir eru mjög snarpir og því þarf mælitími og viðbragð hljóðmælis, þ.e.a.s. tímastilling á hljóðmæli að endurspeglar það með l stillingu annars mælist toppur hljóðsins ekki.

Íbúaráðið gagnrýnir að ekki hafi farið fram rannsókn á mengun í jarðvegi líkt og fyrri starfsleyfi kváðu á um. Í þessu nýja starfsleyfi sem er hér til umsagnar er verið að gefa 6 mánaða frest til að gera slíka rannsókn, eftir að starfsleyfið hefur verið gefið út. Með því er ábyrgðinni komið yfir á framtíðina þar sem slík rannsókn ætti að sjálfsgöðu að vera forsenda nýs starfsleyfis en ekki gerð eftirá.

Í ljósi þessa óvissuþátta sem koma fram krefjumst við þess að fenginn verði óháður aðili til að meta með HER og verkfræðistofunni Trivium þennan mikla mun sem er á þeirra mælingum.

Íbúaráð Kjalarness hafnar með öllu að nokkurt starfsleyfi verði gefið út fyrir skotæfingasvæðin á Álfsnesi vegna þessara óvissuþátta. Svör þurfa að koma fyrst og áætlun um flutning starfsemi vallanna á tilgreint svæði þar sem sátt geti ríkt.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum D og E að ofan.

4.3 Athugasemdir Róberts Smára Þórissonar.

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu að Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi 2.

Notkun á blýi og leirdúfum 2.1

Notkun blýhagla er óheimil. Blýhögl eru notuð um allan heim á skotvöllum, enda langbesta efnið í haglaskot. Engin merki eru um neina skaðsemi af völdum blý skota frá starfsemi. Enginn fugladauði, eða mengun, umfram það að blýhögl liggja á jörðinni í kringum skotsvæðið, engum til ama, hvorki dýrum, náttúru né mönnum.

Svar HER: Sjá svar við athugasemdum B að ofan.



3. Hávaðavarnir

3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfseminni við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 724/2008 um hávaða. HER hefur túlkað hugtakið íbúðarhúsnæði mjög frjálsliga. Er nóg að byggja einn sumarbústað á landi sem skilgreint er landbúnaðarsvæði til þess að öll starfsemi í nágrenninu þurfi að loka eða takmarka mjög starfsemi sína?

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4. Opnunartími athafnasvæðis

4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi: 4.1.1 Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16. Það er alger geðþóttaákvörðun HER að takmarka starfsemina umfram það sem er í reglugerð 724/2008 um hávaða. Sú reglugerð banner einungis starfsemi eftir klukkan 19. Þar stendur ekkert um að bannað sé að starfa á föstudögum eða sunnudögum, né að hætta þurfi starfsemi klukkan 16 á Laugardögum. Það er gríðarleg takmörkun á starfsemi félagsins að þurfa að hætta starfsemi klukkan 19 á virkum dögum – þannig að það er lífsspursmál fyrir starfsemina að hafa opið til 19.00 alla daga vikunnar – eins og reglugerðin leyfir. Það er mjög ósanngjarnt að beita reglugerðinni bara í “aðra áttina” til takmörkunar en nýta þá möguleika sem hún leyfir, t.d. föstudaga, Laugardaga og Sunnudaga til klukkan 19.00.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum og 10-19 á laugardögum og sunnudögum. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara. Skotreyrn hefur haldið 10-12 mót á hverju ári – svo þetta inngríp er gríðarlega alvarlegt. En með eðlilegum úrbótum á grein 4.1.1. þá er hægt að laga þetta.

Svar HER: Ekki er verið að takmarka fjölda móta. Settar eru takmarkanir á hversu mörg mót má halda þar sem skottími er rýmri en heimill opnunartími. Engar takmarkanir eru á fjölda móta sem haldin eru innan heimils opnunartíma.

4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum. Hér virðist HER aftur taka algera geðþóttaákvörðun sem á sér engan stað í lögum né reglugerðum – sérílagi ekki reglugerð 724/2008 um hávaða. Ég mótmæli slíkum geðþóttaákvörðunum einstakra starfsmanna HER. 7. Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Svar HER: Þessar takmarkanir eiga við sérstaka hátíðisdaga á vetrartíma þegar starfsemi félagsins á skotvöllunum er í lágmarki m.a. vegna birtu og veðuraðstæðna. Ekki eru settar sérstakar hömlur við starfsemi á hátíðisdögum að sumri þegar starfsemi á skotvöllunum er í hámarki. Með þessu er þeim sem verða fyrir áhrifum af starfseminni tryggt næði á ákveðnum hátíðisdögum en einnig er komið til móts við þarfir félagsmanna með því að takmarka ekki sérstaklega starfsemi á hátíðisdögum á megin starfstíma skotvallarins.

7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrir en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi. Þessi grein er fullkomnlega óskýr og í raun óútfylltur tékki á Skotreyrn um alla framtíð. HER getur ákveðið einhliða hvað slík "hreinsun á svæðinu" felur í sér – og í raun gert félagið gjaldþrota með kröfum sínum. Miðað við vinnulegið í þessum starfsleyfismálum, þá er ómögulegt fyrir félagið að átta sig á því hverslags "hreinsun" þarf að fara fram. Um er að ræða frjáls félagasamtök sem byggja á sjálfbodaliðsstarfi – og slík krafa gæti orðið gríðarlega íþyngjandi.

Svar HER: Sjá svar við athugasemdum C hér að ofan.

Almennt: Engin hávaðamæling hefur farið fram þar sem skotið hefur verið á athafnasvæði Skotreyrnar, heldur eingöngu frá athafnasvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR). HER virðist gefa sér að sömu hávaðatölur muni berast frá Skotreyrn og SR – sem er náttúrulega algerlega úr lausu lofti gripið. Vandséð er að HER hafi nokkurn grundvöll til að takmarka starfsleyfi Skotreyrnar, enda liggja engar hávaðamælingar frá starfsemi Skotreyrnar fyrir. Skotreyrn hefur um það bil 1.300 félaga sem hafa í engin önnur hús að venda með skotæfingar fyrir veiðimenn (öll önnur svæði eru eingöngu til íþróttaiðkunnar). Að láta eina eða tvær fjölskyldur með sumarbústað á Kjalarnesi og góða tengingu inn í skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar þrengja svo að starfsemi Skotreyrnar að nýtanlegur opnunartími (eftir vinnu á virkum dögum) minnki úr 4 klst (18-22) niður í eina klst (18-19) er verið að fórnar hagsmunum 1300 manns fyrir hagsmuni örfárra. Hætt er við að skotæfingar veiðimanna færist aftur út um fjöll og firnindi, námur og skörð – með ómældum öryggisvandamálum. HER hefur sjálfst viðurkennt að mjög fáar kvartanir hafi borist yfir starfsemi Skotreyrnar. Hvers vegna er þá verið að grípa til svona gríðarlega íþyngjandi aðgerða, sem í raun lama starfsemi félagsins? Þýr eitthvað annað að baki? Þessar gríðarlega íþyngjandi tillögur frá HER sem eru svo mjög fjarri fyrri starfsleyfi vekja mikla furðu. Hvað breyttist hjá HER? – fer það bara eftir því hvaða starfsmenn veljast til starfa, við hvaða skilyrði félög og fyrirtæki í borginni eiga að vinna eftir? Slíkur hringlandaháttur er algerlega óþolandi fyrir alla starfsemi. Má önnur starfsemi innan borgarinnar eiga von á því að hún verði sett á hliðina með svona breytingum, að því er virðist alveg út í loftið?

Kv Róbert Smári Þórisson

Svar HER: Sjá inngangskafla og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4.4 Athugasemdir Þóris Inga Friðrikssonar, gjaldkera Skotreyrn

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu að Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi 2.

Notkun á blýi og leirdúfum 2.1

Notkun blýhagla er óheimil. Blýhögl eru notuð um allan heim á skotvöllum, enda langbesta efnið í haglaskot. Engin merki eru um neina skaðsemi af völdum blý skota frá starfseminni. Enginn fugladauði, eða mengun, umfram það að blýhögl liggja á jörðinni í kringum skotsvæðið, engum til ama, hvorki dýrum, náttúru né mönnum.

Svar HER: Sjá svar við athugasemdum B að ofan.

3. Hávaðavarnir

3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfseminni við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 724/2008 um hávaða. HER hefur túlkað hugtakið íbúðarhúsnæði mjög frjálsllega. Er nóg að byggja einn sumarbústað á landi sem skilgreint er landbúnaðarsvæði til þess að öll starfsemi í nágrenninu þurfi að loka eða takmarka mjög starfsemi sína?



Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4. Opnunartími athafnasvæðis

4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi: 4.1.1 Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16. Það er alger geðþóttaákvörðun HER að takmarka starfsemi umfram það sem er í reglugerð 724/2008 um hávaða. Sú reglugerð bannar einungis starfsemi eftir klukkan 19. Þar stendur ekkert um að bannað sé að starfa á föstudögum eða sunnudögum, né að hætta þurfi starfsemi klukkan 16 á Laugardögum. Það er gríðarleg takmörkun á starfsemi félagsins að þurfa að hætta starfsemi klukkan 19 á virkum dögum – þannig að það er lífsspursmál fyrir starfsemi að hafa opið til 19.00 alla daga vikunnar – eins og reglugerðin leyfir. Það er mjög ósanngjarnt að beita reglugerðinni bara í “aðra áttina” til takmörkunar en nýta þá möguleika sem hún leyfir, t.d. föstudaga, Laugardaga og Sunnudaga til klukkan 19.00.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum og 10-19 á laugardögum og sunnudögum. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara. Skotreyndir haldið 10-12 mót á hverju ári – svo þetta inngríp er gríðarlega alvarlegt. En með eðlilegum úrbótum á grein 4.1.1. þá er hægt að laga þetta.

Svar HER: Ekki er verið að takmarka fjölda móta. Settar eru takmarkanir á hversu mörg mót má halda þar sem skottími er rýmri en heimill opnunartími. Engar takmarkanir eru á fjölda móta sem haldin eru innan heimils opnunartíma.

4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum. Hér virðist HER aftur taka algera geðþóttaákvörðun sem á sér engan stað í lögum né reglugerðum – sérílagi ekki reglugerð 724/2008 um hávaða. Ég mótmæli slíkum geðþóttaákvörðunum einstakra starfsmanna HER.

Svar HER: Þessar takmarkanir eiga við sérstaka hátíðisdaga á vetrartíma þegar starfsemi félagsins á skotvöllunum er í lágmarki m.a. vegna birtu og veðuraðstæðna. Ekki eru settar sérstakar hömlur við starfsemi á hátíðisdögum að sumri þegar starfsemi á skotvöllunum er í hámarki. Með þessu er þeim sem verða fyrir áhrifum af starfseminni tryggt næði á ákveðnum hátíðisdögum en einnig er komið til móts við þarfir félagsmanna með því að takmarka ekki sérstaklega starfsemi á hátíðisdögum á megin starfstíma skotvallarins.

7. Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi. Þessi grein er fullkomnlega óskýr og í raun óútfylltur tékki á Skotreynd um alla framtíð. HER getur ákveðið einhliða hvað slík “hreinsun á svæðinu” felur í sér – og í raun gert félagið gjaldþrota með kröfum sínum. Miðað við vinnulegið í þessum starfsleyfismálum, þá er ómögulegt fyrir félagið að átta sig á því hverslags “hreinsun” þarf að fara fram. Um er að ræða frjáls félagasamtök sem byggja á sjálfbodaliðsstarfi – og slík krafa gæti orðið gríðarlega íþyngjandi.

Svar HER: Sjá svar við athugasemdum C hér að ofan.



Almennt: Engin hávaðamæling hefur farið fram þar sem skotið hefur verið á athafnasvæði Skotreyrnar, heldur eingöngu frá athafnasvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR). HER virðist gefa sér að sömu hávaðatölur muni berast frá Skotreyrn og SR – sem er náttúrulega algerlega úr lausu lofti gripið. Vandséð er að HER hafi nokkurn grundvöll til að takmarka starfsleyfi Skotreyrnar, enda liggja engar hávaðamælingar frá starfsemi Skotreyrnar fyrir. Skotreyrn hefur um það bil 1.300 félaga sem hafa í engin önnur hús að venda með skotæfingar fyrir veiðimenn (öll önnur svæði eru eingungu til íþróttaiðkunnar). Að láta eina eða tvær fjölskyldur með sumarbústað á Kjalarnesi og góða tengingu inn í skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar þrengja svo að starfsemi Skotreyrnar að nýtanlegur opnunartími (eftir vinnu á virkum dögum) minnki úr 4 klst (18-22) niður í eina klst (18-19) er verið að fórnna hagsmunum 1300 manns fyrir hagsmuni örfárra. Hætt er við að skotæfingar veiðimanna færist aftur út um fjöll og firnindi, námur og skörð – með ómældum öryggisvandamálum. HER hefur sjálft viðurkennt að mjög fáar kvartanir hafi borist yfir starfsemi Skotreyrnar. Hvers vegna er þá verið að grípa til svona gríðarlega íþyngjandi aðgerða, sem í raun lama starfsemi félagsins? Þýr eitthvað annað að baki? Þessar gríðarlega íþyngjandi tillögur frá HER sem eru svo mjög fjarri fyrri starfsleyfi vekja mikla furðu. Hvað breyttist hjá HER? – fer það bara eftir því hvaða starfsmenn veljast til starfa, við hvaða skilyrði félög og fyrirtæki í borginni eiga að vinna eftir? Slikur hringlandaháttur er algerlega óþolandi fyrir alla starfsemi. Má önnur starfsemi innan borgarinnar eiga von á því að hún verði sett á hliðina með svona breytingum, að því er virðist alveg út í loftið?

*Kv. þórir Ingi Friðriksson
Gjaldkeri Skotreyrnar*

Svar HER: Sjá inngangskafla og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4.5 Athugasemdir Jóns Valgeirssonar.

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu að Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

Almennt: Engin hávaðamæling hefur farið fram þar sem skotið hefur verið á athafnasvæði Skotreyrnar, heldur eingöngu frá athafnasvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR). HER virðist gefa sér að sömu hávaðatölur muni berast frá Skotreyrn og SR – sem er náttúrulega algerlega úr lausu lofti gripið. Vandséð er að HER hafi nokkurn grundvöll til að takmarka starfsleyfi Skotreyrnar, enda liggja engar hávaðamælingar frá starfsemi Skotreyrnar fyrir. Skotreyrn hefur um það bil 1.000 félaga sem hafa í engin önnur hús að venda með skotæfingar fyrir veiðimenn (öll önnur svæði eru eingungu til íþróttaiðkunnar). Að láta eina eða tvær fjölskyldur með sumarbústað á Kjalarnesi og góða tengingu inn í skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar þrengja svo að starfsemi Skotreyrnar að nýtanlegur opnunartími (eftir vinnu á virkum dögum) minnki úr 4 klst (18-22) niður í eina klst (18-19) er verið að fórnna hagsmunum 1000 manns fyrir hagsmuni örfárra. Hætt er við að skotæfingar veiðimanna færist aftur út um fjöll og firnindi, námur og skörð – með ómældum öryggisvandamálum. HER hefur sjálft viðurkennt að mjög fáar kvartanir hafi borist yfir starfsemi Skotreyrnar. Hvers vegna er þá verið að grípa til svona gríðarlega íþyngjandi aðgerða, sem í raun lama starfsemi félagsins? Þýr eitthvað annað að baki? Þessar gríðarlega íþyngjandi tillögur frá HER sem eru svo mjög fjarri fyrri starfsleyfi vekja mikla furðu. Hvað breyttist hjá HER? – fer það bara eftir því hvaða starfsmenn veljast til starfa, við hvaða skilyrði félög og fyrirtæki í borginni eiga að vinna eftir? Slikur hringlandaháttur er algerlega óþolandi fyrir alla starfsemi. Má önnur starfsemi innan borgarinnar eiga von á því að hún verði sett á hliðina með svona breytingum, að því er virðist alveg út í loftið?



Svar HER: Sjá inngangskafla og svar við athugasemdum A hér að ofan.

Einstaka greinar:

2. Notkun á blýi og leirdúfum 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.

Blýhögl eru notuð um allan heim á skotvöllum, enda langbesta efnið í haglaskot. Engin merki eru um neina skaðsemi af völdum blý skota frá starfseminni. Enginn fugladauði, eða mengun, umfram það að blýhögl liggja á jörðinni í kringum skotsvæðið, engum til ama, hvorki dýrum, náttúru né mönnum.

Svar HER: Sjá svar við athugasemdum B að ofan.

3. Hávaðavarnir 3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfseminni við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 724/2008 um hávaða.

HER hefur túlkað hugtakið íbúðarhúsnæði mjög frjálst. Er nóg að byggja einn sumarbústað á landi sem skilgreint er landbúnaðarsvæði til þess að öll starfsemi í nágrenninu þurfi að loka eða takmarka mjög starfsemi sína?

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4. Opnunartími athafnasvæðis 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða.

Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:

4.1.1 Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.

Það er alger geðþóttaákvörðun HER að takmarka starfsemi umfram það sem er í reglugerð 724/2008 um hávaða. Sú reglugerð banner einungis starfsemi eftir klukkan 19. Þar stendur ekkert um að bannað sé að starfa á föstudögum eða sunnudögum, né að hætta þurfi starfsemi klukkan 16 á Laugardögum. Það er gríðarleg takmörkun á starfsemi félagsins að þurfa að hætta starfsemi klukkan 19 á virkum dögum – þannig að það er lífsspursmál fyrir starfsemi að hafa opið til 19.00 alla daga vikunnar – eins og reglugerðin leyfir. Það er mjög ósanngjarnt að beita reglugerðinni bara í “aðra áttina” til takmörkunar en nýta þá möguleika sem hún leyfir, t.d. föstudaga, Laugardaga og Sunnudaga til klukkan 19.00. Ef HER ætlar að halda opnunarbanni til streitu eftir klukkan 19, þá er algert lágmark að félagið fái að hafa opið til 19.00 alla daga vikunnar.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum og 10-19 á laugardögum og sunnudögum. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara. Skotreynd hefur haldið 10-12 mót á hverju ári – svo þetta inngrip er gríðarlega alvarlegt. En með eðlilegum úrbótum á grein 4.1.1. þá er hægt að laga þetta.

Svar HER: Ekki er verið að takmarka fjölda móta. Settar eru takmarkanir á hversu mörg mót má halda þar sem skottími er rýmri en heimill opnunartími. Engar takmarkanir eru á fjölda móta sem haldin eru innan heimils opnunartíma.

4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.



Hér virðist HER aftur taka algera geðþóttaákvörðun sem á sér engan stað í lögum né reglugerðum – sérílagi ekki reglugerð 724/2008 um hávaða. Ég mótmæli slíkum geðþóttaákvörðunum einstakra starfsmanna HER.

Svar HER: Þessar takmarkanir eiga við sérstaka hátíðisdaga á vetrartíma þegar starfsemi félagsins á skotvöllum er í lágmarki m.a. vegna birtu og veðuraðstæðna. Ekki eru settar sérstakar hömlur við starfsemi á hátíðisdögum að sumri þegar starfsemi á skotvöllum er í hámarki. Með þessu er þeim sem verða fyrir áhrifum af starfseminni tryggt næði á ákveðnum hátíðisdögum en einnig er komið til móts við þarfir félagsmanna með því að takamarka ekki sérstaklega starfsemi á hátíðisdögum á megin starfstíma skotvallarins.

7. Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrir en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi. Þessi grein er fullkomlega óskýr og í raun óútfyllt tækki á Skotreynd um alla framtíð. HER getur ákveðið einhliða hvað slík "hreinsun á svæðinu" felur í sér – og í raun gert félagið gjaldþrota með kröfum sínum. Miðað við vinnulagið í þessum starfsleyfismálum, þá er ómögulegt fyrir félagið að átta sig á því hverslags "hreinsun" þarf að fara fram. Um er að ræða frjáls félagasamtök sem byggja á sjálfboðaliðsstarfi – og slík krafa gæti orðið gríðarlega íþyngjandi.

Jón Valgeirsson

Svar HER: Sjá svar við athugasemdum C hér að ofan.

4.6 Athugasemdir Kristins Sveinssonar.

Það að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skuli láta mótmæli Eins mans Guðmundar Lárussinar sem rekið hefur óhróður gegn 900 manna áhugafélagi lita starfsleyfis um sókn er náttúrulega ransóknarefni. Hann einn og fjölskylda hans sem eru ekki með búsetu þarna áttu megnið af kvörtunum og hefði það að öllu eðlilegu átt að taka saman sem eina kvörtun. Það að ætla að skerða opnunartíman gerir félaginu mjög erfitt fyrir. Þar sem HER notar skilgreiningu á svæðinu eins og um íbúabyggð sé að ræða þegar svæðið er iðnaðarsvæði er eitthvað sem ég ætla rétt að vona að fari fyrir dómstóla. Það að ætla að loka svæðunum leysir engan vanda þegar þörfinn er klárlega til staðar.

Svo skal hafa það hugfast að svæðið er á öskuhaugum svo hvað er mengun og hvað er mengun Kristinn Sveinsson

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svar við athugasemdum A, B og C hér að ofan.

4.7 Athugasemdir Arons Kristins Jónssonar

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

Ég Aron Kristinn Jónsson áhugamaður um haglabyssuskotfimi mótmæli þessum vinnubrögðum HER sem eru að ganga af þessari íþrótt dauðri með offari á túlkun á starfsleyfisskilyrðum.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

2.1 Notkun blýhagla er óheimil samkvæmt HER.



Svar: Þetta blýmengunarmál hefur bara verið notað til þess að klekkja á Skotreyrn, þetta blaður allt um mengun er bara í orði en það eru engar mælingar sem styðja þetta hvorki í jörðu né lífríki á svæðinu. Það eru engin vísindi á bakvið þessar talningar á blýi vs stáli í þessum gögnum sem stuðst er við. (blý er notað um allan heim á skotvöllum og var ekki bannað í Skotreyrn og þessvegna þarf fólk ekki að vera neitt hissa á að blý sé á svæðinu).

Svar HER: Sjá inngangskafila HER og svör við athugasemdum B og C hér að ofan.

3. Hávaðavarnir

3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfseminni við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 24/72008 um hávaða.

Svar: Það má alveg gagnrýna þessar mælingar eins og þið vitið þá eru punktar þarna sem ættu ekki að vera notaðir í þessum mælingu samanber Skriðu sem keypt var af borginni með kvöðum einnig að vera að notast við mælingar úr hlíðum Esjunnar er líka frekar skrytið...

En tekið skal einnig fram að engar hljóðmælingar hafa verið gerðar fyrir Skotreyrn og þessvegna alls ekki hægt að notast við þetta...þú tekur ekki mælingar á einu svæði og ætlast svo til þess að þær gildi á hinu líka það eru bara vond vinnubrögð sem svona stofnun á ekki að stunda...

Einnig er engin skilgreind íbúðarbyggð þarna nálægt og þess vegna mjög hæpið að notast við þessa reglugerð 24/72008. HER er gjörsamlega að fara offari í sinni túlkun á þessu bara eina átt.

Svar HER: Sjá inngangskafila HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. Einnig skal tekið fram að mælingar við Skriðu/Stekk mældu jafnt áhrif við Stekk og við Skriðu.

4. Opnunartími athafnasvæðis

4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:

Svar: reglugerð nr. 724/2008 það er ekkert í þessari reglugerð sem segir til um að ekki sé leyfilegt að skjóta á föstudögum né sunnudögum eða að það sé bara leyfilegt að skjóta til 16:00 á laugardögum, þetta eru vinnubrögð sem eru HER til algjörar skammar og bara til þess gerðar að eyðileggja starfsemi félaganna á Álfsnesi og ekkert annað.

Svar HER: Sjá inngangskafila HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

Almennt

Hér er bara verið að vinna að hagsmunum fárra aðila sem hafa verið í herferð gegn þessum svæðum samanber Guðmund Lárusson og fjölskyldu sem hefur sent inn kvartanir og stundað „sóttvarnar eftirlit“ á skotsvæði Skotreyrnar til þess að geta hringt á lögregluna og ásakað okkur um brot á sóttvarnarlögum, Sem engin hafa verið.

Það er stórfurðulegt að fáir aðilar geti eyðilagt heilt skotfélag sem um 1300 félagsmenn eru í með þessum hætti.....Ég vona bara að Skotreyrn standi í lappirnar í þessu máli og láti á þetta reyna fyrir dómstólum ef þarf því HER er ekki með gott mál í höndunum að mínu mati 😊

Svar HER: Ekki er þörf á viðbrögðum HER við þessum athugasemdum.

4.8 Athugasemdir Sveins Nilsen.

Opnun á að vera frá 10:00 til 19:00 frá mánudegi til fimmtudags og frá 10 til 16 á laugardögum...



Þetta er íþrótt þótt ekki allir skilja það og það að fara að skilyrða opnun við það að hún sé á vinnuríma er algjörlega fráleitt. Ekki vill heilbrigðiseftirlitið bera ábyrgð á því að menn fara útfyrir skotsvæði að æfa sig með tilheyrandi hættu fyrir menn og dýr.

Sveinn Nilsen

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4.9 Athugasemdir Haralds Ingvasonar.

Þetta nýja starfsleyfi er úti hött

Að mega hafa bara opnun til 19:00 er ekki í lagi

Og ekki skil ég alveg afhverju er verið að taka af föstudaga.

Eins hef ég ekki alveg skilið sunnudagsbannið sem hefur verið. Mér

finnst að það mætti skjóta alla daga. Því veðrið þarna er ekki alltof gott marga daga en að sjálfsögðu ætti að vera tímarammi á þessu.

Að breyta starfsleyfinu úr 10:00-22:00 (á sumrin og 12:00-20:00 á veturnar)niðrí 10:00-19:00 og laugardaga 10:00-16:00 er ekki verið að gott.

Þá munu líklegast skotveiðimenn fara finna sér fjörur, fjöll eða einhverjar námur til að æfa sig. Sem er alls ekki sniðugt.

Þetta er mikil afturför um öryggi, þar sem menn og konur geti æft sig með sín skotvopn. Og vitað hvað þau eru með í höndunum.

Kveðja Haraldur Ingvason

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

4.10 Athugasemdir Arnþórs Reynissonar.

Þið hafið ákveðið að loka íþróttafélaginu mínu

Ég er meðlimur í Skotreynd og keppi á skotíþróttamótum í haglabyssugreinum. Þar sem ég á konu og börn eru það helst kvöld og helgar þar sem ég kemst frá að æfa mig.

Í umsögn sem send var frá félaginu var það talið banabiti starfseminnar ef að þið þrengduð enn meira að opnunartíma svo það var það sem þið ákváðuð að gera.

Það eru alltaf einhverjir sem verða á móti allri starfsemi, og þarna hafið þið látið fáa aðila þrýsta á ykkur gegn Skotvís og Skotreynd sem telur nokkur þúsund féлага. Ég skil að við verðum að hætta notkun blýhagla þótt að það hafi verið erfiður biti fyrir marga féлага.

En að koma með þessar skerðingar á opnunartíma sem var sá minnsti af þeim skotfélögum sem starfa á landinu er ekkert nema hryðjuverk á þessa starfsemi sem hefur verið byggð upp síðastliðin ár af félaginu. Ég held að það myndi heyrast í öðrum íþróttafélögum ef þau fengju aðra eins meðferð af hálfu Reykjavíkurborgar.

Það er hægt að fara leiðir sáttamiðlunar og sætta þá sem eru ósáttir og það hvet ég ykkur til að gera í þessu tilfelli, því að það er vel hægt að laga hljóðmengun sem ég tel þó stórlega ýkta í þessu tiltekna máli. Því að ég held að þið gerið ykkur ekki grein fyrir þeim verðmætum sem hafa verið lögð í þetta svæði með þrotlausri vinnu félagsmanna. Ætlið þið bara að senda þeim puttann og taka einhliða afstöðu með hinum.



Hvet ykkur til að vera skynsöm og sanngjörn á kosningarári.

*Minni á að við erum allir með kosningarétt
Arnbór Reynisson*

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum A hér að ofan. HER lokar ekki starfseminni en setur henni skilyrði í samræmi við hlutverk sitt. Það er félagsmanna að finna leiðir til að aðlaga sig nýjum skilyrðum. Ekki er efast um að félagsmenn hafa lagt mikla vinnu í svæðið, sem þó var frá upphafi hugsað til bráðabirgða, en HER hefur ekki séð né heyrt af því að nokkuð af þeirri vinnu hafi farið í að draga úr eða koma í veg fyrir hávaðamengun frá starfseminni, eins og félaginu þó ber samkvæmt starfsleyfisskilyrðum. HER tekur ekki einhliða afstöðu með „hinum“, ef það væri gert væri starfseminni lokað en það er ekki gert. HER er ekki í framboði til kosninga og tekur ekki ábendingu um kosningarár til sín.

4.11 Athugasemdir Hafliða Emils Barðasonar.

Góðan dag,

Það kemur á óvart að það sé reynt að fá skotsvæðinu lokað vegna blýmengunar, þar á auðvitað ekki að nota blý. Ég leyfi mér þó að efast um magn mengunar, það getur ekki verið mikið þar sem langstærsti meirihluti skotfólks notar stál högl. En ef mengun mælist yfir einhverjum viðmiðum, er eflaust hægt að bæta úr því.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum B og C hér að ofan.

Það væri samt bara til að bæta gráu ofan á svart að loka skotsvæðinu. Einhverjir færa sig milli skotsvæða, aðrir færa sig rétt út fyrir bæjarmörkin með leirdúfur og stál æfingaskotin og enn aðrir skjóta flöskur með blýskotum. Hið heiðarlegasta skotfólk getur verið komið út í næstu grjótnámu um leið og lokar vegna þess að fólk þarf að æfa sig fyrir veiðar. Ég vona innilega að það komi ekki til lokunar, það væri ekkert annað en ólukkuskref.

Mbk.

Meðlimur SKOTVÍS og SKOTREYN

Hafliði Emil Barðason

Svar HER: HER er ekki að loka skotvellingum. Um ástæður þess að opnunartími er þrengdur má lesa í inngangskafla HER og svörum við athugasemdum A hér að ofan. Það er félaga í Skotreyrn að aðlaga sig að breyttum opnunartíma.

4.12 Athugasemdir Hjörleifs Steinarssonar.

Góðan daginn.

*Ég vill gera athugasemdir við opnunartíma í drögum að nýju starfsleyfi til handa Skotveiðifélagi Reykjavíkur, opnunartími á að vera 10 -19 mán - fimmtud og 10 -16 laugardaga
Hjörleifur Steinarsson*

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdir A hér að ofan.

4.13 Athugasemdir Hjálmars Evarssonar.

Sælir



Vill koma á framfæri að ef verður að fyrirhuguðum skerðingum á opnunartíma Skotreynar þá er hætt við að æfingar keppnismanna og sérstaklega skotveiðimanna færast aftur í malarnámur og gryffjur í nágrenni Reykjavíkur, það væri miður að sjá það gerast og þá myndi glatast mikill árangur að halda skotæfingum á skotsvæðinu, því jú þetta er frístundaklúbbur og fyrirhugaður opnunartími er ekki nothæfur vinnandi fólki.

Eins er óhæft að æfingar fyrir skotveiðar skerðist, sem gerir mönnum erfiðara að tryggja skjótan dauða bráðarinnar.

Kveðja

Hjálmar Ævarsson

Skotveiðimaður og náttúruunnandi.

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryffjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma.

4.14 Athugasemdir Guðna Þorra Helgasonar

Góðan dag

Ég hef athugasemdir við þessa tillögu að starfsleyfinu.

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

Ég Guðni Þorri Helgason áhugamaður um haglabyssuskotfimi mótmæli þessum vinnubrögðum HER sem eru að ganga af þessari íþrótt dauðri með offari á túlkun á starfsleyfisskilyrðum.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

2.1 Notkun blýhagla er óheimil samkvæmt HER.

Svar: þetta blýmengunarmál hefur bara verið notað til þess að klekkja á Skotreyrn, þetta blaður allt um mengun er bara í orði en það eru engar mælingar sem styðja þetta hvorki í jörðu né lífríki á svæðinu. Það eru engin vísindi á bakvið þessar talningar á blýi vs stáli í þessum gögnum sem stuðst er við. (blý er notað um allan heim á skotvöllum og var ekki bannað í Skotreyrn og þessvegna þarf fólk ekki að vera neitt hissa á að blý sé á svæðinu).

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum b og C hér að ofan.

3. Hávaðavarnir

3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfsemi við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 24/72008 um hávaða.

Svar: það má alveg gagnrýna þessar mælingar eins og þið vitið þá eru punktar þarna sem ættu ekki að vera notaðir í þessum mælingu samanber Skriða sem keypt var af borginni með kvöðum einnig að vera að notast við mælingar úr hlíðum Esjunnar er líka frekar skrýtið... En tekið skal einnig fram að engar hljóðmælingar hafa verið gerðar fyrir Skotreyrn og þessvegna alls ekki hægt að notast við þetta...þú tekur ekki mælingar á einu svæði og ætlast svo til þess að þær gildi á hinu líka það eru bara vond vinnubrögð sem svona stofnun á ekki að stunda... Einnig er engin skilgreind íbúðarbyggð þarna nálægt og þess vegna mjög hæpið að notast við þessa reglugerð 24/72008. HER er gjörsamlega að fara offari í sinni túlkun á þessu bara eina átt.



Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. Einnig skal tekið fram að mælingar við Skriðu/Stekk mældu jafnt áhrif við Stekk og við Skriðu.

4. Opnunartími athafnasvæðis

4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:

Svar: reglugerð nr. 724/2008 það er ekkert í þessari reglugerð sem segir til um að ekki sé leyfilegt að skjóta á föstudögum né sunnudögum eða að það sé bara leyfilegt að skjóta til 16:00 á laugardögum, þetta eru vinnubrögð sem eru HER til algjörar skammar og bara til þess gerðar að eyðileggja starfsemi félaganna á Álfsnesi og ekkert annað.

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svar við athugasemdum A hér að ofan.

Almennt

Mér finnst vegið að áhugafólki um þessa íþrótt með þessari tillögu

Svar HER: HER telur ekki þörf á sérstökum viðbrögðum við þessari athugasemd. Höfundur er frjálst að hafa sína skoðun.

4.15 Athugasemdir Óskars Svans Erlendssonar.

Góðan dag

Ég vill mótmæla fyrirhugaðri skerðingu á leyfi Skotfélags Reykjavíkur og nágrennis til að hafa opið á þeim tímum sem félagsmenn geta stundað sína íþrótt sem er áhugamanna sport og nauðsynlegt að geta æft utan hefðbundins vinnutíma.

Við þessa skerðingu munu æfingar færast á fleyrri ósamþykktu staði og menn æfa hver í sínu horni/malargrifju. Ösfr. Sem svo sannarlega er ekki gott til almannahagsmuna og umhverfissjónarmiða.

Virðingarfyllt

Óskar Svanur Erlendsson

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryfjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma.

4.16 Athugasemdir Ásbjörns Sírnis Arnarsonar.

Daginn

Ég vil mótmæla ykkar tillögum að starfsleyfi Skotreyrnar

þessi tími hentar mér illa á virkum dögum enda flestir í vinnu til 18.00 og þetta þyrfti að vera til 21.00 hið minnsta.

kv Ásbjörn Sírnir Arnarson

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að neðan.



4.17 Athugasemdir Freys Pálssonar

Góðan daginn,

Ég geri hér með athugasemd við tillögu heilbrigðiseftirlitsins um skertan opnunartíma skotsvæðis Skotreynar frá því sem fyrr var.

Sem fjölskylduafaðir 3 barna mun það verða mér enn erfiðara að þjálfa og halda við nauðsynlegri skotfimi sem krefst við veiðar með skertum opnunartíma æfingasvæðis Skotreynar. Helgar eru gjarnan nýttar með fjölskyldunni í ferðalögum og við veiðar, og er þá eini raunhæfi möguleikinn til að þjálfa skotfimi á virkum dögum eftir vinnu.

Það að skerða opnunartímann, mun gera það afar erfitt að fyrir mig og aðra í sömu sporum að stunda æfingar. Venjulegur vinnutími er gjarnan til 16-17 á daginn, þar á eftir er kvöldmatur með fjölskyldunni og þá er möguleikinn til að fara til æfinga á Álfsnes sem er í 20 mín akstursfjarlægð frá miðbæ RVK gjarnan uppurinn. Opnunartíminn verður að vera þannig að venjulegur vinnandi fjölskyldumaður hafi möguleika til að stunda skotæfingar.

Ég vil einnig benda á að það að skerða opnunartíman frá því sem nú er er umhverfismál. Veiðimenn kappkostast við að aflifa bráð sína á sem skemmstan og mannúðlegasta og vilja ekki missa særða bráð. Og þar skiptir miklu máli að vera þökkalega fær skytta og þekkja sínar takmarkanir, það tvennt fæst einungis í gegnum reynslu við æfingar.

Einnig má nefna að öryggi við veiðar krefst vissrar grunnkunnáttu á meðferð á skotvopni og slík kunnáttu styrkist við æfingar en getur hrapast við litla meðferð. Einnig er það á skotvöllum sem fólk lærir fyrst hvernig meðhöndla eigi skotvopn með eigin höndum. Með öðrum orðum, það að æfa skotfimi reglulega minnkar líkur á slysum við veiðar.

Að lokum vil ég koma á framfæri að vera borgarbúi og veiðimaður virðist ætla að verða erfiðara og erfiðara, hér er suðvesturhornið friðað fyrir rjúpnaveiði (af óskiljanlegum ástæðum) og nú eru þessar tillögur um skertan opnunartíma skotæfingasvæðana á Álfsnesi. Þetta er vont fyrir okkur veiðimenn sem búa í borginni.

Það er mikilvægt að borgin sé fyrir alla.

Virðingarfyllt

Freyr Pálsson

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryfjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma.

4.18 Athugasemdir Kjartans Lorange.

Til þess er málið varðar,

Tillaga starfsleyfis virðist vera lituð af tilfinningum, ekki rökum né vísindalegum niðurstöðum. Að takmarka starfstíma félagsins á þann hátt sem gert er í tillögunni er til þess fallið að skerða starfsgetu félagsins og einnig möguleika félagsmanna til að sinna sínu áhugamáli.

Þessu mótmæli ég harðlega og óska eftir svörum sem staðfesta réttmæti þessarar skerðinga sem starfsemin mun verða fyrir frá fyrra starfsleyfi.



Kjartan Lorange

Félagsmaður í Skotreyn og Skotvís.

Svar HER: Sjá inngangskalfa HER og svör við athugasemdum A hér að ofan.

4.19 Athugasemdir Arnars Mús Ellertssonar.

Ég mótmæli tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Ég leyfi mér að mótmæla þeim skilyrðum sem sett eru um opnunartíma í tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllinn. Þau skilyrði fyrir leyfilegri opnun, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru allt of þröng og munu leiða til þess að starfsemi svæðisins mun líklega leggjast af með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Æfingar kunna þá að færast á óskipulögð svæði víða um borgalandið með tilheyrandi mengun, hættu og ónæði.

Mbk

Arnar Már Ellertsson

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryfjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma.

4.20 Athugasemdir Rúnars Jónssonar.

Til ykkar sem eruð aðilar máls, það er verulega niðurdrepani að það skuli vera áform um að taka aðstöðu Skotveiðifélags Reykjavíkur í Álfsnesi niður og í raun gera félagið aðstöðu laust. Það hefur átt sér stað mikil uppbygging á svæðinu undanfarin ár þar sem félagsmenn hafa lagt á sig mikla vinnu við að gera svæðið sem best úr garði. Auk þess hefur verið aðkeypt vinna fyrir stóran pening sem greiddur er með félagsgjöldum.

Það er einnig ótrúleg mismunun þegar t.d. Golfklúbbum er hyglað með mjög stórum og verðmætum landsvæðum við jaðar og jafnvel innan borgarmarkana en félag skotveiðimanna sem nýtur greinilega ekki virðingar borgarfulltrúa og annarra sem um fjalla. Við erum með okkar aðstöðu á útnesi fjarri byggð, það að þetta margar kvartanir hafi borist þá ber að hafa það í huga að þær koma nánast allar frá einum aðila.

Með virðingu

Runar Jónsson

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svar við athugasemdum A hér að ofan. HER lokar ekki starfsemi en setur henni skilyrði í samræmi við hlutverk sitt. Það er félagsmanna að finna leiðir til að aðlaga sig nýjum skilyrðum. Ekki er efast um að félagsmenn hafa lagt mikla vinnu í svæðið, sem þó var frá upphafi hugsað til bráðabirgða, en HER hefur ekki séð né heyrt af því að nokkuð af þeirri vinnu hafi farið í að draga úr eða koma í veg fyrir hávaðamengun frá starfsemi, eins og félaginu þó ber samkvæmt starfsleyfisskilyrðum. Starfsemi golfvalla er ekki starfsleyfisskyld hjá HER en öllum kvörtunum sem berast vegna ónæðis af þeirri starfsemi er sinnt eins og öðrum kvörtunum.



4.21 Athugasemdir Hjálmars Arnar Arnarsonar.

Ég Hjálmar Örn Arnarson styð þessar athugasemdir Skotreytnar varðandi tillögur ykkar að niður njörfuðu og ósanngjörnum starfsleyfis reglum.

Vona innilega að þið sjáið hversu hart er gengið að hagsmunum stórs hluta veiðimanna á Íslandi. Æfingar og fræðsla til veiðimanna skilar okkur öllum betra samfélagi og betri veiðimönnum og tala nú ekki um því mikilvæga sem æfing skotveiða manna skilar sér í færri særðum dýrum og öryggi veiðimanna.

Hér eru helstu þættir því sem við mótmælum í tillögum ykkar allir sem einn.

Mótmæli við tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Ég leyfi mér að mótmæla þeim skilyrðum sem sett eru um opnunartíma í tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllinn. Þau skilyrði fyrir leyfilegri opnun, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru allt of þröng og munu leiða til þess að starfsemi svæðisins mun líklega leggjast af með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Æfingar kunna þá að færast á óskipulögð svæði víða um borgalandið með tilheyrandi mengun, hættu og ónæði.

Meginþungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin og þá á milli kl. 18.00 og 22.00 þá daga sem opið hefur verið. Starfsemin hefur bara verið opin í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þrjúþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Í þriðja lagi er veiðitíminn nær eingöngu á haustin. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða.

Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrr en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum ekki fyrr en eftir kl. 18.00. Minnt er á að svæðið er í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði.

Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 22.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjú virku daga sem félagið hefur haft opið á sumrin.

Þann tíma má alls ekki skerða.

Í núverandi starfsleyfi er heimilt að hafa svæðið opið á sumrin alla virka daga frá kl. 10-22.00 og laugardaga frá 10-18.00 og á veturna frá 12-20.00 á virkum dögum og frá 12-18.00 á laugardögum. Í tillögum er opnunartíminn frá kl. 10-19.00 alla virka daga nema föstudaga og á laugardögum frá 10-16.00.

Með tillögunni eru í raun felldir niður 3 af fjórum tímum sem félagið getur raunverulega haft opið auk þess sem föstudagar eru felldir út og tíminn stytur á laugardögum. Engar forsendur eru til að ganga svo langt enda hafa lög og reglur ekki breyst frá gildandi starfsleyfi. Með slíkri skerðingu er gengið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.



Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryfjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma.

Sérstakar athugasemdir eru gerðar við þau hávaðaviðmið sem notuð eru um hávaða frá svæðinu. Ekki er um að ræða íbúðarsvæði samkvæmt skipulagi, framkvæmd hávaðamælinga virðist ekki vera í samræmi við staðlaða aðferðafræði og túlkun niðurstaðna langt umfram meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan.

Algjör forsenda er að félagið fái a.m.k. heimild til að hafa opið þrjá virka daga á sumrin til kl. 22.00 eða að lágmarki til 21.00 á kvöldin.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til greinargerðar félagsins frá 5. febrúar sl. og athugasemda félagsins.

Virðingarfyllt,

Hjálmar Örn Arnarson

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan.

4.22 Athugasemdir Helgu Sigurðardóttur, Kjartans Sigurðssonar og Sigurborgar Sigurðardóttur.

Við þrjú syskini, sem erum eigendur að íbúðarhúsinu Móabergi á Kjalarnesi, mótmælum eindregið að tveggja ára starfsleyfi verði veitt til Skotfélags Reykjavíkur og nágrennis í Álfsnesi. Við höfum mikið ónæði af skothvillum á sumrin og húsið er óíbúðarhæft til lengri tíma af þeim sökum. Hver vill búa í sveitinni og heyra þessa skothvelli stöðugt sumarlangt? Það er eins og að vera staddur í stríði. Barnabörnunum bregður og undrast mjög þetta ástand. Í Esjunni eru fallegar gönguleiðir og safnast þar fólk, bæði Íslendingar og ferðamenn, sér till endurnæringar. Það er mjög undarlegt að Reykjavíkurborg sýni ekki meiri tillitsemi við þennan fallega stað.

Með kveðju,

*Helga Sigurðardóttir
Kjartan Sigurðsson
Sigurborg Sigurðardóttir*

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A og D hér að ofan.

4.23 Athugasemdir Hjartar Stefánssonar.

Mótmæli við tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Ég mótmæli skerðingu á starfssemi í Álfsnesi. Reykjavíkurborg hrakti skotfélagið úr Leirdal vegna byggingu íbúðarsvæðis. Nú eiga slík rök ekki við þar sem ekki er breytt starfsemi í Álfsnesi. Því eru ekki nokkur rök fyrir þessu.



Ég leyfi mér að mótmæla þeim skilyrðum sem sett eru um opnunartíma í tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllinn. Þau skilyrði fyrir leyfilegri opnun, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru allt of þröng og munu leiða til þess að starfsemi svæðisins mun líklega leggjast af með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Æfingar kunna þá að færast á óskipulögð svæði víða um borgalandið með tilheyrandi mengun, hættu og ónæði.

Meginþungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin og þá á milli kl. 18.00 og 22.00 þá daga sem opið hefur verið. Starfsemin hefur bara verið opin í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þrjúþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Í þriðja lagi er veiðitíminn nær eingöngu á haustin. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða.

Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrr en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum ekki fyrr en eftir kl. 18.00. Minnt er á að svæðið er í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði.

Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 22.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjú virku daga sem félagið hefur haft opið á sumrin.

Þann tíma má alls ekki skerða.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til greinargerðar félagsins frá 5. febrúar sl. og athugasemda félagsins.

Virðingarfyllt,
Hjörtur Stefánsson

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryfjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma.

4.24 Athugasemdir Andra Arnar.

N.b èg bý rétt hjà svæðinu(tungu hverfi í mosó)!

Mótmæli við tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Ég leyfi mér að mótmæla þeim skilyrðum sem sett eru um opnunartíma í tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllinn. Þau skilyrði fyrir leyfilegri opnun, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru allt of þröng og munu leiða til þess að starfsemi svæðisins mun líklega leggjast af með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Æfingar kunna þá að færast á óskipulögð svæði víða um borgalandið með tilheyrandi mengun, hættu og ónæði.



Meginþungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin og þá á milli kl. 18.00 og 22.00 þá daga sem opið hefur verið. Starfsemin hefur bara verið opin í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þrjúþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Í þriðja lagi er veiðitíminn nær eingöngu á haustin. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða.

Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrr en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum ekki fyrr en eftir kl. 18.00. Minnt er á að svæðið er í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði.

Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 22.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjú virku daga sem félagið hefur haft opið á sumrin.

Þann tíma má alls ekki skerða.

Í núverandi starfsleyfi er heimilt að hafa svæðið opið á sumrin alla virka daga frá kl. 10-22.00 og laugardaga frá 10-18.00 og á veturna frá 12-20.00 á virkum dögum og frá 12-18.00 á laugardögum. Í tillögum er opnunartíminn frá kl. 10-19.00 alla virka daga nema föstudaga og á laugardögum frá 10-16.00.

Með tillögunni eru í raun felldir niður 3 af fjórum tímum sem félagið getur raunverulega haft opið auk þess sem föstudagar eru felldir út og tíminn styttr á laugardögum. Engar forsendur eru til að ganga svo langt enda hafa lög og reglur ekki breyst frá gildandi starfsleyfi. Með slíkri skerðingu er gengið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Sérstakar athugasemdir eru gerðar við þau hávaðaviðmið sem notuð eru um hávaða frá svæðinu. Ekki er um að ræða íbúðarsvæði samkvæmt skipulagi, framkvæmd hávaðamælinga virðist ekki vera í samræmi við staðlaða aðferðafræði og túlkun niðurstaðna langt umfram meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Algjör forsenda er að félagið fái a.m.k. heimild til að hafa opið þrjú virka daga á sumrin til kl. 22.00 eða að lágmarki til 21.00 á kvöldin.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til greinargerðar félagsins frá 5. febrúar sl. og athugasemda félagsins.

*Virðingarfyllt,
Andri Örn*

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan.

4.25 Athugasemdir við Róberts Reynissonar.

Efni: Vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsleyfisskilyrðum Skotfélags Reykjavíkur og nágrennis.



Ég undirritaður Róbert Reynisson mótmæli hér með nýjum starfsleyfisskilyrðum Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (Skotreyrn), kt. 440687-1809, fyrir æfingasvæði félagsins í Álfsnesi. Undirritaður er stjórnarmaður og starfsmaður í sjálfboðavinnu fyrir Skotreyrn og eru félagsmenn um 1300 talsins.

Opnunartími

Skotreyrn er áhugamannafélag sem er rekið af sjálfboðaliðum. Mögulegur opnunartími æfingasvæðis takmarkast því af því að vera utan hefðbundins vinnutíma. Opið er sem hér segir: Frá 1. maí til 1. september frá kl. 18:00 til 21:00 á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum. Frá 1. sept til 30. apríl frá kl. 12:00 til 16:00 á laugardögum. Lokað er á laugardögum á sumrin. HER leggur til í nýju starfsleyfi félagsins að einungis megi hafa opið til kl. 19:00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 10:00 til 16:00 á laugardögum en lokað skuli vera á föstudögum. HER ber fyrir sig reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Vísar stofnunin þar til ákvæðis um að hávaði frá starfsemi við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A).

Skerðing þessi á opnunartíma setur rekstur félagsins í uppnám og er hér með farið fram á endurskoðun og afturköllun á breytingu á onunartíma.

Eins má nefna að ekkert í fyrrnefndri reglugerð tiltekur að föstudagar séu annað en virkir dagar enda liggur ljóst fyrir að svo sé. HER virðist hins vegar skilgreina föstudaga með öðrum hætti og kalla ég með eftir rökstuðningi fyrir þeirri afstöðu.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan.

Hávaðamælingar

Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfsemi við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 724/2008 um hávaða.

HER styðst við hávaðamælingar sem gerðar voru fyrir Skotfélag Reykjavíkur haustið 2020 við útgáfu starfsleyfis Skotreyrnar en Skotfélag Reykjavíkur er með aðstöðu í 600 metra fjarlægð frá Skotreyrn og töluvert nær Kjalarnesi. Undirrituðum finnst það einkennileg vinnubröð að HER noti sömu mælingar við útgáfu starfsleyfis Skotreyrnar og við starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur þar sem um sitthvort starfsleyfið er að ræða. Ekki var haft samband við forsvarsmenn Skotreyrnar við gerð þessara mælinga eins og gert var þegar mælingar fóru fram hjá Skotfélagi Reykjavíkur.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan.

Bent hefur verið á að einfalt væri að breyta skotstefnum bæta við hljóðmönnum og gróðursetja tré t.d. í samstarfi við skógrækarfélög til þess að minnka hávaða sem kostur er.

Svar HER: Bent er á að samkvæmt gr. 2.2.2 í eldri starfsleyfisskilyrðum og gr. 3.2. í gildandi starfsleyfisskilyrðum er rekstraraðila skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. Þrátt fyrir það hafa engar tillögur komið frá Skotreyrn í þessa átt fyrr né síðar, hvort sem þær fela í sér breytta skotstefnu, hljóðmanir eða gróðursetningar til að draga úr ónæði af völdum hávaða.

Samkvæmt rannsókn sem HER gerði um blý- og hávaðamengun vegna Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi voru hávaðamælingar gerðar á eftirtöldum fimm stöðum.

Móaberg

Á Móabergi, þar er sumarhús og ábúendur dvelja þar ekki að staðaldri.

Skriða/Stekkur

Á Skriðu eru íbúar sem var gert kunnugt um skotvæðið við kaup á húsinu. Undirrituðu þeir samning við Reykjavíkurborg (sem er þinglýstur) um að kvöð væri á að ekki mætti kvarta yfir skotsvæðinu. Því hljóta þær mælingar og umkvartanir að vera marklausar. Í Stekk eru íbúar.



Esjuberg

Á Esjubergi eru íbúar.

Hvammur

Á Hvammi eru íbúar.

Hlíðar Esju

Ekki er undirrituðum kunnugt um að það séu íbúar í hlíðum Esju og hvers vegna var ráðist í mælingar þar. Það hlýtur að teljast einkennilegur mælingastaður í ljósi efnistaka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008.

Af ofangreindum fimm stöðum þar sem mælingar fóru fram er búið að staðaldri á þremur stöðum.

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. Í skjalaskrárkerfi HER er haldið utan um allar kvartanir sem berast, þ.m.t. kvartanir vegna hávaða og ónæðis frá starfsemi skotvalla í Álfsnesi. Þar er engin körtun skráð sem er frá skráðum eigendum eða íbúum á Skriðu. Mæling sem merkt er Skriða/Stekkur á jafnvel við fyrir Stekk og Skriðu og hefur fullt gildi. Mælingar í hlíðum Esju er til að fá hugmynd um áhrif á útivistarfólk í hlíðum Esjunnar en eins og kunnugt er fer fjöldi fólks á fjallið á hverjum degi. Þær mælingar voru til samanburðar eins og fram kemur ofar.

Engar mælingar voru gerðar í Grundarhverfi á Kjalarnesi þar sem að þorri íbúa svæðisins býr. Hverfið er í nærri 7 km fjarlægð frá skotsvæðinu og til samanburðar má nefna að í beinni línu eru suðurhlíðar Grafarvogs einnig í 7 km fjarlægð frá æfingasvæði Skotreyrnar. Ekki er vitað til að borist hafi kvartanir vegna hávaða frá æfingasvæði Skotreyrnar frá íbúum í Grafarvogi.

Íbúasamtök í Grundarhverfi hafa tjáð sig um starfsemina en sem fyrr segir liggja engar mælingar fyrir um hávaðamengun á því svæði, sem undirrituðum er kunnugt um.

Undirritaður fordæmir þau vinnubrögð HER harðlega að ekki séu gerðar viðeigandi mælingar og rannsóknir á hljóðmengun. Eins gerir undirritaður alvarlegar athugasemdir við að meðalhófs sé ekki gætt þegar starfsskilyrði Skotreyrnar eru þrengd með þeim hætti að að óbreyttu mun félagið verða óstarfhæft.

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. Hávaðamælingar fóru fram á því svæði sem mestra áhrifa gætir af starfseminni.

Mengun

Skv. 6. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998 segir að Mengun sé þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Engin rannsókn hefur farið fram á mengun á svæðinu önnur en sú sem framkvæmd var af HER og er sú aðferðafræði gagnrýnd hér. Telst hún varla ásættanleg þar sem fjöldi blýhagla og stálhagla var talinn á fyrirfram afmörkuðu litlu svæði og magnið svo flokkað sem mengun.

Þess má geta að ekki var haft samband við forsvarsmenn Skotreyrnar þegar starfsmenn HER fóru inn á æfingasvæði félagsins í þeim tilgangi að telja blý- og stálhögl. Engin rannsókn fór fram á svæðinu áður en Skotreyrnar byrjaði að nýta svæðið og því eru ekki til nein viðmiðunargögn sem hægt er að styðjast við, en ljóst er að á þessu svæði fór fram losun á dýrahræum hér á árum áður. Ummerki þess eru auðsjáanleg á svæðinu.

Engin rannsókn hefur farið fram á lífríki í kringum skotsvæðið, lífríki þar virðist hins vegar blómlegt og fjöldi fugla sem verpir þar allt um kring. Undirritaður telur hins vegar augljóst að um töluverða mengun sé að ræða á Álfsnesinu, en þó ekki af hálfu Skotreyrnar. Álfsnesið hýsir stærstu sorphauga landsins og þar eru urðuð um 250 þúsund tonn af sorpi á ári hverju. Sorpinu fylgir



töluverð lyktarmengun sem leggur yfir skotsvæðið og Kollafjörðinn í sunnanáttum. Í samhengi við þá mengun sem af sorpinu hlýst hlýtur að vekja furðu að stofnunin (HER) einblíni á áhugamannafélag í skotíþrótt sem vandar vel alla sína umgengni við náttúruna. Sem dæmi má nefna að sjálfboðaliðar í störfum fyrir félagið ganga með öllum girðingum svæðisins á hverju vori og hreinsa rusl sem fokið hefur af sorphaugunum.

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum B og C hér að ofan. Augljóst er að HER er ekki að gera Skotreynd ábyrgt fyrir allri mengun á áhrifasvæði félagsins en horfir til mengunar sem er tilkomin vegna starfsemi skotvallarins. Blý er þungmálmur og þekktur mengunarvaldur. Tvær ef meginreglum umhverfisréttar eru varúðarreglan og mengunarbótareglan. HER horfir til þeirra beggja við gerð starfsleyfisskilyrðanna. Blýhögl eru bönnuð m.a. í ljósi varúðarreglunnar sem kveður á um að náttúran skuli njóta vafans þó vísindaleg gögn um skaðsemi mengunar liggi ekki fyrir. HER horfir til mengunarbótareglunnar, þ.e. að sjá sem valdur sé að mengun beri kostnað af henni, með ákvæði um hreinsun svæðisins af mengun sem tilkomin er vegna starfseminnar, flytji starfsemin eða henni verður hætt. Vart verður á móti mælt að högl úr blýi séu tilkomin vegna starfsemi skotfélaganna í Álfsnesi. Betur hefði mátt að standa að því að láta forsvarsmenn Skotreynd vita af fyrirhugaðri komu heilbrigðisfulltrú inn á svæði félagsins og er beðist velvirðingar á því. Starfsemi SORPU í Álfsnesi er á starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun og hefur HER enga aðkomu að henni.

Fyrirhuguð starfsskilyrði Skotreyndar

6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð ska haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.

6.5 Á fimm ára fresti skal mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist. Fyrsta mæling skal framkvæmd í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að starfsleyfisskilyrði þessi taka gildi.

Mælist gildi þungmálma (antimon, arsen, kadmíum, kóbalt, króm, kopar, blý, mólýbden, nikkell, tin, vanadíum, og sink) yfir viðmiðunarmörkum fyrir hámarksgildi.

REYKJAVÍKURBORG Heilbrigðiseftirlit.

Við ofangreinda liði fyrirhugaðs starfsleyfis gerir undirritaður alvarlegar athugasemdir. Í fyrsta lagi er hér um að ræða gríðarlega kostanaðarsamar framkvæmdir. Í öðru lagi er ekki ljóst hvaða árangri þær skila. Í þriðja lagi er grunninum að starfsemi félagsins kippt undan félagsmönnum þar sem opnunartími takmarkar alla notkun og þar með tekjuöflun sem nauðsynleg er fyrir þær framkvæmdir sem HER ætlar félaginu að standa undir.

Svar HER: HER stendur við þessi ákvæði. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um mengandi áhrif af starfseminni.

Að lokum

Undirritaður óskar eftir að HER endurskoði þær fyrirhuguðu takmarkanir á starfsemi félagsins sem kynntar hafa verið. Stjórn og félagsmenn vilja hér eftir sem hingað til starfa í sátt við umhverfi sitt og hafa skipulagt svæðið og starfsemina þannig að svo megi vera. Ef það á fyrir að liggja að flytja æfingaaðstöðuna annað óskar undirritaður eftir að slíkt fari í ferli sem fyrst. Forsvarsmenn Skotreyndar eru allir af vilja gerðir til að vinna að farsælli lausn með skipulagsyfirlöndum og móta um leið framtíðarsýn fyrir þá fjölmörgu skotveiðimenn sem að félaginu standa.

Virðingafyllst,

Róbert Reynisson



Svar HER: Eins og fram kemur í inngangskafli er það skipulag sem ákvarðar landnotkun og hvar tiltekin starfsemi er heimil samkvæmt því. HER hefur ekki aðild að því ferli nema með gerð umsagna óski skipulagfulltrúi eftir því. HER hvetur Skotreynd til að beita sér fyrir því hjá skipulagfulltrúa borgarinnar að unnið sé að því að finna framtíðarsvæði fyrri skotvöll félagsins þar sem við verði komið hávaða – og mengunarvörnum til að tryggja að mengun og ónæði frá starfseminni verði ekkert eða í lágmarki. HER er tilbúið að funda með forsvarmönnum Skotreynd hvenær sem er til að ræða staðsetningu og fyrirkomulag mengunar- og hávaðavarna þegar hentugt svæði finnst.

4.26 Athugasemdir Berglindar Sunnu Stefánsdóttur.

Til þeirra sem málið varðar,

ég hef hér samband til að leggja fram hörð mótmæli gagnvart framlengingu á leyfi Skotreynd á Álfsnesi.

Ég hef áður skrifað til Reykjavíkurborgar sem og margir aðrir landeigendur á svæðinu í kring. Ég á hluti í landi á Móavík sem er gegnt skotsvæðinu.

Það er vægast sagt óbærilegt að vera þar í sumarhúsinu okkar þar sem við förum til að eiga rólegan dag í náttúru, með litlu frændsystkinum mínum, hundinum, til að huga að gróðurækt þar og þar fram eftir götum - og það eru stanslausir skothvellir. Ég bið ykkur að taka nokkrar mínútur til að ímynda ykkur hvernig það sé að vera við stanslausa skothvelli. Það er í raun hryllilegt. Hundurinn okkar er stressaður að vera þar, þótt hann elski útiveru. Ég var þar í sóttkví í haust og var sjálf komin með stress í magann af því að sitja undir stanslausum hvellum. Svo fer maður niður í fjöru og tynir þar upp plast skothylki, og ekki bætir úr að nú hefur það verið sannað að blý mengun er yfir öll mörk - vitandi þar að þarna er þorskur og annar fiskur, stundum selir, sem og mikið magn sjófugla.

Einnig hafa tvisvar verið fengin sjálfstæð félög til að mæla hljóðstyrk á svæðinu, og við landið okkar á Móavík er hljóðmengunin frá skotveiðisvæðinu langt yfir leyfileg mörk. Enda er það ekkert skrítið, sjálf hef ég unnið með útitónleika t.d. á Seyðisfirði og það þarf enga snillinga til að átta sig á t.d. eins og þar, í firði umkringdum fjöllum og bergi þá magnast allt hljóð - og því bíður maður ekki upp á langvarandi læti enda er það bara bókstaflega heilsuspillandi.

Við höfum margt sent inn gögn en það virðist vera að þetta gleymist ár eftir ár - enda sífellt leyfi framlengt sem maður er farinn að spyrja sig hvað sé þar á bakvið, er það hin klassíska litla Ísland þar sem það eru óeðlileg tengsl eða frændhygli, er það ameríska útgáfa þar sem réttur til að leika sér með byssur er ofar rétti dýra og náttúru og annarra til að njóta þeirrar náttúru í friðsemd, er það leti eða vanræksla í starfi - í það minnsta hafa engin svör fengist svo það er ekki annað hægt en að láta getgátunnar leika lausum hala.

Mér þykir miður að senda tölvupóst sem slíkan, ég er ekki manneskja sem kvartar eða vill vera erfið að eðlisfari en mér blöskrar einfaldlega þetta bull - að réttindi fátta til að stunda hobbí ákkúrat á þeim stað sem þeim hentar - frekar en að flytja á hentugri stað, og með hertari reglugerðum enda augljóst að ekki var farið eftir blýreglum - og líklegast logið til um magn sem notað er enda var það í hrópandi ósamræmi við niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var, að réttindi þess hóps séu í áratugi forgangsraðað yfir réttindi íbúa og landeigenda í kring, og dýra.

Reykjavík græn borg hvað?



Ég vona innilega að þið endurhugið þetta í þetta sinn, 2 ár er kannski ekki mikið í umsýslunni en það er mikið fyrir okkur sem sitjum undir þessu.

Lítið dæmi um skothylki sem ég týndi í fjörunni þegar ég var að reyna að viðra mig og hundinn fyrir í vetur.

kkv.

Berglind Sunna Stefánsdóttir

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við Athugasemdum A, B, C, D og E hér að ofan.

4.27 Athugasemdir Helgu Rúnu Gústafsdóttur og Stefáns Arnar Haukssonar.

Við andmælum því að Skotreynd fái framlengt starfsleyfi sínu næstu tvö árin.

Við erum í hópi fólks sem hefur barist fyrir því í mörg ár að skotsvæðunum á Álfsnesi verði lokað. Það er ólíkandi að búa aðstæður þar sem hávaða- og umhverfismengun er langt yfir mörkum.

Það er með ólíkindum að borgin hafi látið þessa starfsemi leyfða í öll þessi ár.

Hvað með græna borg og friðuð svæði?

Skotsvæðin er leyfð í námunda við friðuð og vernduð svæði. Þegar fólk nýtur náttúrunnar dynur skotgnyr og blý mengar strendurnar og fjörðinn. Þetta hlýtur að vera hrópandi ósamræmi hjá grænni borg.

Við sendum þetta í von að einhverjir hafi kjark og þor til að stöðva þessa starfsemi strax. Horfist í augu við staðreyndir og sjái að þetta getur ekki viðgengist lengur.

Helga Rúna Gústafsdóttir

Stefán Örn Hauksson

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A, B, C, D og E.

4.28 Athugasemdir Anja Þórdís Karlsdóttur og Kristbjörns Haraldssonar.

Athugasemdir vegna tillögu að starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi (Skotreynd) í auglýsingu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 10.03.2021 segir að heimilt sé að senda athugasemdir og ábendingar við tillögu um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur og nágrennis (Skotreynd). Af því tilefni vilja undirrituð, fasteignaeigendur og íbúar að Stekk, Kjalarnesi (162 Reykjavík), koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Hávaðamengun

Starfsemi Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi hefur í för með sér mikla og viðvarandi hávaðamengun. Í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða er fjallað um mörk fyrir hávaða, en þar segir að í dreifbýli sé leyfilegur hávaði frá hvers konar atvinnustarfsemi ekki yfir Lden 40 dB(A). Undirrituð gera því athugasemd við og mótmæla fyrirhugðu starfsleyfisskilyrði nr. 3.1, þar sem segir að miða skuli við 50 dB(A). Þess utan vilja undirrituð benda á að hávaðamengun af starfsemi er mun hærri en 50 dB(A) eins og mælingar Trivium ráðgjafar hafa sýnt, en mælingar þeirra hafa borist bæði Heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun.

Í lið 3.2 segir „Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða...“. Það er okkar mat að þetta sé óframkvæmanlegt vegna þess að það er íbúðabyggð í svo að segja allar áttir.



Í lið 3.3. segir að huga skuli að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða. Það er okkar mat að þetta sé óframkvæmanlegt vegna þess að það er íbúðabyggð í svo að segja allar áttir.

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A og D hér að ofan. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur er Stekkur á landbúnaðarsvæði sem er skilgreindur landnotkunarflokkur í skipulagi. Ekki eru viðmið fyrir landbúnaðarsvæði í rlg. 724/2008. Ekki hafa borist kvartanir eða vísendingar um hávaðaónæði við íbúðarhús nema frá Kjalarnesi og við Kollafjörð og því ekki mælt t.d. í Grundarhverfi eða Grafarvogi.

Opnunartími

Í lið 4.1. er fjallað um opnunartími og viljum við benda á að hingað til hafa menn ekki borið neina virðingu fyrir auglýstum opnunartíma.

Í lið 4.1.2 kemur fram að heimilt sé að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma. Tilkynna á viðburði til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila. Þar sem þessir viðburðir trufla fyrst og fremst íbúa þessa svæðis þá óskum við eftir að fá tilkynningu um þá í pósti.

Svar HER: Starfsleyfi hefur verið gefið út og voru engar breytingar gerðar á tillögu að starfsleyfi eða starfsleyfisskilyrðum Ákvæði sem vísað er í er óbreytt. HER tekur jákvætt í að framsenda tilkynningar um tilvísaðar skotkeppnir til viðkomandi.

Skráningar

Í kafla 5. er fjallað um að rekstraraðili hafi eigið eftirlit og haldi skrá um tiltekna þætti. Að okkar mati þarf þessi kafla að innihalda ítarlegri kröfur um skráningu. Á að skrá dagsetningar og klukkan hvað æfingar fara fram. Á sú skráning að vera rafræn, hver á að skrá og hvernig er hægt að tryggja áreiðanleika og réttmæti skráningar. Þessi skráning er grunnurinn að því að hægt sé að hafa bæði innra og ytra eftirlit með starfsemi. Í álitum Umhverfis og skipulagssviðs er mælt með að skilyrt verði að svæðið verði vaktað með reglubundum hætti af HER eða óháðum aðila m.t.t. hljóðmengunar og opnunartíma. Þetta er að okkar mati grundvallaratriði og þetta skilyrði finnum við ekki í fyrirhuguðu starfsleyfi. Úr því þarf að bæta. Það er ekki fullnægjandi að notendur eða rekstraraðili skrái eingöngu sjálfir hvernig svæðið er notað nema unnt sé að framkvæma það með rafrænum og sjálfvirkum hætti. HER eða óháðir aðilar þurfa að koma að þessu.

Svar HER: Starfsleyfi hefur verið gefið út og voru engar breytingar gerðar á tillögu að starfsleyfi eða starfsleyfisskilyrðum Ákvæði sem vísað er í er óbreytt. Skráningar verða skoðaðar í reglubundnu eftirliti og einnig verður kallað eftir þeim eftir tilefni.

Tjón af völdum starfseminnar

Í lið 1.9 er fjallað um ábyrgð rekstraraðila á umhverfistjóni. Undirrituð vilja benda á að starfsemin hefur nú þegar valdið tjóni. Þar má nefna tjón íbúa í byggðalaginu og þeirra sem nýta útivistarsvæðin í grenndinni sem stafar af hávaðamengun og tjón á umhverfinu vegna blýmengunar í sjó.

Svar HER: HER hefur ekki fengið send gögn sem staðfesta tjón með óyggjandi hætti, hverjar gerðar tjónið er né hversu mikið.

Tímabil



Með tilliti til þess hversu mikil truflun stafar af starfsemiinni leggjum við áherslu á að leyfi verði einungis veitt til eins árs í senn. Í tillögu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að starfsleyfaskilyrðum eru gerðar mikilvægar kröfur til rekstraraðila sem brýnt er að fylgja vel eftir. Þar má t.d. nefna hávaðavarnir í kafla 3. Eðlileg krafa væri að rekstraraðili þyrfti að sýna fram á að hann hafi haft viðeigandi eftirlit og viðhaft viðeigandi ráðstafanir áður en leyfi yrði framlengt um ár til viðbótar. Þá er mjög mikilvægt að ef finnst annað hentugra svæði skuli strax hætta starfsemi á Álfsnesi. Að sögn þeirra sem þekkja vel til dýra/fuglalífs á svæðinu hefur það gjörbreyst á þeim tíma sem skotsvæðin hafa verið starfsrækt. Esjan og Kollafjörðurinn eru útivistaperlur Reykvíkinga og það er óásættanlegt að það skulu vera eyðilagð með þessari hávaða og blýmengun.

Við munum ekki sætta okkur við framlengt starfsleyfi þennan tíma nema um leið verði fundið framtíðasvæði fyrir þetta starfsleyfi.

Undirrituð mæla eindregið með því að leitað verði allra leiða til að fjarlægja starfsemiina sem allra fyrst. Starfsemi skotfélaganna á ekki að fá að ganga framur friðhelgi heimila íbúa í nágrenni við svæðið.

Anja Þórdís Karlsdóttir, Kristbjörn Haraldsson

Svar HER: Í umsagnarbeiðni HER til Skipulagsfulltrúa var m.a. spurt út í gildistíma starfsleyfis í ljósi skipulagslegra forsenda. Skipulagsstjóri lagði til að starfsleyfi gildi að hámarki tvö á og var ákveðið að fylgja þeirri tillögu. Leit að nýju svæði er á forræði Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur.

4.29 Athugasemdir Magna Smárásonar.

Mótmæli við tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Ég leyfi mér að mótmæla þeim skilyrðum sem sett eru um opnunartíma í tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllinn. Þau skilyrði fyrir leyfilegri opnun, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru allt of þröng og munu leiða til þess að starfsemi svæðisins mun líklega leggjast af með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Æfingar kunna þá að færast á óskipulögð svæði víða um borgalandið með tilheyrandi mengun, hættu og ónæði.

Meginþungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin og þá á milli kl. 18.00 og 22.00 þá daga sem opið hefur verið. Starfsemi hefur bara verið opin í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemi fer að langmestu leyti fram á sumrin er þrjúþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Í þriðja lagi er veiðitíminn nær eingöngu á haustin. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða.

Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrir en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum ekki fyrir en eftir kl. 18.00. Minnt er á að svæðið er í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði.

Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 22.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjú virku daga sem félagið hefur haft opið á sumrin.



Þann tíma má alls ekki skerða.

Í núverandi starfsleyfi er heimilt að hafa svæðið opið á sumrin alla virka daga frá kl. 10-22.00 og laugardaga frá 10-18.00 og á veturna frá 12-20.00 á virkum dögum og frá 12-18.00 á laugardögum. Í tillögum er opnunartíminn frá kl. 10-19.00 alla virka daga nema föstudaga og á laugardögum frá 10-16.00.

Með tillögunni eru í raun felldir niður 3 af fjórum tímum sem félagið getur raunverulega haft opið auk þess sem föstudagar eru felldir út og tíminn stytur á laugardögum. Engar forsendur eru til að ganga svo langt enda hafa lög og reglur ekki breyst frá gildandi starfsleyfi. Með slíkri skerðingu er gengið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Sérstakar athugasemdir eru gerðar við þau hávaðaviðmið sem notuð eru um hávaða frá svæðinu. Ekki er um að ræða íbúðarsvæði samkvæmt skipulagi, framkvæmd hávaðamælinga virðist ekki vera í samræmi við staðlaða aðferðafræði og túlkun niðurstaðna langt umfram meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Algjör forsenda er að félagið fái a.m.k. heimild til að hafa opið þrjá virka daga á sumrin til kl. 22.00 eða að lágmarki til 21.00 á kvöldin.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til greinargerðar félagsins frá 5. febrúar sl. og athugasemda félagsins.

Ég tel þetta atlögu að skotíþróttinni eins og hún leggur sig og gæti sett fordæmi gagnvart öðrum skotfélögum um allt land. Mikil þörf er á að hafa virk skotíþróttasvæði fyrir þann mikla fjölda skotíþróttafólks sem á Íslandi er, annars stunda menn sínar æfingar hver í sínu horni, ekki á viðurkenndum æfingasvæðum, sem sett er upp með ströng öryggisskilyrði.

*Virðingarfyllt,
Magni Smáráson,
Meðstjórnandi í stjórn Skotíþróttafélags Vestfjarða (SKÍFV)*

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryfjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma.

4.30 Athugasemdir Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartúni 12

105 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið:

heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is

Reykjavík, 6. apríl 2021.

Mótmæli SKOTREYNAR við tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Vísað er til auglýsingar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á tillögu að starfsleyfi fyrir Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis SKOTREYN vegna endurnýjunar starfsleyfis félagsins fyrir starfsemi þess að Álfsnesi.



I. Almennt um starfsemina á Álfsnesi og forsaga

Á Álfsnesi eru í dag reknir tveir skotvellir. Annars vegar er um að ræða starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, en þar eru reknir skotvellir fyrir haglabyssuskotfimi auk riffilbrautar. Skotfélag Reykjavíkur er elsta íþróttafélag landsins, nú 140 ára. Hins vegar er um að ræða starfsemi SKOTREYNAR, sem er austan við svæði SR á Álfsnesinu, en þar eru eingöngu reknir skotvellir fyrir haglabyssuskotfimi.

SKOTREYN, Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, var stofnað 27. ágúst árið 1986 og er tilgangur félagsins að stuðla að áhuga, þekkingu og leikni félagsmanna, með rekstri og umsjón skotæfingasvæðis, fræðslu fyrir félagsmenn og hagsmunabaráttu í samstarfi SKOTVÍS, Skotveiðifélag Íslands. SKOTREYN er áhugamannafélag með um 1.300 félaga, og hefur þá sérstöðu meðal félaga sem reka skotvelli að vera ekki íþróttafélag. Félagið þiggur enga styrki frá Íþróttasambandi Íslands og öll áhersla í hönnun skotsvæðisins er að bjóða uppá fjölbreytta velli sem hæfa skotveiðimönnum.

Þrátt fyrir að félagið sé ekki íþróttafélag þá rekur félagið í raun stærsta og fjölsóttasta skotsvæði fyrir þá sem stunda „Compak sporting“ sem er keppnisgrein í haglabyssuskotfimi. Félagið hefur verið frumkvöðull í þessari keppnisgrein.

Forsaga þess að þessum tveimur félögum var úthlutað umræddum lóðum fyrir skotæfingasvæði er sú, að bæði félögin höfðu áður aðstöðu í og við Leirdal í Grafarholti. Þegar Grafarholtið var skipulagt fyrir íbúðarbyggð var ljóst að sú starfsemi þurfti að víkja og finna þurfti félögunum annan stað innan borgarlandsins. Varð umrætt svæði á Álfsnesi fyrir valinu. Hafa bæði félögin byggt þar myndarlega upp starfsemi sína. Ástæða þess að eingöngu er rekið eitt æfingasvæði fyrir riffilskotfimi, en eins og áður segir er það rekið á vegum Skotfélags Reykjavíkur, er sú að erfitt var talið að koma fyrir tveimur slíkum svæðum á Álfsnesi. Samkomulag varð því um að Skotfélag Reykjavíkur myndi setja upp riffilbraut en SKOTREYN ekki. Skilyrði var að félagsmenn SKOTREYNAR fengju aðgang að riffilvellingum á sama verði og félagsmenn Skotfélags Reykjavíkur. Rétt er að taka fram að langan tíma tók að finna heppilegt svæði á sínum tíma og í raun var ekkert annað svæði sem kom til greina fyrir starfsemina. Það er því ljóst að það er ekki einfalt að finna félögunum nýjan stað, verði þeim ekki leyft að vera áfram með starfsemi á Álfsnesi.

II. Um þörfina fyrir slíkt svæði

Þörfin fyrir slíkt svæði sem hér er ræðir er ótvíræð.

Í fyrsta lagi skiptir miklu að til séu svæði þar sem veiðimenn geta æft skotfimi til að tryggja að veiðimenn verði færar skyttur. Það tryggir snögga aflífun dýra við veiðar og kemur í veg fyrir að særð dýr sleppi frá veiðimönnum. Það er æðsta markmið sérhvers veiðimanns á veiðislóð að aflífa bráð á snöggan og fumlausan hátt og særa ekki dýr. Það er því dýraverndarmál að tryggja tryggja slíka aðstöðu. Í öðru lagi væri það mikil afturför ef veiðimenn hrekjast aftur í yfirgefnar námur eða önnur opin svæði í nágrenni borgarinnar til að æfa sig. Það er umhverfismál til að tryggja að veiðimenn séu ekki að æfa skotfimi út um allt með þeirri mengun sem alltaf fylgir slíkri starfsemi vegna

notkunar skotfæra, hávaða og auðvitað leirdúfubrota. Í þriðja lagi er það öryggismál að til séu slík svæði en meiri hætta er á slysum ef æfingar fara fram hér og hvar og á svæðum sem ekki eru ætluð fyrir slíka starfsemi.

III. Um skipulag o.fl.

Samkvæmt þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, er svæðið á iðnaðarsvæði sem merkt er I2/H6/E5 og á óbyggðu svæði. Svæðið er fjarri öllum svæðum sem skipulögð eru fyrir íbúðarbyggð og í nágrenni svæðisins eru eingöngu iðnaðarsvæði, athafnasvæði, opin svæði, óbyggð svæði og landbúnaðarsvæði; Svæði SKOTREYNAR er raunar staðsett rétt við vegstæði nýrrar Sundabrautar þ.e. þar sem gert er ráð fyrir að Sundabraut þveri Kollafjörð. Í greinargerð aðalskipulagsins er fjallað um svæðið á bls. 210. Þar segir almennt um iðnaðarsvæði:



„Iðnaðarsvæði (I) Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ. m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdæluog hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

Um Álfsnesið segir sérstaklega á sömu blaðsíðu:

„I2. Álfsnes-Kollafjörður Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð (sjá H6), en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu. Sjá nánar Skipulag borgarhluta. Kjalarnes.“

Á bls. 211 segir:

„H6. Álfsnes-Kollafjörður Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð, en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu (sjá iðnaðarsvæði I2). Sjá nánar Skipulag borgarhluta. Kjalarnes. Sjá nánar í kaflanum Hafnarsvæði og í landnotkunarstefnu fyrir einstaka borgarhluta.“

Á bls. 214 segir almennt um efnistökusvæði:

Efnistaka og efnislosun (E) Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni.

Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.

Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Um Álfsnesið segir nánar í umfjöllun aðalskipulagsins um skipulag borgarhluta 10, Kjalarnes, bls. 310 og 312:

„I2 Álfsnes-Kollafjörður

Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir að stærð svæðisins á skipulagstímabilinu verði 20 hektarar. Síðan aðalskipulag Reykjavíkur 20012024 var staðfest í byrjun árs 2003 hafa orðið veigamiklar breytingar á forsendum stefnumörkunar fyrir Geldinganes og Álfsnes. Með stofnun Faxaflóahafna var tekin stefnumarkandi ákvörðun um að breyta landnotkun í Geldinganesi (155 ha svæði vestan Sundabrautar) þannig að þar risi blönduð byggð en horfið frá áformum um stórskipahöfn og iðnaðarsvæði. Því þarf að finna nýtt svæði fyrir þá atvinnustarfsemi sem áður var ætlaður staður í Geldinganesi. Stefnumörkun um breytta landnotkun við Elliðaárvog og flutning mengandi starfsemi þaðan stendur hins vegar óbreytt. Af þeim fyrirtækjum sem nú eru í Ártúnshöfða og við Elliðaárvog er brýnast að finna nýjan stað fyrir Björgun til að mögulegt sé framfylgja stefnu aðalskipulagsins um blandaða byggð við Elliðaárvog og ekki síður til að stöðva neikvæð umhverfisáhrif frá starfsemi fyrirtækisins á núverandi byggð í Bryggjuhverfi. Einnig er aðkallandi að finna framtíðarstað fyrir steypustöðvar, malbikunarstöð og fleiri iðnaðarfyrirtæki. Að mati Faxaflóahafna er vænlegasta svæðið fyrir nýja iðnaðarhöfn innan Reykjavíkur vestast á Álfsnesi við sunnanverðan Kollafjörð. Umrætt svæði var í aðalskipulaginu 20012024 ætlað undir blandaða byggð eftir 2024. Breyttar forsendur um þéttingu byggðar og forgangsroðun íbúðarsvæða gera hins vegar að verkum að ekki er aðkallandi að skipuleggja Álfsnesið undir íbúðarbyggð eða blandaða byggð á næstum áratugum. Álfsnesið vestan- og norðanvert er að stærstum hluta hrjóstrugt land og ekki þekkt fyrir veðursæld. Sá hluti Álfsnessins er því ekki talinn ákjósanlegur fyrir íbúðarbyggð eða blandaða byggð. Í aðalskipulaginu er vestasti hluti Álfsness skilgreindur sem hafnar- og iðnaðarsvæði. Stærð svæðisins er um 20 hektarar. Á svæðinu er gert ráð fyrir lóðum undir hafnsækna athafna- og iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og af er mengunarhætta. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð vestast á svæðinu með landfyllingu og varnargörðum. Vegna þess að vel sést til Álfsness norðan- og vestanverðs frá væntanlegri Sundabraut og byggð í Kjalarnesi og Mosfellsbæ er lagt til að iðnaðarsvæðið verði eftir því sem kostur er felld inn í náttúrulegt landslag til að draga úr ásýndaráhrifum. Þetta er þó



ekki mögulegt að fullu nema með talsverðum breytingum á landinu og verulegri efnistöku, en gert er ráð fyrir að efni sem til fellur vegna landslagsmótunar geti nýst til vegagerðar og annarrar mannvirkjagerðar (sjá nánar í umhverfismati aðalskipulagsins). Eðlilegt er gera ráð fyrir því að svæðið þróist og stækki á löngum tíma.

Álfsnes (E5). Mögulegt framtíðar efnistökusvæði sem verður opnað í tengslum við þróun iðnaðarsvæðis og hafnar við Kollafjörð. Efnistaka á svæðinu gæti nýst vegna framkvæmda við Sundabraut. Efnistakan og landmótunin gæti í heildina tekið til um 200.000 m² svæðis og falið í sér verulega lækun á landi. Áhrif efnistöku og formun lands á ásjón frá Kjalarnesi og Vesturlandsvegi verða veruleg. Þó hér sé sumpart um formun lands vegna þróunar framtíðarbyggðar, skal sækja um framkvæmda- og starfsleyfi fyrir efnistöku á svæðinu, ásamt umhverfismati sbr. lög nr. 106/2000.“

Ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

Með vísan til stefnu núgildandi aðalskipulags, sem gerð var grein fyrir að framan, er ljóst að umrætt svæði hentar sérstaklega vel til starfsemi umræddra skotvalla þar til farið verður í þær framkvæmdir og uppbyggingu þungaiðnaðar og efnistöku sem gert er ráð fyrir á svæðinu til framtíðar. Vel væri hægt að starfrækja svæðin áfram eftir að Sundabraut yrði byggð en líklega þyrfti að færa svæði SKOTREYNAR eitthvað til eftir því hver lega Sundabrautar yrði nákvæmlega. Það er hins vegar til umhugsunar fyrir borgaryfirvöld að ef hávaði frá núverandi starfsemi á svæðinu er of mikill, með þeim takmarkaða rekstri sem þar fer fram, er líklega augljóst að svæðið hentar ekki fyrir þann þungaiðnað og efnistöku sem þar er fyrirhuguð, enda má ljóst vera að hávaði frá slíkri starfsemi er líklega meiri og stöðugri en frá núverandi starfsemi. Þá má auðvitað reikna með að umferðarniður frá Sundabraut yfirgnæfi hávaðan frá þeim svæðum sem hér um ræðir.

IV. Um opnunartíma

Í umsókn sinni sækir SKOTREYN um óbreyttan opnunartíma, enda telur félagið að ekkert hafi breyst frá því núverandi starfsleyfisreglur voru samþykktar til 12 ára þ.e. þann 8. júní 2027. Óbreyttur opnunartími er grunnforsenda fyrir rekstri svæðisins. Í gildandi starfsleyfisreglum, sem samþykktar voru í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þann 8. júní 2015, og gilda til 8. júní 2027, þ.e. í 12 ár, er leyfilegur opnunartími á svæði SKOTREYNAR eftirfarandi:Á veturna, frá 16. september til 14. apríl:

virkir dagar laugardagar	12-20.00 12-18.00	(heimil rýmkun v. keppni frá 11.00 og ekki eftir 20.00) (heimil rýmkun v. keppni frá 11.00 og ekki eftir 20.00)
Á sumrin frá 15. apríl til 15. september:		
virkir dagar laugardagar	10-22.00 10-18.00	(heimil rýmkun v. keppni frá 10.00) (heimil rýmkun v. keppni frá 10.00 og ekki eftir 20.00 um helgar)

Bæði að sumri og vetri er heimilt að færa laugardagsæfingar yfir á sunnudaga v. veðurs. Á sumrin er að auki heimilt að keppa á sunnudögum og innan sama tímaramma og gildir um laugardaga. Félagið hefur hins vegar að mestu eingöngu nýtt sér eftirfarandi opnunartíma, auk mótahalds: Á veturna, frá 16. september til 14. apríl:

laugardagar	12-16.00
Á sumrin frá 15. apríl til 15. september:	



3 virkir dagar laugardagar	18-21.00 12-16.00	mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga
-------------------------------	----------------------	---------------------------------------

Rétt er að taka fram að félagið hafði yfirleitt opið til kl. 22.00 á sumrin en stytta þann tíma sl. sumar. Félagið hefur því nýtt heimildir sínar til starfsemi á svæðinu mjög hóflega. Megin þungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin, enda bara opið í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þrjúþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrr en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum þá ekki fyrr en eftir kl. 18.00. Í því sambandi er minnt á að svæðið er jú í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði. Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 21.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjú virku daga sem félagið hefur haft opið. Þann tíma má alls ekki skerða. Í þriðja lagi þá er ástæða þess að megin þungi starfseminnar fram á sumrin og haustin sú að aðalveiðitíminn er á haustin þ.e. frá 20. ágúst og fram yfir rjúpnaveiðitímamann. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða. Skerðing á opnunartíma á sumrin, frá því sem nú er heimilt, myndi því einfaldlega ónýta svæðið fyrir veiðimenn. Í tillögum að nýjum starfsleyfisreglum um fyrir starfsleyfi félagsins, eru settar fram tillögur að opnunartíma sem er frá kl. 10-19.00 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 10-16.00. Samkvæmt tillögunni er heimilt að halda skotkeppnir með rýmri skottíma allt að 4sinnum á ári, eða 10-19 á föstudögum og 11-19 á laugardögum og sunnudögum. Þá eru skotæfingar og keppnir bannaðar tiltekna hátíðisdaga. Þá er tekið fram að heimilt sé að sækja um rýmri skottíma fyrir rifflla með hljóðdeyfum eftir mælingar við íbúðarhús, en lengsti opnunartími sem sækja mætti um væri frá 19-22 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá 16-22.

Slíkar tillögur í tilviki ónýta svæðið fyrir félagið. Algjör nauðsyn er að félagið fái a.m.k. heimild til að hafa opið þrjú virka daga á sumrin til kl. 21.00 á kvöldin. Ef ekki er hægt að verða við ofangreindu þarf einfaldlega að finna nýjan stað fyrir starfsemi félagsins og en veita heimild til sömu opunar í tvö ár á meðan unnið er að því að finna starfseminni nýjan stað og setja hana upp að nýju.

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER ráðstafar ekki landi borgarinnar og getur ekki úthlutað nýju svæði fyrir starfsemina. Skipulagsfulltrúi fer með skipulagsmál og landnotkun og þarf leit að framtíðarsvæði fyrir starfsemina að hefjast hjá skipulagsfulltrúa. Misskilnings gættir varðandi heimild til að sækja um rýmri skottíma fyrir rifflla með hljóðdeyfa. Þau ákvæði eru í starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur en ekki í starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöll Skotreyrn.

V. Kvartanir, umsagnir og reglur um hljóðvist Hér að framan var fjallað um skipulagsmál á svæðinu. Fyrir liggur að ekkert íbúðarsvæði skv. skipulagi er nálægt umræddu skotsvæði. Það er mikilvæg staðreynd við umfjöllun málsins. Eins og áður er rakið liggja nú frammi til kynningar starfsleyfisreglur fyrir skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur, næsta svæði við skotvöll SKOTREYNAR. Áður hefur verið gerð grein fyrir því að sá tímarammi sem þar er gert ráð fyrir að heimilt verði að hafa það svæði opið, myndi ganga frá starfsemi SKOTREYNAR.

Umsögn skipulagsfulltrúa

Með gögnum málsins liggur fyrir umsögn skipulagsfulltrúa. Þar segir að íbúar í nágrenni svæðisins hafi látið í ljósi óánægju sína með hávaða o.fl. frá svæðinu árum saman. Þá segir skipulagsfulltrúi



að í ljósi óánægju sem ríkt hefur um núverandi staðsetningu svæðisins, telji skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um opnunartíma, notkun á blýhögglum samhliða því að kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu, með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrir skotæfingar. Ýmislegt er svo sagt um hvað hafa verði í huga fyrir nýtt svæði en hér verður ekki vikið að því. Niðurstaða skipulagsfulltrúa er að ekki sé mælt með því að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum þar sem:

- Opnunartími verði skertur verulega þannig að ekki hljótist ónæði og tekið sé fram að misbeiting á því varði riftun á starfsleyfi.
- Í ljósi umhverfissjónarmiða og m.t.t. neikvæðra sjónarmiða á vistkerfið verði blýnotkun ekki leyfði á þessu tímabili.
- Skilyrði verði að svæðið verði vaktað af HER eða óháðum aðila m.t.t. hljóðmengunar og opnunartíma.

Umsögn skipulagsfulltrúa snýr að mjög litlu leyti að skipulagsþætti málsins. Í raun fjallar umsögn skipulagsins að mestu um þætti sem lúta annars vegar að hljóðvist og hins vegar að mengun. Það eru bæði atriði sem snúa að heilbrigðiseftirlitinu. Umsögnin er því þýðingarlaus og í raun er skipulagsfulltrúi kominn út fyrir valdsvið sitt. Í umsögninni er fullyrt að íbúar í „nágrenni“ svæðisins hafi látið í ljósi óánægju sína með hávaða o.fl. Vissulega er rétt að einhverjar kvartanir munu hafa borist vegna hávaða frá umræddum skotvöllum. Félagið gerir hins vegar verulegar athugasemdir við þessa fullyrðingu og að látið sé að því liggja að almenn ónægja hafi verið með rekstur svæðisins. Enginn býr í nágrenni við svæðið. Þá eru einu kvartanirnar sem borist hafa vegna svæðisins vegna hávaða enda ekkert annað mögulegt ónæði af svæðinu. Félagið telur hins vegar að slík óánægja sé ekki almenn og ekki víðtæk. Áður en slík fullyrðing er sett fram af hálfu skipulagsyfirvalda, einkum á þeim grunni að slíkar kvartanir eigi að leiða til „verulegra“ skerðinga á opnunartíma og að það þurfi að finna starfseminni nýtt svæði, telur félagið að nauðsynlegt sé að það sé rýnt ítarlega frá hverjum slíkar kvartanir hafi borist og hvers eðlis þær séu. Minnt er á að Reykjavíkurborg keypti sumarhús sem var næst svæðinu og seldi það aftur með kvöð um að kaupanda væri kunnugt um starfsemi skotsvæðanna. Eigendur þess húss hafi sent inn kvartanir. Kvartanir frá þeim eru þ.a.l. að engu hafandi. Hugleiðingar íbúa eða annarra um meinta mengun hafa hins vegar ekkert með grenndarsjónamið að gera. Þegar völlumum var komið fyrir á umræddum stað í upphafi, var alltaf gert ráð fyrir því að á svæðinu væru notuð blýskot enda lítið um notkun annarskonar skota á þeim tíma. Það er því augljóst að blýkúlar finnast á svæðinu. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um að þau hafi valdið mengun í jarðvegi, né haft nokkur áhrif á lífríkið eins og nánar erður vikið að síðar. Rétt er einnig að geta þess að í dag er notkun blýskota á svæðinu mjög óveruleg, enda hefur blýi almennt verið skipt út fyrir stál í þeim æfingaskotum sem notuð eru á svæðinu. Auk framangreinds er félagið sérstaklega ósátt við að skipulagsfulltrúi skuli leggja áherslu á að svæðið verði vaktað sérstaklega af HER og að misnotkun á opnunartíma geti leitt til riftunar á starfsleyfi. Með því er dylgjað að því að hingað til hafi verið brotið gegn núgildandi leyfum. Því er sérstaklega mótmælt enda á það sér enga stoð í raunveruleikanum. Ekkert í skipulagi kallar á skerðingar á starfsemi félagsins eða að leyfið verði tímabundið. Áður en afstaða verður tekin til skerðingar á opnunartíma eða nauðsyn þess að flytja svæðið, verður að mati félagsins að greina þær athugasemdir eða kvartanir sem hafa borist með vísan til rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar.

Svar HER: HER leitaði umsagnar skipulagsfulltrúa m.a. hvað varðar gildistíma leyfisins. Gildistíminn er það eina sem HER tekur úr umsögn skipulagsfulltrúa. Annað í starfsleyfisskilyrðum byggir á vinnu HER, þ.m.t. ákvæði um opnunartíma og bann við notkun blýhagla. Minnt er á að í umsögn skipulagsfulltrúa kemur fram að staðsetning skotvallarins var hugsuð til bráðabirgða. HER hefur ekki vitneskju um eða tekur afstöðu til kvartana sem berast skipulagsfulltrúa. HER tekur til meðferðar kvartanir sem berast HER og ekki aðrar. Í skjalaskrárkerfi HER er haldið utan



um allar kvartanir sem berast, þ.m.t. kvartanir vegna hávaða og ónæðis frá starfsemi skotvalla í Álfsnesi. Þar er engin körtun skráð sem er frá skráðum eigendum eða íbúum á Skriðu. Ekki kom á óvart að blýhögl fundust í könnun HER. Blý er þungmálmur og þekktur mengunarvaldur. HER telur rétt að banna notkun blýs í ljósi varúðarreglunnar, einnar meginreglu umhverfisréttar, sem kveður á um að náttúran skuli njóta vafans þó vísindaleg gögn um skaðsemi mengunar liggja ekki fyrir. HER getur ekki svarað fyrir umsögn skipulagsfulltrúa.

Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

o Blý

Á fundi með félaginu var upplýst að tillögurnar byggðu á skýrsla Heilbrigðiseftirlitsins um blý og hávaðamengun vegna Skotvalla á Álfsnesi. Hvað varðar niðurstöður skýrslunnar um blý á svæðunum þá kemur hún ekki svo mikið á óvart. Niðurstaðan var sú að stálhögl voru 53% og blýhögl 47% af þeim sýnum sem tekin voru. Samantekt rannsóknarinnar er (bls. 6 í skýrslunni): „Niðurstöður greiningar benda til þess að hlutfall blýhagla sé hærra en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Telur HER að verði blýhögl notuð á svæðinu í sama hlutfalli og niðurstöður sýna geti það valdið jarðvegsmengun.“ Niðurstaðan er því sú að verði blýhögl notuð í sama mæli á svæðinu, þ.e. væntanlega í hlutfallinu 53% - 47%, „geti það valdið jarðvegsmengun.“ Engin hætta er hins vegar á því. SKOTREYN leggur áherslu á að notkun blýhagla í dag er orðin mjög lítil og langflestir nota stálhögl við skotæfingar. Enginn hætta er því á að notkun blýhagla verði 47%. Líklegast er raunar að hætt verði alfarið að nota blý í æfingaskot innan mjög fárra ára vegna reglna Evrópusambandsins. Félagið telur því enga hættu á jarðvegsmengun vegna þessa. Rétt er að taka fram að félaginu er ekki kunnugt um þá staði sem skýrsluhöfundar mældu. Félaginu þykir í því sambandi rétt að benda á að því lengra sem þeir hafa verið frá skotstað þeim mun líklegra er að hlutfall blýhagla sé hærra þar sem blýhögl berast lengra en stálhögl. Félagið vill einnig benda á vegna myndar sem notuð er í skýrslunni (mynd 4) sem sýnir drægni haglaskota miða við 250m frá skotstað, að það er í fyrsta lagi hámarks vegalengd og í annan stað gefa hringirnir ekki rétta mynd af dreifingu skotanna enda er bara skotið í norður átt. Rétt er að taka fram að því er alls ekki haldið fram að þetta hafi verið vísitandi gert. Framsetningin er hins vegar óheppileg, sérstaklega fyrir ókunnuga, einkum þar sem þessi mynd hefur svo ítrekað birst í fjölmiðlum. Samantekið má segja varðandi rannsóknina um blýið að m.t.t. þess að notkun blýskota við æfingar er orðin lítil sem engin, er engin ástæða til að gera ráð fyrir að blý verði notað í sama hlutfalli og mælingar sýndu til framtíðar lítið. Því er engin hætta á jarðvegsmengun af þeim sökum.

Svar HER: Sjá svör við athugasemdum B hér að ofan.

o Hljóðvist

Skýrslan fjallar líka um hljóðvist. Niðurstaða mælinga í skýrslunni er eftirfarandi:

„Við mælingar 1-4 var einungis skotið á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR) en þegar mæling 5 og 6 fór fram voru skotæfingar einnig hafnar á skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyn). Við hljóðmælingar 1-4 var erfitt að greina þegar skotið var á skotsvæðinu. Við mælingar 5 og 6 voru skothljóð greinilegri en þá voru skotæfingar einnig hafnar á skotsvæði Skotreynar. Ríkjandi hljóð við mælingar var umferðarniður.“

Samantekt skýrslunnar um hljóðvist er svohljóðandi:

„Samantekt Í töflu III í reglugerð nr. 724/2008 eru gefin upp viðmiðunargildi fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi fyrir mismunandi tegundir húsnæðis. Skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skilgreiningin á frístundabyggð svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu og er því ekki hægt að nota viðmiðunargildi fyrir frístundabyggð. Nokkur húsanna sem mælt var við



hafa fasta búsetu og var því miðað við viðmiðunargildi fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði. Þegar jafngildishljóðstig mælinga (tafla 5) eru borin saman við gildandi viðmiðunargildi sést að mælingar eru undir eða við viðmiðunargildin fyrir tímabilið kl. 7-19 (50 dB) en hins vegar eru gildin aðeins yfir viðmiðunargildum fyrir tímabilið kl. 19-23 (45 dB). Í núverandi starfsleyfis skilyrðum er heimilaður opnunartími skotvalla eftirfarandi:

á veturna, frá 16. september til 14. apríl: á virkum dögum frá kl. 12-20 og á laugardögum frá kl. 12-18.

á sumrin, frá 15 apríl til 15. september: á virkum dögum frá kl. 10-22 og á laugardögum frá kl. 10-18.

Þar sem mældur hljóðstyrkur fór yfir viðmiðunargildi fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi fyrir tímabilið kl. 19-23 telur HER að rétt sé að stytta opnunartíma að kvöldi, þ.e. milli kl. 19-23, til að takmarka ónæði vegna skothljóða. SKOTREYN efast ekki um mælingar þær sem kynntar eru í skýrslunni. Sú alvarlega villa er hins vegar gerð að miða við hávaðamörk frá atvinnustarfsemi yfir á íbúðarsvæði skv. reglugerð um hávaða nr. 724 frá 2008. Í fyrsta lagi er ekki um atvinnustarfsemi að ræða. Það skal þó látið liggja á milli hluta. Það sem skiptir meira máli er að ekkert umræddra húsa er á skilgreindu íbúðarsvæði hvorki samkvæmt skipulagi né samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar sjálfar sem hlýtur að verða að miða við. Hún er svohljóðandi: „Íbúðarsvæði: Svæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar kann þó einnig að vera gert ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.“ Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á hávaði utanhúss við íbúðarhúsnæði á blönduðu svæði þ.e. íbúðarsvæði á verslunar- og þjónustu- og miðsvæðum má vera 55 dB á þessum tíma og á iðnaðar og athafnasvæðum, eins og eðlilegast væri að miða við, má hávaðinn vera 70 dB milli 19-23 skv. meðfylgjandi töflu úr reglugerðinni: Viðmiðunin um 45dB mörk skv. reglugerð um hávaða á tímabilinu milli 19-23 er því ekki rétt. Takmörkun á opnunartíma svæðanna verður því ekki gerð vegna þess að vikið sé frá því viðmiði. Hávaði frá æfingasvæðunum er því ekki yfir þeim mörkum sem reglugerð um hávaða kveður á um. Auk alls framangreinds er auðvitað minnt á að starfsemi á vegum félagsins er eingöngu þrjá daga í viku á kvöldin og þá bara yfir sumartímann. Ónæðið er því hvorki stöðugt né iðvarandi. Þá er rétt að benda á, auk alls framangreinds, að aðstæður sem uppi voru þegar hljóðmælingin var gerð, og eru kjöraðstæður fyrir að hljóð berist langar leiðir eða eins og segir í skýrslunni á bls. 10,

„Vindhraði mældur til að ganga úr skugga um að hann sé undir 5 m/s sem eru viðmiðunarmörk fyrir hljóðmælingar sbr. leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.“

Slíkar aðstæður eru mjög sjaldan á svæðinu og ríkjandi vindátt (NA) beinir hljóði frá umræddum húsum. Raunveruleg staða er því sú, hvað varðar hljóðvist frá svæðunum, að jafnvel þó miðað væri við þau mörk sem Heilbrigðiseftirlitið miðar við í skýrslu sinni, þ.e. 45 dB (sem er rangt viðmið), sýndu mælingar að við algjörar kjöraðstæður fyrir hljóð til að berast langar leiðir, að hávaði næði rétt yfir umrædd mörk. Þessar aðstæður eru nánast aldrei fyrir hendi. Þá er minnt á að opnunartími svæðanna nú þegar stuttur og einungis til lítils hluta ársins. Hávaði frá skotsvæðunum fer, með vísan til framangreinds, ekki upp fyrir mörk reglugerðar um hávaða enda ekki um íbúðarsvæði að ræða. Grenndaráhrif svæðanna hvað varðar hljóðvist, miðað við almennar reglur um hávaða, ríkjandi vindáttir og opnunartíma svæðanna er því ekki meiri en íbúar á slíkum svæðum verða almennt að þola. Minnt er á að skv. sömu reglugerð um hávaða er hávaði frá umferð á íbúðarsvæðum t.d. leyfður 55 dB og 65 dB við íbúðarhúsnæði á blönduðum svæðum. Með vísan til framangreinds eru að mati SKOREYNAR engar forsendur til þess að takmarka opnun skotsvæðanna á Álfsnesi miðað frá því sem núgildandi leyfi gerir ráð fyrir við endurnýjun þeirra. Engar breytingar hafi orðið á lögum og reglum sem réttlæti slíkar breytingar. Sé svo óskast það rökstutt ítarlega. Sú tillaga um opnunartíma sem kynnt er byggir á röngum



forsendum eins og gerð hefur verið grein fyrir að framan og gengur mun lengra um hvað varðar skerðingar en góðu hófi gegnir. Félagið telur hana ganga gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga. Ekkert í skipulagi né lögum og reglum um hávaða heimili slíkar takmarkanir. Félagið áréttar að með þessum tillögum um opnunartíma er verið leggja starfsemi félagsins niður og ónýta þær eignir og þá uppbyggingu sem félagið hefur staðið fyrir á svæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. SKOTREYNAR,
Lúther Ólason,
formaður.

Svör HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. Starfsemi skotvalla er starfsemi í skilningi laga nr. 7/1998. Hávaðamælingar fóru fram eftir þeim forsendum sem koma fram í mæliaðferðinni sem notuð var en þar er m.a. kveðið á að vindstyrkur skuli vera innan ákveðins styrks ella hefur vindurinn of mikil áhrif á mælinguna. HER mótmælir því að gengið sé gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga. HER framkvæmdi hávaðamælingar og var niðurstaða þeirra að hávaðamengun frá starfseminni var yfir mörkum eftir kl. 19 á daginn. Í ljósi þess að rlg. 724/2008 um hávaða gefur ekki uppviðmið fyrir þá landnotkun sem er þar sem mælingarnar fóru fram þurfti HER að gefa sér forsendur við túlkun á niðurstöðunum. Úr varð að miðað var við mörk fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði og var þá reynt að taka tillit til allra hagmunahóps og hvorki valin hæstu né lægstu viðmið sem er að finna í rlg. 724/2008.

4.31 Athugasemdir Gunnars Inga Gunnarssonar.

Mótmæli við tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Ég leyfi mér að mótmæla þeim skilyrðum sem sett eru um opnunartíma í tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllinn. Þau skilyrði fyrir leyfilegri opnun, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru allt of þröng og munu leiða til þess að starfsemi svæðisins mun líklega leggjast af með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Æfingar kunna þá að færast á óskipulögð svæði víða um borgalandið með tilheyrandi mengun, hættu og ónæði.

Meginþungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin og þá á milli kl. 18.00 og 22.00 þá daga sem opið hefur verið. Starfsemin hefur bara verið opin í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þrjúþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Í þriðja lagi er veiðitíminn nær eingöngu á haustin. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða.

Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrir en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum ekki fyrir en eftir kl. 18.00. Minnt er á að svæðið er í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði.

Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 22.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjú virku daga sem félagið hefur haft opið á sumrin.



Þann tíma má alls ekki skerða.

Í núverandi starfsleyfi er heimilt að hafa svæðið opið á sumrin alla virka daga frá kl. 10-22.00 og laugardaga frá 10-18.00 og á veturna frá 12-20.00 á virkum dögum og frá 12-18.00 á laugardögum. Í tillögum er opnunartíminn frá kl. 10-19.00 alla virka daga nema föstudaga og á laugardögum frá 10-16.00.

Með tillögunni eru í raun felldir niður 3 af fjórum tímum sem félagið getur raunverulega haft opið auk þess sem föstudagar eru felldir út og tíminn stytur á laugardögum. Engar forsendur eru til að ganga svo langt enda hafa lög og reglur ekki breyst frá gildandi starfsleyfi. Með slíkri skerðingu er gengið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Sérstakar athugasemdir eru gerðar við þau hávaðaviðmið sem notuð eru um hávaða frá svæðinu. Ekki er um að ræða íbúðarsvæði samkvæmt skipulagi, framkvæmd hávaðamælinga virðist ekki vera í samræmi við staðlaða aðferðafræði og túlkun niðurstaðna langt umfram meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Algjör forsenda er að félagið fái a.m.k. heimild til að hafa opið þrjá virka daga á sumrin til kl. 22.00 eða að lágmarki til 21.00 á kvöldin.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til greinargerðar félagsins frá 5. febrúar sl. og athugasemda félagsins.

Viðbót,

Ég vill benda á að jafnræðisregla er ekki viðhöfð er kemur tímaramma opnunartíma starfsleyfis. Bennt skal á að Skeet og Compact sporting eru íþróttagreinir sem eru stundaðar í flest öllum löndun í heiminum og einnig keppt á t.d. ólimpíuleikum en ástæða þess að íslendingar hafa sjaldan eða aldrei náð að keppa í þessum greinum er vegna takmarkana sem sett eru á starfsemi og æfingatíma skotfélaga. Skotfélögin sem starfa í Álsnesi eru íþróttafélög og með því að skerða æfingatíma félagana er verið að fara á skjön við jafnræðisregluna, því til að mynda knattspyrnufélög hafa svo gott sem óskerta heimild til æfinga. Það er engin munur á knattspyrnu eða skotíþróttum þegar kemur að íþróttagildinu. Bent skal á að fleirri hafa látist vegna knattspyrnuíðkunar eða orðið fyrir alvarlegum skaða heldur en í skotíþróttinni. Meiðsli í knattspyrnu eru meðal annars heilaskaði, skaði á auga, blæðing inn á heila, fótbrott, axlarbrott, handleggbrott en í skotíþróttinni engin meiðsli skráð nem þá kannski eymsli í óxl.

Ég skorá á alla sem að máli þessu koma að endurskoða ákvörðun sína varðandi starfsleyfi sem um er rætt með jafnræðisregluna í huga.

Virðingarfyllst,

Gunnar Ingi Gunnarsson

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryfjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma. HER gefur út starfsleyfi í samræmi við viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í viðaukanum er liður 88. Skotvellir sem er þarna skilgreind sem starfsleyfisskyld mengandi starfsemi og er útgáfa starfsleyfis á höndum heilbrigðisnefnda. Aðkoma Her að útgáfu starfsleyfis byggir ekki á íþróttagildi viðkomandi starfsemi. Þess má geta að íþróttahús, -vellir og –svæði eru einnig



starfsleyfis skyld samkvæmt liðum 52-54 í viðaukanum en þar er fyrst og fremst horft til hollustuhátta en ekki mengandi þátta.

4.32 Athugasemdir Guðmundar Lárussonar.

Ég vill nú byrja á að tala um þessa greinargerð frá Skotreyrn (Skotfélagi Reykjavíkur og nágrennis) til HER. Í þeirri greinargerð eru svo margar rangfærslur að ekki er mögulegt að fara yfir þær allar. Við öfum sterkar heimildir fyrir því að sá sem skrifaði þessa greinargerð er ekki sá sem skrifar undir hana, heldur Ívar Pálsson - fyrrverandi yfirlögfræðingur umhverfis og byggingarsviðs Reykjavíkur 2002-2005 á sama tíma og skotfélögin fengu úthlutuð þessi svæði á Álfsnesi. Ívar Pálsson var þá og er enn stjórnarmeðlimur Skotvís sem er samstarfsaðili Skotreyrn á Álfsnesi. Þar er talað um það í comment-kerfi á facebook síðu þeirra að Ívar Pálsson á heiðurinn af þessari greinargerð. Ég sel það ekki dýrara en ég keypti það. Það er að segja frá þeirra eigin félagsmeðlimum. Það voru ansi mörg brögð í tafla notuð til að troða þessum skotsvæðum þarna niður á sínum tíma. Þetta fór aldrei í deiliskipulag því allir vissu að þetta hefði aldrei getað farið í gegnum umhverfismat. Enginn var látinn vita - Þarna eru íbúðarhús og sumarhús, fólk með hesta og gríðarlega mikið fuglalíf áður en þessi skotsvæði mættu á svæðið. Í dag er þetta áframhaldandi martröð sem ætlar engan endi að taka. Reykjavíkurborg hefur keypt eignir fólks sem kvarta undan hávaða og selt aftur með kvöðum að ekki megi kvarta undan hávaða frá skotsvæðunum. Það hús var síðan selt aftur nokkrum árum síðar með 30 milljóna króna hagnaði. Nýjrir eigendur komu nýverið í fréttum og sögðust ekki geta svæft dóttur sína á kvöldin vegna hávaða frá skotsvæðunum en tóku fram að þau væru ekki að kvarta. Margir hafa flutt burt og þurft að selja eignir sínar langt undir markaðsvirði önnur hús eru komin í eyði, þar sem ólíft er að vera þar vegna hávaða. Einnig er mikilvægt að taka það fram að húseignir sem eru nálægt skotsvæðunum hafa einnig verið í stöðugu stríði við skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um alls kyns mál. Og hafa íbúar haft það á tilfinningunni að skipulagsfulltrúar hafa verið að reyna að bola þeim burt af svæðinu. Við létum verkfræðifyrirtæki Trivium sem sérhæfir sig í hljóðmælingum mæla hljóðmengunina frá skotsvæðunum á Álfsnesi eftir réttum mæliaðferðum við mælingar frá skotsvæðum. Þær mælingar sýndu fram á að hávaðamengunin er við og yfir heilsuspillandi hávaða. Spurningin er þessi. Hvernig getur HER gert hávaðamælingar öll þessi ár sem sýna að enginn hávaðmengun á sér stað frá skotsvæðunum á Álfsnesi þrátt fyrir endalausar kvartanir íbúa. svo mikill er hávaðinn að Reykjavíkurborg kaupir fólk burt og leggur kvaðir á hús þeirra að ekki megi kvarta undan hávaða.

Svarið er einfalt. HER hefur frá byrjun notað sænska mæliaðferðina Metod för immisionsmátning av externt industribuller sem er notuð til að mæla umferðarhávaða og hávaða frá atvinnustarfsemi, eins og Umhverfisstofnun Svíþjóðar og sérfræðingar í hávaðamælingum á Íslandi hafa allir sagt, þá er ekki hægt að nota þessa mæliaðferð til að mæla hávaða frá skotvöllum. Ástæðan er sú að mælarnir eru stilltir þannig að allir toppar detta út, mælast ekki. Þegar þú ert að mæla skothljóð þá ertu einungis að mæla toppa, þar sem skothvellir eru snöggur snarpir og endast í kringum eina sekúndu. (ef einhverjir vilja kynna sér þau mál, óskið eftir þeim hjá HER læt þau fylgja með)

HER hefur notist við mæliaðferðina Metod för immisionsmátning av externt industribuller frá byrjun, þó það stóð í reglugerð 933/1999 um hávaða **“Ef upp koma tilvik sem þessar reglur ná ekki yfir, skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna.** Það er furðulegt afhverju HER fór ekki eftir því regluverki sem þau áttu að styðjast við, sem hefði sýnt strax frá upphafi að hávaðamengunin er langt yfir hávaðamörkum og skotsvæðin hefðu aldrei fengið að vera á Álfsnesi. En nú þegar þessi gjörningur er kominn á yfirborðið af hverju er HER ennþá að notast við mæliaðferð sem allir vita og meira að segja hefur HER viðurkennt á íbúafundi, að þessi aðferð mælir ekki hávaðamengunina frá skotsvæðunum. (<https://vimeo.com/522517962>) (ef HER lætur ekki



link á video fylgja með getið þið óskað eftir því)

Árið 2008 lagði Umhverfisstofnun til þess að þessi reglugerð yrði brottfelld og í staðinn væri sett **“besta tækni” besta tækni“: sú tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri almennri vernd umhverfisins í heild.** Og héldu áfram að notast við Metod för immisionsmátning av externt industribuller. Sem er augljóslega ekki besta tækni og er það kannski ástæðan af hverju Umhverfisstofnun hefur ekki enn svarað lögfræðingi okkar, hvernig þeir álíta Metod för immisionsmátning av externt industribuller sem besta tækni til að mæla hljóðmengun frá skotsvæðunum. Eftir rúmlega 2 mánaða bið, hefur ekkert svar borist frá umhverfisstofnun. Einnig er skemmtilegt að benda á, að á þeim tíma var Áki Ármann Jónsson Sviðsstjóri Umhverfisstofnunar en er núna formaður Skotvís sem er samstarfsaðili Skotreyrn (skotfélag Reykjavíkur og nágrennis) á Álfsnesi. HER bendir á Umhverfisstofnun og segir að þeir leiðbeini þeim að notast við þessa aðferð.

Svar HER: Sjá inngangskafila HER og svör við athugasemdum A og D hér að ofan.

Einnig er athyglisvert að Umhverfisstofnun eru í samstarfi við Skotfélög á Álfsnesi þar sem öll verklegt skotvopna próf sem umhverfisstofnun sér um síðustu 14 ár eru tekin hjá skotfélagi á Álfsnesi. **“Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.”** En eru búinn að stuðla að því að menga ströndina og fjöruna í Kollafirði af blýi og hljóðmenga Kollafjörðinn á þann hátt að engin orð fá því lýst í 14 ár. HER hefur vitað af hættu af blýmengun í 14 ár á Álfsnesi. Eins og sjá má á pósti 1 jun 2007 hér að neðan.

Erindi ykkar vegna bráðabirgðaleyfis fyrir landsmót STÍ um helgina hefur nú verið lagt fyrir yfirstjórn Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og telur hún að ekki sé hægt að veita undanþágu fyrir notkun á haglabyssuskotvelli nema tryggt sé að blýhögl berist ekki í jarðveg sem ekki er hægt að hreinsa skv. kröfum í starfsleyfi. Til að undanþága verði veitt þyrftu að koma til aðgerðir til að hindra að blýhögl berist í jarðveg neðan við skotæfingasvæðið. Umhverfissvið Reykjavíkurborgar getur því ekki veit Skotfélagi Reykjavíkur undanþágu frá notkun á haglabyssuskotæfingasvæði í Álfsnesi fyrir umrætt landsmót og æfingar tengdar því, miðað við aðstæður eins og þær eru í dag. Frekari upplýsingar um þennan úrskurð sviðsins má fá hjá Erni Sigurðssyni sviðsstjóra Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eða Árnýju Sigurðardóttur skrifstofustjóra Heilbrigðiseftirlit og vöktunar hjá Umhverfissviði, í orn.sigurdsson@reykjavik.is, arny.sigurdardottir@reykjavik.is, eða í síma 411 8500. "

Svar Skotfélags Reykjavíkur 1 jún 2007

Komið hefur í ljós að embætti Borgarverkfræðings vissi af þessari kröfu Heilbrigðiseftirlits þegar árið 2003 þegar fyrir lá að setja ætti upp skotsvæðið á Álfsnesinu. Þrátt fyrir það var skotvöllum hnikað til svo koma mætti fyrir vélhjólbraut á sama svæði og við það færðust allir skotvellirnir nær sjó og þar með var svæði það sem hefði getað verið fyrir framan haglavellina og auðhreinsanlegt væri, orðið að óhreinsanlegri urð. Munar þar um 100 metrum sýnist okkur og því fór sem fór. Reyndar er með ólíkindum að nú rétt áður en átti að fara að prufukeyra svæðið vakna einhverjir í kerfinu við vondan draum og setja málið í þennan hnút sem orðinn er.

HER stingur síðan hausnum í sandinn og gefur út starfsleyfi - örugglega vegna þrýstings

Og 14 árum seinna lýsa furðu sinni á því að allt svæðið+fjara og sjór er full af blýi.

Og segja **“þetta kom okkur mjög á óvart”**

Ég tel það mjög óheppilegt að einstaklingar sem eru ekki kosnir eru settir í lykilstöður innan borgarinnar í sumum tilvikum **“for life”** Þessir einstaklingar stjórna borginni á bakvið tjöldinn og taka ákvarðanir sem hafa gríðarlegar alvarlegar afleiðingar fyrir borgarbúa og enginn veit hvaða fólk þetta er. Í svona litlu samfélagi eins og Ísland er, þá leiðir þetta til misbeitingu og vina



greiðum. Ekki er ég að segja að það eigi við um þetta mál, dæmi hver fyrir sig.

Hvað varðar þessa Greinargerð hjá Skotreyrn - þá vill ég byrja á að leiðrétta nokkur atriði - Skotreyrn segir að **Minnt er á að Reykjavíkurborg keypti sumarhús sem var næst svæðinu og seldi það aftur með kvöð um að kaupanda væri kunnugt um starfsemi skotsvæðanna. Eigendur þess húss hafi sent inn kvartanir. Kvartanir frá þeim eru þ.a.l. að engu hafandi.**

Leiðrétting - Reykjavíkurborg keypti hús/bæ sem heitir Skriða vegna kvartanna vegna hávaðamengun, sem endaði síðan í málaferlum. Skriða er íbúðarhús. Skriða er ekki beint á móti skotsvæðinu heldur undir Esjunni sirka 2.5km í burtu. Skriða hefur aldrei lagt fram kvörtun vegna hávaðamengun vegna kvaða um að ekki mætti kvarta undan hávaða frá skotsvæðum á Álfsnesi. Og veit ég til þess að lögfræðingar eru að fara ofan í kjölin hvort það séu mannréttindabrot - en það má bíða betri tíma.

Skotreyrn segir að **“Skotfélag Reykjavíkur er elsta íþróttafélag landsins, nú 154 ára”**

Skotfélag Reykjavíkur var skilgreint sem skotveiðiklubbur fyrir 154 árum síðan en ekki Íþróttafélag, í dag nota þeir mikið þessa yfirlýsingu elsta íþróttafélag Íslands sem er ekki rétt. Einnig er mikið talað um hversu marga meðlimi þeir hafa. Það er líka ansi villandi, samkvæmt ársreikningi hjá Skotfélagi Reykjavíkur eru þetta sirka 4000.000kr í greitt félagsgjöld ef pappírinn sem ég er með er réttur - og ef ársgjaldið er 21.000kr þá eru þetta sirka 200 meðlimir. Skotreyrn segir að **“Það er umhverfismál til að tryggja að veiðimenn séu ekki að æfa skotfimi út um allt með þeirri mengun sem alltaf fylgir slíkri starfsemi vegna notkunar skotfæra, hávaða og auðvitað leirdúfubrota.”**

Það er ekki hægt að finna óheppilegri stað en Álfsnes fyrir þessa starfsemi, sérfræðingar bæði hvað varðar hljóðmengun og mengun hafs og stranda hafa sagt okkur að þeim finnist með ólíkindum að Reykjavíkurborg skuli hafa úthlutað þetta svæði á sínum tíma. Skotfélögin eru þarna alveg niður í fjöru, skotstefna í norður í átt að Esjunni. Blý höglin lenda í fjörunni og sjónum og menga allt það svæði sem er grafalvarlegt mál og óhreinsalegt, einnig drepast 1 milljón fugla á ári í evrópu þegar þeir ruglast á steinum og blýhöglum sem þeir borða til að laga meltinguna, og þessi vík beint fyrir neðan skotfélögin er þekktur samkomustaður fugla í leit að æti og skjóls þegar illa veðrar. Hvað varðar hljóð þá beinast byssurnar beint í norður yfir sjóinn sem magnar upp hávaðann og eykur drægni sem síðan endurkastast frá Esjunni og bergmálar yfir allt svæðið. Það er fyrir neðan mína virðingu að ætla fara að rökræða um skipulagsmál við fyrrverandi yfirlögfræðing skipulags&byggingarsviðs Reykjavíkurborgar (ef hann skrifaði þessa greinargerð eins og félagsmeðlimir Skotreyrn halda fram) ég held að allir vita hér í Kollafirðinum bæði fólk sem býr hér eða hafa þurft að yfirgefa heimili sín þá eynd og martröð sem sá maður vill halda áfram að bjóða okkur íbúum, landeigendum, útivistarfólki og dýralífi upp á.

Hversu mikil völd vinagreidda fyrrverandi lykilmenn hjá borginni og umhverfisstofnun hafa í dag er nokkuð sem við þykjumst vita nokkuð vel og hjá hverjum. En við viljum virkilega þakka Ólafi Melsted verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa fyrir að kynna sér málin og vinna að heilum hug og láta ekki undan utanaðkomandi áhrifum. Það er mikil þörf á slíkum einstaklingum hjá Reykjavíkurborg. Og er það eiginlega með ólíkindum hversu fáir slíkir karakterar er að finna innan borgarinnar. Sorglegt.

Hvað varðar þetta starfsleyfi til tveggja ára frá HER

Þá hefur staðið í starfsleyfi Skotreyrn frá byrjun í

3.2 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana.

Enginn hljóðmön er fyrir framan skovellina hjá Skotreyrn á Álfsnesi og hefur aldrei verið - svo maður spyr sig hver er tilgangur með þessum reglum þegar enginn fer eftir þeim og ekkert eftirlit er með að lög eru framfylgt.



Svar HER: Staðsetning skotvalla var frá upphafi til bráðabirgða. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þarf að leiða vinnu, í samvinnu við skotfélögin, við að finna starfseminni nýja staðsetningu í samræmi við skipulag. Í ljósi þess að engar hávaðavarnir s.s. hljóðmanir eru til staðar og niðurstöðu hljóðmælingar HER haustið 2020 eru settar takmarkanir á opnunartíma frá því sem var til að draga úr áhrifum á áhrifasvæði starfseminnar.

1. Gildissvið og almenn ákvæði

1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu

Miðað við allt það blý sem Skotreyrn er búinn að dæla í fjörunni og sjóinn síðustu 14 ár og aldrei tilkynnt einum eða neinum - Þá sé ég ekki ástæðu að hafa þessa reglugerð heldur.

Lög 337. Mai 2004 - lög um varnir gegn mengun hafs og stranda segir -

Losun: Þegar vísitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljóttandi eða föstum efnum sem teng2. Og er blý þar nefnt.

Enginn hefur eða mun eflaust framfylgja þessari reglu frekar en öðrum reglum sem hér er nefnt að ofan.

6.5 Á fimm ára fresti skal mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist. Fyrsta mæling skal framkvæmd í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að starfsleyfisskilyrði þessi taka gildi. Mælist gildi þungmálma (antimon, arsen, kadmíum, kóbalt, króm, kopar, blý, mólýbden, nikkel, tin, vanadíum, og sink) yfir viðmiðunarmörkum fyrir hámarksgildi.

Allir vita og HER hefur sagt að aldrei hefur farið fram mælingar á þungamálmamengun í 14 ár svo til hvers að hafa þessa reglu.

Ég get fyllt út minnst 10 bls af reglugerðum sem enginn fer eftir og þar á meðal HER-en af fyrri reynslu þá veit ég að það er tilgangslaust.

Svar HER: Sjá svar við athugasemdum E hér að ofan.

4.33 Athugasemdir Sigríðar Ingólfssdóttur, Guðberg Grétars Birkissonar, Benjamíns Huga Guðbergssonar, Önnu Grétarsdóttur, Emmu Íren Egilsdóttur, Magnúsar Þ. Jónssonar, K. Linda Kristinsdóttur, Ragnheiðar J. Jónsdóttur, Arnórs Víkingssonar, Þorbjargar Gígju og Óttós B. Ólafssonar.

Reykjavík 06.04.2021

Athugasemdir v. útgáfu ætlaðs starfsleyfis Skotveiðifélags Reykjavíkur

(Skotreyrn) frá íbúum og landeigendum í Kollafirði

162 Reykjavík.

Óskað er þess að kennitölur og heimilisföng undirritaðra komi hvergi fram, m.a. í fundargerðum, né verði deilt til annarra vegna persónuverndar.

Íbúar og landeigendur við Kollafjörð gera athugasemdir við ætlaða útgáfu starfsleyfis Skotveiðifélags Reykjavíkur á Álfsnesi til tveggja ára.

Íbúar og landeigendur hafa látið í ljós óánægju sína með hávaða og fl. frá æfingasvæðinu árum saman bæði með tilkynningum og gegnum íbúaráð/hverfisráð. HER hefur að engu haft skrif íbúaráðs og íbúa en þrátt fyrir kvartanir var opnunartími skotsvæðanna lengdur 2015.

Íbúar eru langþreyttir á aðgerðar- og svarleysi og sjá því ekki tilgang kvartana.

Lögreglan hætti að taka á móti kvörtunum v. hávaða á seinni hluta ársins 2009. Því hættu íbúar kvörtunum til lögreglu.

Íbúar hafa flúið og selt hús- og landeignir sínar á undirverði vegna hávaðamengunar.



Á Íbúaráðsfundi Kjalarness sl. fimmtudag 11.02. segir starfsmaður HER að þau geti bara unnið eftir lögum og reglum. En ýmislegt er í lögum og reglum sem EKKI er unnið eftir. Það er rakið hér í þessu samhengi.

• Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið, þar af leiðandi hefur aldrei farið fram umhverfismat né kynning fyrir hagaðila/grenndarsamfélag vegna starfseminnar. Upphaflega var ráðgert að svæðið væri til tímabundinna afnota til ársins 2020.

Svar HER: Skipulagsfulltrúi fer með skipulagsvald og landnotkun í skipulagi, þ.m.t. að finna staðsetningu fyrir tiltekna starfsemi í samræmi við heimila landnotkun í skipulagi. Rétt er að ekki er til deiliskipulag fyrir það svæði sem starfsemin er staðsett á. Í 6. gr. rlg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir kemur fram að deiliskipulag þurfi ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar, sbr. VII, IX og X viðauka, enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun.

Íbúar sætta sig m.a. vegna þessa ekki við skotvellinga áfram í 2 ár.

• Rannsóknarskýrsla HER 2020. (Skjal 1)

Rannsóknaskýrslan var kynnt eftir nokkrar ítrekanir á Íbúaráðsfundi 11. 02.

2021 með fulltrúum HER . Athyglivert er að þrátt fyrir margítrekaðar athugasemdir HER í eftirliti (síðast í des. 2020) um rannsóknir á jarðvegsmengun sbr.

Hreinsun

Engin rannsókn á þungmálmamengun hefur verið framkvæmd á svæðinu síðan völlurinn var tekinn í notkun. Frávík: samkvæmt starfsleyfisskilyrðum gr. 2.1.2 skal á fimm ára fresti, í samræði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist.

Völlurinn hefur verið starfræktur í 15 ár.

Svar HER: Sjá svar við athugasemdum E hér að ofan.

Fram kemur í skýrslunni að reiknað meðaltal hagla á fermeter á skotsvæði Skotreyrnar sé allt upp að 2500 stykki. Hlutfall blýhagla af heildarfjölda 47%. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum.

Því er með öllu óskiljanlegt að enn hafi ekki farið fram mælingar á mengun í jarðvegi þegar rannsókn á hlutfalli blýhagla (sept 2020) er miklu hærri en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Upplýsingar þessar eru skráðar í eftirlitsskýrslum HER . Í þessari frá 2017 er eftirfarandi haft eftir Guðmundi Kristni Gíslasyni framkvæmdastjóra S.R.

Við haglabyssuvelli er mól á skotvöllum. Hljóðmanir eru úr jarðvegi og grasi. Brot úr leirdúfum eru um allt – brotin eru ekki týnd upp heldur er leirinn látinn brotna niður. Yfirborðsefni var ekki valið sérstaklega út frá hæfni þess til að binda þungmálma, (sbr. gr. 2.1.1 í starfsleyfisskilyrðunum) en Guðmundur sagði að nú væri orðið mjög lítið um blýhögl, þau væru einfaldlega orðin að mikið dýrari en stálhögl. Talið er að höglin lendi nær öll innan hljóðmana. Við skotsvæðin hefur verið komið föstum netum eða körfum undir skothylki. Völlum er lokað ef vindur fer yfir 15 m/s.

Nú er nýkomin reglugerð nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi, þannig að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að fá óháðan aðila til að gera þessu nauðsynlegu rannsókn strax. Að framangreindu ætti

að vera ljóst að Skotreyrn er ekki treystandi til að hafa eftirlit með sjálfu sér



Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svar við athugasemdum E hér fyrir ofan.

Hávaði. (skjal 4)

Í reglugerð um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit

nr. 550/2018 er í 3.gr. 4.c er eftirfarandi:

besta tækni: sú tækni sem er árangursríkust við að ná viðtækri, almennri vernd umhverfisins í heild.

Þegar skoðaðar eru hljóðmælingar úr rannsóknaskýrslunni og bornar saman við áður gerðar hljóðmælingar t.d frá 2007 ber mælingum ekki saman og er athyglivert að nú er ekki lengur mælt við sumarhús nálægt Móabergi sem þó hefur oftast mælst með hæstu hljóðgildin. (sjá skjal 2).

Trivium, fyrirtæki sem sérhæfir sig í hljóðmælingum innan- og utanhúss með bestu fánlegu tækni hefur einnig mælt sambærilegt hljóðstig og fram kom í mælingum frá 2007

Íbúar eru varla að kvarta yfir jafngildishljóðstigi Laeq, sem notað er við að mæla umferðarhávaða og þess háttar hljóðnið heldur yfir síendurteknum hljóðtoppum frá byssuskotum LCpeak sem mælast allt um og yfir 100 dB eða langt yfir hávaðamörkum við íbúðahús, fristundahús og útivistasvæði. Mælingarnar eru til, en því miður er ekki viðmið í reglugerð um skotvelli á Íslandi. Þær eru þó til og notaðar t.d. í Svíþjóð sbr. Allmänna rådet om buller från skjutbanor [till 2 kap. och 26 kap. 19 § miljöbalken] - Naturvårdsverket (naturvardsverket.se).

Esjan og nágrenni hennar eru- kyrrlát svæði til útivistar í dreifbýli – á hávaði ekki að fara yfir 40dB skv. 724/2008 4.gr.

Byssuskot eru ekki venjulegur hávaði heldur bæði ógnandi og kvíðavaldandi og á ekki heima hér í þessu umhverfi mönnum og dýrum til skaða í mörg undanfarin ár. Nú er komið nóg, því höfnum við áframhaldandi veitingu starfsleyfis Skotreyrn til 2ja ára.

Svar HER: Sjá inngangskafla HER og svör við athugasemdum A og D hér að ofan.

** Fjara, sjór og fuglar*

Ljóst er að talsvert magn haglaskota hefur bæði lent í fjörunni og hafnað í sjónum

Þetta var ekki fullrannsakað í rannsóknarskýrslunni þrátt fyrir vitneskju og ábendingar . Lífrikið býður skaða af en í næsta nágrenni eru alþjóðlega mikilvægar sjófuglabyggðir m.a. í Lundey og í Akurey sem friðlýst var 2019.

<https://www.arcgis.com/apps/Shortlist/index.html?appid=90c81aae26c44f899668f6df336ef828>

Á svæðinu eru varpstöðvar Lunda sem er á alþjóðlegum válista.

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

Í erlendum rannsóknum er bent á alvarlegar afleiðingar þess þegar fuglar ætla að borða sand en það reynast vera högl og leiða þá til dauða. Í Bretlandi er þetta mikið vandamál.

Bent er á að riffilskot geti náð í allt að 2ja km fjarlægð. Einnig er Kollafjörður skilgeindur sem “viðkvæmur viðtaki”. Ströndin var einnig hluti af ósnortinni strandlengju Reykjavíkur. Þrátt fyrir allt þetta hefur HER gert að tillögu sinni að Skotreyrn. fá áframhaldandi starfsleyfi til 2ja ára. Er ekki komið nóg ? Hve Hvernig verður hreinsun háttáð ? Löggin um mengun hafa og stranda nr.



33/2004 taka þó af öll tvímæli:Á

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Þá er það markmið laganna að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs.

2. gr. Gildissvið.

Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum, hér á landi, í lofthelgi ... 1) og í mengunarlögsögu Íslands, og hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

• **Eftirlitsskylda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í greinargerð með fyrirspurn Íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13.febrúar 2021 (sjá skjal nr. 3)**

Nr. 1 Sú breyting var að lengdur var opnunartími skotvallanna, þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir íbúa um hávaða.

Nr. 2 Eflaust fór fram samráð og það til skjalfest. En hvað var framkvæmt ?

Nr. 3 Nú er komin reglugerð nr. 1400/2020 og því ekkert að vanbúnaði til að framkvæma jarðvegsælingar strax.

Nr.4 Fram kemur endurtekið í eftirlitsskýrslum HER að leirdúfubrot (gætu innihaldið eitrefni) og skothylki séu ekki hreinsuð af svæðinu. Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi grein 2.2.1. hefur því ekki fylgt.

Nr.5 Þrátt fyrir 15 ára sögu Skotreyrn á svæðinu og skýr ákvæði í lögum um mengun sjávar.

Nr.6 Og... samt gerir HER tillögur að nýju starfsleyfi fyrir Skotreyrn

Nr.7 Er tilhlýðilegt af HER að gera tillögu að nýju starfsleyfi, þegar fyrri skilyrðum hefur ekki framfylgt ?

Samantekt athugasemda v. ætlaðrar útgáfu starfsleyfis Skotreyrn í Álfsnesi.

Eins og marg oft hefur komið fram eru íbúar og landeigendur orðnir langþreyttir á starfsemi skotvallanna og vísast til lista 40 undirskrifta sem afhentur var í des. 2019.

Með þessum rökum höfnum við ætluðu starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur til 2ja ára.

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svar við athugasemdum hér að ofan.

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur, fyrir skotvöll í Álfsnesi í grein: (skjal 5)

1.4. kemur fram “að starfsleyfið skuli endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út” Nú þegar er staðfest í rannsóknarskýrslunni að notkun blýs er langt umfram það sem búist var við.....SAMT er stefnt að áframhaldandi starfsemi.

1.6 Margítrekaðar ábendingar um úrbætur í eftirlitsskýrslum HER eru hundsáðar ásamt því að reglur þær sem að framan greinir eru brotnar/ eða framhjá þeim gengið

2.1. Það er marktækt sannað að notkun blýhagla hefur farið langt fram úr því sem hefur verið haldið fram. Því er ekki treystandi að svo verði ekki áfram



2.2. Engar mælingar hafa farið fram á eiturefnamagni í leirdúfum og leirdúfubrot ekki hreinsuð af svæðinu þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar HER

3.1. Vísað til umsagnar hér að ofan um hávaða.

3.3. Fram til þessa hafa þær aðgerðir Skotreyrn til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða litlu/engu breytt s.l. 13 ár sem fyrri starfsleyfi hafa sagt fyrir um.

4.1.2. hvernig á þetta ákvæði að virka ? Eiga íbúar að fylgjast með heimasíðum skotfélaganna hvort það sé keppni eða ekki. Lágmark að tilkynning sé send með 14 daga fyrirvara á Facebook síðu –Kjalarnes-. En ítrekað er við höfnum starfsleyfinu til 2ja ára.

4.1.3. Algjörlega hafnað. Hver á að fylgja því eftir hvort skotin séu með riffli eða riffli með hljóðdeyfi nú eða haglabyssu. Þótt íbúar séu orðnir fullreyndir í skothljóðum er ekki til þess að ætlast að við kunnum nánari skil þar á.

5. Þetta hefur allt verið í fyrri starfsleyfum, en því miður lítið uppfyllt skilyrði.

6.1. Fram til þessa ekki uppfyllt skilyrði

6.2. Getur ??? Hvert á að tilkynna slíkt ?

6.3. hefur verið uppfyllt.

6.4. Þetta er löngu fram komið ákvæði, en ekkert hefur verið gert.

6.5.á 5 ára fresti..???

Það er algjör krafa undirritaðra að ÁÐUR en ætlað nýtt starfsleyfi til Skotreyrn komi til endanlegrar afgreiðslu verði framkvæmdar jarðvegs mælingar sbr. 1400/2020 af óháðum aðila og niðurstöður kynntar m.a.okkur. Að ætla að skv. 6.5. að fyrsta mæling skuli framkvæmd í síðasta lagi 6 mánuðum EFTIR að starfsleyfisskilyrði þessi taka gildi er ótrúverðugt í meira lagi.

Að gerðar verði raunhæfar hljóðmælingar sem fari fram þegar nokkur starfsemi er á völlum, til að taka af allan vafa um mælingarnar og þær verði unnar af óháðum viðurkenndum aðila.

Við erum sammála umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skjal 6) að kanna þurfi til hlýtar aðrar staðsetningar fyrir starfseminna á höfuðborgarsvæðinu í sátt við mannlíf, dýralíf og náttúru.

Við erum ekki á móti félögum í Skotveiðifélagi Reykjavíkur og óskum félaginu betri aðstöðu til æfinga, í meiri og betri sátt við umhverfið.

Á svæði Skotreyrnar eru takmarkaðar hljóðmanir, skothvellir haglaskotanna háværir og höglin dreifast víða því er nokkuð magn í fjörunni og sjónum.

Engar varnir eru þar.

Skotvöllirnar eiga ekki heima á Álfsnesi og hafa aldrei átt m.t.t. skipulags. Ýmiskonar mengun á landi og sjó, talsverð áhrif á íbúa, börn koma grátandi inn "byssumennirnir eru ". Hestafólk lendir í vandræðum v. skothvella. Óvelkomin áhrif á vinsælu annars kyrrlátu útivistarsvæði.

Virðingarfyllt,

Svar HER: Starfsleyfisskilyrðin hafa verið endurskoðuð og notkun blýhagla bönnuð og opnunartími skotsvæðanna stytur frá því sem áður var. Skotreyrn er rekstraraðili og ábyrgðaraðili starfseminnar og ber félaginu að fylgja starfsleyfisskilyrðum. HER mun fylgja því eftir að svo verði.



REYKJAVÍKURBORG

Heilbrigðiseftirlit

Starfsleyfisráðgjafi fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt: 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisráðgjafi þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisráðgjafa heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.

1.2 Starfsleyfið gildir frá 04.05.2021 til 03.05.2023.

1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.

1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.

1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.

1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.

1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1.8 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskýrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

2.1 Notkun blýhagla er óheimil.

2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)

3. Hávaðavarnir

3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfseminni við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 724/2008 um hávaða.

REYKJAVÍKURBORG

Heilbrigðiseftirlit

3.2 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðísogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.

3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og



kostur er ónæði af völdum hávaða.

4. Opnunartími athafnasvæðis

4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:

4.1.1 Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.

4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum og 10-19 á laugardögum og sunnudögum. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.

4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.

5. Skráningar

5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:

5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.

5.1.2 Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

6.1 Allmenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.

6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.

6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.

6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst.

Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.

6.5 Á fimm ára fresti skal mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist.

Fyrsta mæling skal framkvæmd í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að starfsleyfisskilyrði þessi taka gildi. Mælist gildi þungmálma (antimon, arsen, kadmíum, kóbalt, króm, kopar, blý, mólýbden, nikkell, tin, vanadíum, og sink) yfir viðmiðunarmörkum fyrir hámarksgildi

REYKJAVÍKURBORG

Heilbrigðiseftirlit

fyrir landnotkun atvinnusvæðis (skv. reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg) skal tafarlaust tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um mögulegan mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

Samþykkt á xxx. fundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dd.mm.yyyy.

Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) barst á síðast liðnu ári umsókn frá Skotfélagi Reykjavíkur um endurnýjun starfsleyfis fyrir skotvöll félagsins að Álfsnesi. Dagana 3.-18. september 2020 fóru fram rannsóknir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi og voru þær liður í vinnslu nýrra starfsleyfisskilyrða auk þess sem rannsakaðar voru kvartanir sem borist hafa embættinu. Rannsókninni var skipt í tvennt.

Rannsóknir á blýmengun:

Forkönnun

Þann 3. september fór fram forkönnun á svæðinu og var þá svæðið sem nær frá enda skotbrauta og niður í fjöru gengið og jarðvegur skoðaður. Teknar voru myndir auk sýna af höglum. Niðurstöður þeirra skoðunar voru þær að talsvert magn af höglum var að finna í jarðvegi og var um að ræða bæði ný og gömul högl. Högl fundust á nokkuð stóru svæði og voru þau greinanleg í opnum jarðvegi sem er víða á svæðinu en erfðara var að greina högl í gróðri eða í fjörusandi þó að tilvist þeirra þar hafi verið staðfest. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum.



Mynd 1 sýnir dæmi um opinn jarðveg á svæðinu með greinilegum höglum á yfirborði

Talning á höglum í jarðvegi

Þann 18. september fór fram talning á höglum í jarðvegi. Eins og kom fram í forkönnun þann 3. september þá voru högl greinanleg í opnum jarðvegi en illgreinanleg annars staðar. Var því ákveðið að talning hagla færi fram með því að setja út talningareiti í opnum jarðvegi dreift á svæðinu og fjöldi hagla talinn á yfirborði. Reitum var reiti dreift um svæðið til að fá sem besta mynd af fjölda og dreifingu hagla á svæðinu og voru þeir í c.a. 100-150m fjarlægð frá hvoru skotsvæði. Niðurstöður voru aðgreindar milli skotsvæða.



Mynd 2 er yfirlitsmynd fyrir bæði skotsvæði. Vinstra megin er skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur og hægra megin er skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur. Sýnatökustaðir þar sem högl voru talin eru merktir með brúnum punkti.



	A	B	C	D	E
1	A1	B1	C1	D1	E1
2	A2	B2	C2	D2	E2
3	A3	B3	C3	D3	E3
4	A4	B4	C4	D4	E4
5	A5	B5	C5	D5	E5

Mynd 3 sýnir talningareit staðsettan á dæmigerðum sýnatökureit (vinstri) og hvernig reitum var gefið nafn (hægri)

Við talningar var settur niður rammi á hverjum sýnatökustað sem var 50 x 50 cm á stærð með innri reiti sem voru 10 x 10 cm (mynd 3). Við greiningu gagna fékk hver 10 x 10 reitur heiti. Mynd var tekin af hverjum ramma og staðsetning skráð og fjöldi hagla í hverjum 10 x 10 cm reit talinn. Við hvern sýnatökustað var einn 10x10 cm reitur valinn og höglum safnað í sýnapoka sem var merktur þeim reit til að nota við hlutfallsgreiningu á blýhöglum. Til að reikna út fjölda hagla á fermetra (m^2) var fjöldi talinna hagla í hverjum 10x10 cm reit margfaldaður með 100, (þ.e. 100 10x10 cm reitir eru 1



Tafla 3 sýnir reiknað meðaltal hagla á fermetra (m²) fyrir alla sýnatökustaði skipt eftir skotfélögum.

	Skotfélag Reykjavíkur (SR)	Skotveiðifélag Reykjavíkur (Skotreyrn)
Áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m ²)	589,3	1533,7
Staðalskekkja	103,2	282,8
Fjöldi sýna (n)	16	7

Talningar á höglum samantekt

Þegar áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m²) er skoðaður fyrir bæði svæðin sést að talsvert magn af höglum er að finna í jarðveginum við skotsvæðin en það var ekki óviðbúið. Greinilegur munur er á áætluðum fjölda hagla á fermetra (m²) milli skotsvæða. Rétt er að taka fram að aðstæður eru mismunandi milli skotsvæða og er að jarðvegsmön sem er við skotvöll Skotfélags Reykjavíkur (SR) taki stóran hluta af höglum sem þaðan berst. Við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyrn) er engin slík jarðvegsmön og sýnatökustaðir í beinni sjónlínu við skotsvæðið.



Mynd 4 sýnir drægni haglaskota ef miðað er við 250 m radius

Skv. upplýsingum frá skotsfélögum getur drægni haglaskota verið allt að 250 m frá skotstað og þar sem skotstefna beggja skotsvæða vísar út að sjó er víst að haglaskot berast niður í fjöruna neðan við skotsvæðin og var það staðfest í forkönnun HER á svæðinu.

Greining á hlutfalli blýhagla

Til fá hugmynd um hlutfall blýhagla á móti stálhöglum var ákveðið að senda högl til greiningar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem voru tekin í forkönnun þann 6. september á mismunandi stöðum á svæðinu.



m²) og áætlaður fjöldi hagla á fermetra fyrir sýnatökureitinn fenginn með því að reikna út meðaltal þessara 25 reita. Staðalskekkja við þessa útreikninga var reiknuð með eftirfarandi formúlu.

$$\text{Staðalskekkja} = \frac{\text{Staðalfrávik}}{\sqrt{n}}$$

Niðurstöður talninga hagla

Tafla 1 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermetur (m²) við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR).

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermetur (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
1	84	336	52
2	41	164	28
3	65	260	34
4	144	576	66
5	129	516	45
6	114	456	65
7	276	1104	87
8	99	396	50
9	101	404	45
10	15	60	26
11	69	276	39
12	145	580	68
13	150	600	54
14	429	1716	149
15	213	852	73
16	283	1132	136


Tafla 2 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermetur (m²) við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyri).

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermetur (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
17	52	208	42
18	400	1600	107
19	639	2556	168
20	503	2012	194
21	349	1396	128
22	534	2136	139
23	207	828	112

Niðurstöður talninga voru notuð til að reikna áætlaðan fjölda hagla á fermetur fyrir hvert skotsvæði og má sjá þær niðurstöður í töflu 3 hér að neðan.



HLUTFALL BLÝHAGLA Á MÓTI STÁLHÖGLUM



Hlutfall úr heildarfjölda greindra hagra

Mynd 5: Myndin sýnir hlutfall blýhagra af heildarfjölda í greiningu HER.

Samantekt rannsókna á hlutfalli blýhagra

Niðurstöður greiningar benda til þess að hlutfall blýhagra sé hærra en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Telur HER að verði blýhögl notuð á svæðinu í sama hlutfalli og niðurstöður sýna geti það valdið jarðvegsmengun.



Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Skoðuð voru massahlutföll frumefna í 33 höglum og reyndust 12 þeirra vera úr stáli en 21 þeirra úr blýi. Einnig var skoðað hvort að högl væru segulmögnuð og reyndust 10 af 12 stálhöglum taka segul en þau tvö sem ekki tóku segul voru ryðguð. Við skoðun reyndust engin blýhögl taka segul. Massahlutfall af blýi í höglum var nokkuð breytilegt en blýhögl innihéldu frá 76,9 til 92,48% en stálhögl innihéldu frá 0,6 til 8,6%. Niðurstöður greiningar eru meðfylgjandi sem fylgiskjal 1.

Niðurstöður greiningar HER á hlutfalli blýhagla

Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sýndu að fjöldi blýhagla var talsverður en einnig að blý var að finna í bæði stál- og blýhöglum í mis miklum mæli. Einnig sýndi rannsóknin að öll heilleg stálhögl væru segulmögnuð en blýhöglin ekki og var því hægt að greina í sundur högl með segli.

Tafla 4 sýnir þá talningareiti þar sem högl voru tekin til hlutfallsgreininga

Sýnatökureitur	Blýhögl tekin úr reit	Skotsvæði
1	A1	Skotfélag Reykjavíkur
2	B1	Skotfélag Reykjavíkur
3	C1	Skotfélag Reykjavíkur
4	D1	Skotfélag Reykjavíkur
5	E1	Skotfélag Reykjavíkur
6	A2	Skotfélag Reykjavíkur
7	B2	Skotfélag Reykjavíkur
8	C2	Skotfélag Reykjavíkur
9	A1	Skotfélag Reykjavíkur
10	B1	Skotfélag Reykjavíkur
11	C1	Skotfélag Reykjavíkur
12	D1 & D3	Skotfélag Reykjavíkur
13	E1	Skotfélag Reykjavíkur
14	A2	Skotfélag Reykjavíkur
15	B2	Skotfélag Reykjavíkur
16	C2	Skotfélag Reykjavíkur
17	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
18	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
19	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
20	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
21	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
22	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
23	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur

Eins og áður hefur komið fram var öllum höglum í einum reit á hverjum sýnatökustað safnað ogvoru högl hvers sýnis aðgreind með segli. Heildarfjöldi hagla var 200 og var hlutfall blýhagla af heildarfjölda um 47%. Ekki var talin ástæða til að greina sérstaklega mun á milli svæða Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðifélags Reykjavíkur hvað þetta varðar

3

Mæliskýrsla: Hljóðmælingar vegna skotæfingasvæðis Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi 12. júní 2007

Aðstæður og veður: Fyrirhugað skotæfingasvæði í Álfsnesi liggur hægra megin við urðunarstaðinn, niður að strönd Kollafjarðar. Mælt var á þremur stöðum; við sumarbústað sem stendur hinumegin við Kollafjörðinn, nálægt Móabergi; við smábýlið Skriðu undir Esjuhlíðum og við íbúðarhúsið Hvamm sem liggur neðan Vesturlandsvegur við hliðina á Sætúni.

Veður: Léttskýjað, hiti 11 stig, vindhraði 3 m/s, upp að 5 m/s í hviðum.

Mæliaðferð: Við mælingarnar var fylgt sænsku mæliaðferðinni *Metod för immisionsmätning av externt industribuller*. Við mælingarnar var notaður hljóðmælir af gerðinni Bruel & Kjaer 2250. Um mælingar sá Svava S. Steinarsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, viðstödd mælingu voru Anna Rósa Böðvarsdóttir heilbrigðisfulltrúi og Hilmar formaður Skotfélags Reykjavíkur.

Mæling nr. 1. Viðmiðunarmæling. Mælt var við sumarbústað sem stendur nálægt Móabergi. Sumarbústaðurinn er hinu megin við Kollafjörðinn, fyrir neðan Vesturlandsveg. Mælir stóð á grasi í garði við bústaðinn í um 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 11:30 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak	89,8 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax	51,2 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq	38,7 dB(A) => Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 2. Skotið úr 2 haglabyssum á skotæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 11:38 og stóð í 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá æfingasvæðinu og Vesturlandsvegi.

LCpeak	102,4 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax	76,3 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq	47,7 dB(A) => Jafngildishljóðsstig

(5 db sekt vegna högghljóðs hækka jafngildishljóðsstig í 52 dB(A))

Mæling nr. 3. Viðmiðunarmæling. Mælt var við íbúðarhúsið Skriðu undir Esjuhlíðum. Mælir stóð á grasi við hús í ca. 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 12:03 og stóð í tæpar 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak	93,1 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax	51,5 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq	41,5 dB(A) => Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 4. Skotið úr 2 haglabyssum á skotæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 12:10 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var umferð á Vesturlandsvegi og frá skotæfingasvæði.

LCpeak 95,1 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 55,0 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 42,4 dB(A) => Jafngildishljóðsstig
(5 db sekt vegna högghljóðs hækkar jafngildishljóðstig í 47 dB(A))

Mæling nr. 5. Viðmiðunarmæling. Mælt var íbúðarhúsið Hvamm sem er neðan við Vesturlandsveg, við hliðina á Sætúni. Mælir stóð á grasi við heimreið hússins, í um 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 12:30 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak 88,0 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 63,0 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 49,8 dB(A) => Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 6. Skotið úr 2 haglabyssum á skotæfingasvæði: Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 12:37 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak 103,9 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 74,4 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 49,0 dB(A) => Jafngildishljóðsstig
(5 db sekt vegna högghljóðs hækkar jafngildishljóðstig í 54 dB(A))

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi



Mynd 11 sýnir SP4 hljóðmæli uppsettan við Skriðu og Stekk

Niðurstöður hljóðmælinga:

Eftirfarandi eru niðurstöður ú hljóðmælingum sem fóru fram þann 15. september 2020 milli kl 13 og 16. Hiti var um 7 C° og vindur var undir 5 m/s á öllum mælistöðum.

Tafla 5 sýnir niðurstöður hljóðmælinga fyrir mælistaði

		Móaberg	Skriða/stekkur	Esjuberg	Hvammur	Esjuhliðar
Mæling 1 (riffilskot)	LAeq	44	45	51		
11:05 mín	LAfmax			60		
	LCeq	70	58	94		
Mæling 2 (haglaskot)	LAeq	45	49	49		
06:07 mín	LAfmax			55		
	LCeq	71	58	92		
Mæling 3 (riffilskot)	LAeq	47	49		47	
11:05 mín	LAfmax				60	
	LCeq	73	61		98	
Mæling 4 (haglaskot)	LAeq	46	51		47	
04:37 mín	LAfmax				59	
	LCeq	67	60		88	
Mæling 5 (riffilskot)	LAeq	46	51			50
10:44 mín	LAfmax					65
	LCeq	72	59			99
Mæling 6 (haglaskot)	LAeq	46	53			52
07:12 mín	LAfmax					61
	LCeq	70	59			97



Greinargerð með fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13. febrúar sbr. 9. lið fundargerðar s.d.

Spurningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi skotæfingasvæðin á Álfsnesi

Í fyrstu grein starfsleyfisskilyrða skotsvæðanna er talað um endurskoðun starfsleyfa ef mengun er meiri en búast má við af starfseminni.

Hefur þessi endurskoðun starfsleyfa farið fram í ljósi nýrra upplýsinga?

1 Svar: Ekki er ljóst í hvaða nýju upplýsingar er verið að vísa í fyrirspurninni en væntanlega er verið að vísa í skýrslu íbúa sem lögð var fyrir fund íbúaráðsins á fundi þess í desember 2019. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði hafa ekki verið endurskoðuð í ljósi upplýsinga í skýrslunni. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur hefur verið óbreytt frá útgáfu leyfisins. Gerð var breyting á starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi Skotveiðifélagsins árið 2015 og var sú breyting unnin í samræmi við þágildandi rg. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.a. hvað varðar auglýsingu á tillögu að breytingunni. Starfsleyfi fyrir starfsemi á skotvöllum renna nú í ár 2020 og á næsta ári 2021. Starfsleyfisskilyrði eru endurskoðuð í umsóknarferli vegna umsókna um endurnýjun leyfanna.

Í annarri grein en talað um að leggja yfirborðsefni til að binda þungmálma og samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um val efnis.

Hefur þetta samráð farið fram og er það til skjalfest?

2 Svar: Yfirborðsefni var ekki sérstaklega valið með tilliti til þess að binda þungmálama. Miðað var við að endurnýja yfirborðsefni, væri ástæða talin til, og farga því efni sem tekið yrði sem spilliefni. Samráð fór fram varðandi það og það er til skjalfest.

3 Einnig er þess getið að mæla hversu djúpt þungmálmar hafa borist og yfirborðsefni hreinsað áður en þungmálmamengun berst niður úr því.

Hafa farið fram mælingar á þungmálmum og PAH á skotæfingasvæðunum, og eru þessar upplýsingar aðgengilegar?

Svar: Mælingar hafa ekki farið fram. Þess ber að geta að í íslenskum lögum og reglugerðum er ekki að finna viðmið fyrir styrk efna í jarðvegi með tilliti til mengunar. Því er ekki ljóst hvernig túlka ætti eða nýta niðurstöður slíkra mælinga.

Hefur yfirborðsefni verið hreinsað og eru til staðfestingar á því?

4 Svar: Nei, það hefur ekki verið gert svo Heilbrigðiseftirlitið viti til.

Hafa farið fram athuganir á blýmengun í fjöru og sjó í nágrenni við skotæfingasvæðin og magn verið metið?

5 Svar: Nei, það hefur ekki verið gert.

Í grein 2.2 er talað um að takmarka útbreiðslu hávaða annarsvegar og hinsvegar að HER mun leita leiða til að meta hávaða eftir bestu fánlegu tækni.



Hafa þessar mælingar farið fram, eru upplýsingar um þær aðgengilegar ásamt lýsingu á staðsetningu og aðferðarfræðinni við að mæla hávaðamengun?

Svar: Hávaðamælingar fóru fram við undirbúning útgáfu starfsleyfa og skömmu eftir útgáfu starfsleyfa fyrir skotvöllina. Eftirlitsskýrslur voru gerðar í kjölfar mælinganna þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður. Skýrslurnar eru opinber gögn og hægt að fá afrit af þeim. Beiðni um skýrslur skal senda á netfangið heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is.

Hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fengið einhverjar vísbendingar um að hávaðamengun hafi valdið ónæði?

6 *Svar: Heilbrigðiseftirlitin hafa borist kvartanir frá opnun skotvallanna um ónæði vegna starfsemi á skotvöllum. Niðurstöður hávaðamælinga sem HER hefur framkvæmt hafa einnig gefið þær niðurstöður að ónæði geti stafað af starfsemi.*

Í 4 grein er talað um skráningu æfingatíma, áætlað magn blýs sem fellur á æfingavöllinn og fjölda og tegund leirdúfa.

Eru þessar skráningar til hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyri bæði svæðin?

7 *Svar: Skýrslur hafa borist frá skotfélögum fyrir flest ár en eitthvað vantar upp á skil. Við skoðun er ljóst að ekki eru fullnægjandi upplýsingar í öllum skýrslum.*

Starfsleyfi SR rennur út 11 mars næstkomandi, sér Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eitthvað því til fyrirstöðu að gefið verði út starfsleyfi til næstu 12 ára.

Svar: HER vill benda á að staðsetning skotvalla er skipulagsmál. HER leitar umsagnar skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemin samræmist skipulagi og eimungis að fenginni jákvæðri umsögn embættist skipulagsfulltrúa getur HER gefið út nýtt starfsleyfi. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis hefur borist HER og er hún í vinnslu hjá HER. HER mun leita umsóknar skipulagsfulltrúa vegna umsóknarinnar sem fyrr segir. Þess má geta að í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimild til útgefanda starfsleyfis til að framlengja gildistíma starfsleyfi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki í eitt ár, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. HER telur koma til greina að nýta þessa heimild hvað varðar starfsleyfi SR og að tíminn verði nýttur til rannsókna á mengun frá starfsemi. Niðurstöðurnar yrðu nýttar við endurskoðun starfsleyfis.



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt: 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennta starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá 04.05.2021 til 03.05.2023.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)

3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfseminni við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 724/2008 um hávaða.



- 3.2 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.

4. Opnunartími athafnasvæðis

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum og 10 -19 á laugardögum og sunnudögum. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Allmenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Á fimm ára fresti skal mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist. Fyrsta mæling skal framkvæmd í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að starfsleyfisskilyrði þessi taka gildi. Mælist gildi þungmálma (antimon, arsen, kadmíum, kóbalt, króm, kopar, blý, mólýbden, nikkell, tin, vanadíum, og sink) yfir viðmiðunarmörkum fyrir hámarksgildi



fyrir landnotkun atvinnusvæðis (skv. reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg) skal tafarlaust tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um mögulegan mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrir en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

Samþykkt á xxx. fundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dd.mm.yyyy.



Reykjavík 22. janúar 2021

Varðar: Álfsnes, ósk um umsögn vegna endurnýjunar starfsleyfis.

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 3. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir endurnýjun starfsleyfis í 12 ár.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá er svæðið skilgreint sem I2/H6/E5 Álfsnes, hafnar- og iðnaðarsvæði. Núverandi skotsvæði á Álfsnesi. Frá upphafi hefur umrætt svæði alltaf verið ráðgert til tímabundinna afnota, en en skv. gildandi aðalskipulag er gert ráð fyrir 20 ha hafnar- og iðnaðarsvæði fyrir lóðir undir hafnsækna og landfreka athafna- og iðnaðarstarfsemi. Jafnframt er gert yrði ráð fyrir hafnaraðstöðu við Kollafjörð vestast á svæðinu með landfyllingum og varnargörðum.

Skotveiðifélag Reykjavíkur hefur haft svæðið sem um ræðir til tímabundinna afnota undanfarin ár og hafa íbúar í nágrenni svæðisins látið í ljós óánægju sína með hávaða o.fl. frá æfingasvæðinu árum saman. Í ljósi þeirra ábendinga sem borist hafa og þeirrar óánægju sem ríkt hefur með núverandi staðsetningu svæðisins telur skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina s.s. opnunartíma og notkun á blýhöggjum samhliða því að kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrri skotæfingar á höfuðborgarsvæðinu.



Núverandi aðstæður skotsvæðisins á Álfsnesi, mynd tekin 2020.

Nýtt skotsvæði á nýjum stað yrði að byggjast upp sem framtíðar æfinga- og keppnissvæði fyrir þau skotfélög sem eru með starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Á nýjum stað þyrfti að setja viðeigandi skilyrði og takmarkanir á notkun svæðisins og þeirri starfsemi sem þar fer fram til að lágmarka neikvæð áhrif frá starfseminni. Jafnframt þyrftu allar öryggisreglur innan skotsvæðisins að uppfylla alþjóðlega staðla um öryggissvæði skotsvæða. Fyrirnefnda umhverfisþætti þarf að skoða vel þegar metnar eru nýjar tillögur að staðsetningu sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda og starfsemi á svæðinu. Forsenda fyrir staðarvaliyrðu m.a. skoðuð út frá eftirfarandi umhverfisþáttum: Hljóðvist, landslagi og sjónrænum þáttum, núverandi landnotkun og eignarhaldi, menningarminum, gróðurfari, náttúru og dýralífi, verndargildi, samgöngum o.fl.

Niðurstaða

Í ljósi ofangreinds þá er ekki mælt með því að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum sem fjölluðu um eftirfarandi þætti:

Skilyrt verði að opnunartími (heimilaður skottími) verði skertur talsvert umfram það sem er í dag, þannig að ekki eigi að hljóttast ónæði af og tekið sé fram að misbeiting á því geti varðar riftun á tímabundnu starfsleyfi.

Skilyrt verði í ljósi sjónarmiða um umhverfismengun og neikvæðum áhrifum á vistkerfið að blýnotkun verði ekki heimil á þessu tímabili.

Skilyrt verði að svæðið sé vaktað með reglubundnum hætti af HER eða óháðum aðila og þá jafnframt m.t.t. hljóðmengunar og opnunartíma.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson, Ólafur Melsted.

Reykjavík 06.04.2021

Athugasemdir v. útgáfu ætlaðs starfsleyfis Skotveiðifélags Reykjavíkur
(Skotreyn) frá íbúum og landeigendum við Esjurætur.

Virðingarfyllt

Sigríður Ingólfssdóttir
Ludvigur Benediktsson
Þurgrímur Arngrímsson
Anna Kristín Bláttún
Emma Þurgrímsdóttir
Marius Þ. Jónsson.
K. Linda Kristín Bláttún
Ragnveigur J. Jónsson
Anna Vínungsson
Þorbjörg Guðjónsdóttir
Ólafur B. Ólafsson



4.34 Athugasemdir Péturs Jökuls Hákonarsonar og Perlu Maríu Jónsdóttur.

Við mótmælum starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur og nágrennis til tveggja ára á Álfsnesi. Hávaðamengunin sem kemur frá skotsvæðunum er ólíðandi. Hér býr fólk með hesta og hunda, einnig bergmála skothvellirnir í Esjunni þar sem reiðleiðir liggja. Fyrir utan skert lífsgæði vegna hávaða, þá er þetta einnig hættulegt þar sem slys geta orðið á fólki þegar hestar fælast við hávaða frá skotvöllum á Álfsnesi. Nú er loksins verið að breyta Vesturlandsveginum og gera göng undir veginn sem tengjast reiðleiðum meðfram Esjunni. Þessi skotfélög verða að fara sem allra fyrst. Fólk er búið að fá meira en nóg.

Pétur Jökull Hákonarson

Perla María Jónsdóttir

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A, B, C, D og E..

4.35 Athugasemdir Birnu Smith.

Ég mótmæli harðlega starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur og nágrennis til tveggja ára. Það er erfitt að ímynda sér að Reykjavíkurborg geti yfirtekið eignir fólks með mengun á þennan hátt. Mín eign er búin að vera í gíslingu hjá Reykjavíkurborg í á annan áratug vegna hávaðamengunar og enginn gerir neitt. Maður er bara orðlaus yfir þessu, hvernig er þetta hægt? Ég hef hvorki getað notið eignarinnar, leigt hana né selt. Hver ætlar að bæta mér upp þetta andlega og veraldlega tjón sem hefur verið þröngvað uppá mig? Hvernig er hægt að halda því fram að það sé engin hávaðamengun frá skotsvæðunum, þegar allir sem eiga eignir þarna nálægt, hafa nánast þurft að flýja svæðið? Það er aðeins fræðilegur möguleiki að nýta eignir sínar með því að vera inni í húsi með sjónvarpið hátt stillt.

Það er greinilegt að það er einhver spilling þarna í gangi, annað kemur ekki til greina. Það er greinilegt að eina leiðin hjá okkur er að fara með þetta í fjölmiðla eða dómsmál því Reykjavíkurborg tekur ekki tillit til neinna kvartana og mannréttindabrot viðist þeim eðlilegur hlutur.

Virðingarfyllst.

Birna Smith

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A, B, C, D og E að svo miklu leyti sem þær ná yfir athugasemdirnar.

4.36 Athugasemdir Magnúsar Más Adolfssonar.

Skotreyrn hefur árum saman byggt upp og verið leiðandi í Compak Sporting á Íslandi, Skotreyrn rekur í dag stærsta og flottasta Compak svæði landsins, svæðið er annað af tveimur fjögurvalla svæðum á landinu, hitt svæðið er rekið af Skotfélagi Akukreyrar (SKOTAK). Félagar í Skotreyrn eru vel á annað þúsund talsins, félagar greiða árgjald sitt og hafa aðgang að þjónustu félagsins í staðinn, þeir mæta á opnunartíma og æfa sína íþrótt, bæði sem keppnisfólk og ekki síður sem veiðimenn. Félagið er nánast undantekningarlaust fyrsta stopp fólks eftir skotvopnanámskeið og skotvopnaleyfi.

Tillögur HER að breyttum opnunartíma á svæði Skotreyrnar eru algjörlega óviðunandi og óaðgengilegar, verði þessar breytingar að veruleika mun Compak Sporting íþróttin að miklu leiti leggjast af á Íslandi. Önnur skotsvæði á suðvesturhorni landsins eru einfaldlega ekki nógu stór til að taka á móti þeim fjölda félagsmanna sem eru í Skotreyrn sem þýðir væntanlega að fólk mun leita aftur á í malagryfjur og önnur slík opin svæði í kringum borgina til að sinna sínu áhugamáli, slíkt væri mikil afturför. Það hlýtur að teljast mikill ábyrgðahluti að samþykkja slíkar tillögur sem HER hefur sett fram án þess að huga að lengri tíma áhrifum eða leita samráðs við félagið um mögulegar lausnir og framtíðarsýn fyrir skotíþróttir á Íslandi.



Það er öllum ljóst sem að málinu koma að tillögur að breyttum opnunartíma eru algjörlega óaðgengilegar fyrir félagsmenn Skotreyrnar. Miðað við veðuraðstæður á Álfsnesi, birtuskilyrði á Íslandi yfir haust og vetrarmánuði, hlýtur opnunartími í núverandi starfsleyfi og nýting félagsins á þeim opnunartíma að teljast í hóflegur.

Ég mótmæli því hér með tillögum um skilyrði fyrir starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi.

Ég leyfi mér að mótmæla þeim skilyrðum sem sett eru um opnunartíma í tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir skotvöllinn. Þau skilyrði fyrir leyfilegri opnun, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru allt of þröng og munu leiða til þess að starfsemi svæðisins mun líklega leggjast af með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Æfingar kunna þá að færast á óskipulögð svæði víða um borgalandið með tilheyrandi mengun, hættu og ónæði.

Meginþungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin og þá á milli kl. 18.00 og 22.00 þá daga sem opið hefur verið. Starfsemin hefur bara verið opin í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þrjúþætt. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Í þriðja lagi er veiðitíminn nær eingöngu á haustin. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða.

Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrr en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum ekki fyrr en eftir kl. 18.00. Minnt er á að svæðið er í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði.

Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 22.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjú virku daga sem félagið hefur haft opið á sumrin. Þann tíma má alls ekki skerða.

Í núverandi starfsleyfi er heimilt að hafa svæðið opið á sumrin alla virka daga frá kl. 10-22.00 og laugardaga frá 10-18.00 og á veturna frá 12-20.00 á virkum dögum og frá 12-18.00 á laugardögum. Í tillögum er opnunartíminn frá kl. 10-19.00 alla virka daga nema föstudaga og á laugardögum frá 10- 16.00.

Með tillögunni eru í raun felldir niður 3 af fjórum tímum sem félagið getur raunverulega haft opið auk þess sem föstudagar eru felldir út og tíminn styttr á laugardögum. Engar forsendur eru til að ganga svo langt enda hafa lög og reglur ekki breyst frá gildandi starfsleyfi. Með slíkri skerðingu er gengið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Sérstakar athugasemdir eru gerðar við þau hávaðaviðmið sem notuð eru um hávaða frá svæðinu. Ekki er um að ræða íbúðarsvæði samkvæmt skipulagi, framkvæmd hávaðamælinga virðist ekki vera í samræmi við staðlaða aðferðafræði og túlkun niðurstaðna langt umfram meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Algjör forsenda er að félagið fái a.m.k. heimild til að hafa opið þrjú virka daga á sumrin til kl. 22.00 eða að lágmarki til 21.00 á kvöldin.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til greinargerðar félagsins frá 5. febrúar sl. og athugasemda félagsins.



Virðingarfyllst,

Magnús Már Adólfsson Ritari stjórnar Skotreyrna

Svar HER: Sjá inngangskafli HER og svör við athugasemdum A hér að ofan. HER tekur undir að það væri miður ef æfingar skotveiðimanna færust í malarnámur og gryfjur. Félagsmenn standa frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttum opnunartíma. HER vekur athygli á því að Skotreyrn er rekstraraðili starfseminnar en HER er eftirlitsaðili. Með því að segja að HER eigi að hafa frumkvæði að því að leita að lausn mála vegna skotsvæðisins er verið að snúa hlutverkum við og færa ábyrgð á starfseminni yfir á HER. Skotreyrn sem rekstraraðila ber ábyrgð á starfseminni og það er félagsins að leita lausna á málum er snúa að starfseminni t.d. hvað varðar hávaða- og mengunarvarnir, sbr. ákvæði í starfsleyfisskilyrðum og eiga samráð við HER um þær lausnir. HER hefur verið og er ávallt tilbúið að funda um tillögur félagsins um úrbætur í hávaða og mengunarvörnum. Einnig er bent á að núverandi staðsetning hefur frá upphafi verið hugsuð til bráðabirgða og þarf félagið að eiga viðræður við skipulagsfulltrúa um framtíðarlausn fyrir starfsemina og það sem allar fyrst til að flýta fyrir ásættanlegri lausn.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis tekin fyrir á 1533. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 4. maí 2021 og samþykkt að gefa úr starfsleyfi fyrir starfsemina til 4. maí 2023.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 21. maí 2021.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Rósa Magnúsdóttir

Deildarstjóri Umhverfiseftirlits



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennitur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt: 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá 04.05.2021 til 03.05.2023.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (picyclic aromatic hydrocarbons)

3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfseminni við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 724/2008 um hávaða.



- 3.2 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.

4. Opnunartími athafnasvæðis

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum og 10 -19 á laugardögum og sunnudögum. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Allmenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Á fimm ára fresti skal mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist. Fyrsta mæling skal framkvæmd í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að starfsleyfisskilyrði þessi taka gildi. Mælist gildi þungmálma (antimon, arsen, kadmíum, kóbalt, króm, kopar, blý, mólýbden, nikkell, tin, vanadíum, og sink) yfir viðmiðunarmörkum fyrir hámarksgildi



fyrir landnotkun atvinnusvæðis (skv. reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg) skal tafarlaust tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um mögulegan mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrir en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.